


Stefna í almannavarna- og öryggismálum ríkisins 2015–2017

Almannavarna- og öryggismálaráð



Innanríkisráðuneytið, júní 2015

Samþykkt af almannavarna- og öryggismálaráði, 24. júní 2015

EFNISYFIRLIT

Inngangur	5
I. ALMANNAÖRYGGI	9
Skilgreining á hugtakinu almannaöryggi	9
Þingsályktanir um almannaöryggi	9
Markmið og megináherslur	11
Kostnaður vegna aðgerða	12
II. ALMANNAVARNIR – SKIPULAG OG MEGINVERKEFNI	13
Sviðsábyrgð	13
Lykilstofnanir í viðbragðskerfi almannavarna	13
Ráðuneyti og stofnanir	15
Sveitarfélög	15
Einkaaðilar	15
Hjálparlið almannavarna	15
Aðgerð 1. Samhæfingarstarf almannavarnadeildar ríkislögreglustjórans	18
1. Fyrir hamfarir	19
Hættumat - Áhættugreining	19
Áhættuþættir	20
1. Áhættuþættir af náttúruvöldum	20
2. Áhættuþættir af mannavöldum	21
3. Áhættuþættir vegna tæknilegra bilana	22
Aðgerð 2. Hættumat og áhættugreining	22
2. Mótvægisáðgerðir – Áhættuminnkun	23
3. Viðbúnaður – Samstarf og samhæfing	23
Aðgerð 3. Þjálfun og fræðsla	24
Samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna	24
Viðbragðsáætlanir	25
Aðgerð 4. Gerð viðbragðsáætlana	26
Aðgerð 5. Endurskoðun álagsforsaða á mannvirki	26
Aðgerð 6. Vernd mikilvægra menningarverðmæta	27
4. Viðbragð	27
Viðvaranir og rýming	29
Upplýsingamiðlun	29
Björgun mannslífa	30
Aðstoð við að takmarka tjón	30
Aðgerð 7. Uppbygging samhæfingarstöðvar	30
Aðgerð 8. Uppbygging aðgerðastjórnstöðva	31
Aðgerð 9. Yfirlýsingar um almannavarnaástand	31
Aðgerð 10. Velferð fólks á hættutímum	32
Aðgerð 11. Alþjóðleg aðstoð vegna neyðaraðgerða hérlendis	32

Aðgerð 12. Aðstoð við Íslendinga erlendis á hættusvæðum	33
5. Eftir hamfarir	33
Endurreisn.....	33
Endurmat	33
Aðgerð 13. Endurreisn.....	34
Aðgerð 14. Endurmat eftir aðgerðir.....	34
III. VERND MIKILVÆGRA INNVIÐA SAMFÉLAGSINS.....	35
Fjarskipti, net- og upplýsingaöryggi	36
Aðgerð 15. Fjarskipti, net- og upplýsingaöryggi	37
Aðgerð 16. Innviðir mælikerfa til eftirlits og rannsókna.....	38
Orka.....	39
Aðgerð 17. Raforkukerfi.....	39
Aðgerð 18. Hitaveitur.....	40
Aðgerð 19. Jarðefnaeldsneyti	41
Heilbrigðisþjónusta.....	41
Aðgerð 20. Heilbrigðisþjónusta.....	42
Matvæla-, fæðu- og neysluvatnsöryggi.....	42
Aðgerð 21. Fæðuöryggi.....	43
Aðgerð 22. Matvælaöryggi	44
Aðgerð 23. Neysluvatnsöryggi.....	44
Viðbúnaðar- og neyðarþjónusta	45
Aðgerð 24. Viðbúnaðar- og neyðarþjónusta	45
Samgöngukerfi.....	46
Aðgerð 25. Samgöngukerfi á sjó	47
Aðgerð 26. Samgöngukerfi á landi.....	48
Aðgerð 27. Samgöngukerfi í lofti	49
Æðsta stjórn ríkisins	50
Aðgerð 28. Öryggi æðstu stjórnar ríkisins.....	51
Fjármálakerfi.	51
Aðgerð 29. Fjármálakerfi	52
IV. LÖGGÆSLA OG ÖRYGGISMÁL	53
Aðgerð 30. Efling löggæslu	53
Aðgerð 31. Aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi.....	54
Aðgerð 32. Viðbrögð vegna stórfelldra ofbeldisglæpa og skemmdarverka.....	55
Aðgerð 33. Peningaþvætti	55
Aðgerð 34. Aðgerðir gegn mansali	56
Aðgerð 35. Landhelgisgæsla	56
Aðgerð 36. Öryggi í fangelsum	57
Aðgerð 37. Landamæravarsla	57
Aðgerð 38. Vöktun, viðbragð, leit og björgun	58
Aðgerð 39. Geislavöktun og skimun	58

Aðgerð 40. Aðgerðir vegna sýkla-, eiturefna- og geislavár	59
V. EFTIRFYLGNI OG ENDURMAT	60
Aðgerð 41. Eftirfylgni og endurmat	60
Aðgerð 42. Endurskoðun laga um almannavarnir	60
Yfirlit aðgerðaáætlana, ábyrgð og verkefnastjórn	62
Heimildaskrá.....	65
Fylgiskjöl	68
Fylgiskjal 1. Samantekt úr helstu skýrslum	68
Áhættuskoðun almannavarna 2011.....	68
Skýrslur greiningardeildar ríkislögreglustjóra	68
Áhættumatsskýrsla fyrir Ísland	69
Niðurstöður „22. júlí nefndarinnar“ vegna hryðjuverkanna í Noregi	70
Fylgiskjal 2. Viðbragðsáætlanir	71
Fyrirliggjandi áætlanir.*	71
Viðbragðsáætlanir í vinnslu:	71
Fylgiskjal 3. Lög um almannavarnir nr. 82/2008	73
Fylgiskjal 4. Alþjóðlegt samstarf.....	83
Norðurlandasamstarf.....	83
Evrópusamstarf.....	83
Atlantshafsbandalagið (NATO).....	83
Interpol.....	83
Sameinuðu þjóðirnar.....	83
Fylgiskjal 5. Stofnanir og félagasamtök	84
Lögreglan	84
Lögreglustjórar	84
Ríkislögreglustjóri.....	84
Landhelgisgæsla.....	87
Vaktstöð siglinga.....	90
Póst- og fjarskiptastofnun.....	90
Neyðarlínan ohf.....	91
Samgöngustofa.....	91
Landlæknir – Sóttvarnalæknir.....	92
Geislavarnir ríkisins.....	92
Veðurstofa Íslands	93
Umhverfisstofnun	94
Matvælastofnun.....	94
Björgunarsveitir	94
Rauði krossinn á Íslandi	94

Inngangur

Almannavarna- og öryggismálaráð markar stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum til þriggja ára. Í 3. grein laga nr. 82/2008 um almannavarnir segir:

Stefna stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum skal mörkuð af almannavarna- og öryggismálaráði til þriggja ára í senn. Í almannavarna- og öryggismálastefnu stjórnvalda skal gera grein fyrir ástandi og horfum í almannavarna- og öryggismálum í landinu, fjalla um áhersluatriði varðandi skipulag almannavarna- og öryggismála, forvarnarstarf, nauðsynlega samhæfingu á efni viðbragðsáætlana og starfsemi opinberra stofnana á því sviði, sbr. VI. kafla laga þessara, nauðsynlegar birgðir til þess að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar á hættutímum, endurreisn eftir hamfarir og aðrar aðgerðir sem ráðið telur nauðsynlegar til þess að markmið laga þessara náist.

Á fundi Almannavarna- og öryggismálaráðs í júní 2009 fól ráðið ráðherra¹ (þá dóms- og kirkjumálaráðherra) í samvinnu við hlutaðeigandi aðila að undirbúa drög að stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum til þriggja ára, í samræmi við ákvæði 3. gr. almannavarnalaga nr. 82/2008, er lögð verði fyrir almannavarna- og öryggismálaráð til samþykktar.

Stýrihópur hafði yfirumsjón með gerð stefnu þessarar og voru tilnefndir tengiliðir frá ráðuneytum og stofnunum vegna samningar stefnunnar. Þá var aflað umsagna í opnu samráðsferli. Ný drög að stefnu voru send tengiliðum til umsagnar og athugasemda áður en stefnan var lögð fyrir almannavarna- og öryggismálaráð.

Afrakstur stefnumótunarinnar birtist í þessari stefnu sem inniheldur megináherslur fyrir málefnasvið ásamt 42 aðgerðum. Stefna almannavarna- og öryggismálaráðs fyrir árin 2015–2017 miðar að því að tryggja heildaryfirsýn yfir áhættuþætti og aðgerðir sem nauðsynlegar þykja á sviði almannavarna, málefna sem varða öryggi samfélagsins í víðu samhengi og stuðla að markvissum og samhæfðum viðbrögðum. Þannig samþættast markmið og aðgerðir sem fram koma í þessari stefnu við aðrar áætlanir, svo sem löggæslu-, landhelgisgæslu- og landamæraáætlun og aðgerðaáætlun gegn mansali. Í aðgerðaáætlunum stefnunnar er megináhersla á samhæfingu og að þarfrá frá almannavarna- og öryggissjónarmiði séu skilgreindar. Til þessara þarfa getur síðan þurft að taka tillit við framkvæmd annarra verkefna og áætlana, t.d. fjarskiptaáætlunar.

Stefna stjórnvalda tekur til áhættumats, viðbúnaðar og viðbragða gagnvart margvíslegum þáttum sem ógnað geta samfélagslegu eða borgaralegu öryggi (hér eftir nefnt almannaöryggi). Áherslur í almannavarna- og öryggismálum miða að því að tryggja öryggi borgaranna gagnvart ógnum og tryggja svo sem kostur er að viðbragðskerfið sé vel skipulagt, sveigjanlegt og samhæft svo unnt sé að bregðast við ólíkum aðstæðum vegna mismunandi ógna, staðbundinna sem hnattrænna, fyrirsjáanlegra sem ófyrirsjáanlegra.

Helstu heimildir við gerð stefnunnar voru áhættuskoðun almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra frá 2011, samþykktir almannavarna- og öryggismálaráðs frá 2009, matsskýrslur greiningardeildar ríkislögreglustjóra á sviði löggæslu- og öryggismála og áhættumatsskýrsla utanríkisráðherra frá 2009. Þá var jafnframt stuðst við þingsályktanir sem varða almannaöryggi.

¹ Með „ráðherra“ er í þessu stefnuskjali átt við þann ráðherra sem fer með málefni almannavarna.

Samantekt

Almannavarna- og öryggismálaráð setur stjórnvöldum stefnu til þriggja ára sem miðar að því að íslenskt samfélag sé öruggt samfélag.

Í stefnunni er gerð grein fyrir ástandi og horfum í þessum málum, fjallað um áhersluatriði varðandi skipulag almannavarna- og öryggismála, forvarnarstarf, nauðsynlega samhæfingu á efni viðbragðsáætlaða og starfsemi opinberra stofnana á því sviði, nauðsynlegar birgðir til að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar á hættutímum, endurreisn eftir hamfarir og aðrar aðgerðir sem ráðið telur nauðsynlegar til að ná því markmiði að tryggja öryggi landsmanna sem best.

Samfélagið tekur örum breytingum, m.a. vegna tækniþróunar, loftlagsbreytinga og alþjóðavæðingar, og skilningur á ýmsum þáttum sem hafa áhrif þjóðaröryggi er í stöðugri þróun. Afleiðingar og áhrif þessara þátta þarf að meta á hverjum tíma. Sumt er fyrirsjáanlegt, annað ekki.

Í stefnu almannavarna- og öryggismálaráðs er leitast við að bregðast við þeim ógnum og áhættuþáttum sem kunnir eru og á mati á því hvernig þeir muni þróast. Stefna ráðsins er bæði skýr og sveigjanleg til að greiða fyrir því að viðbrögð stjórnvalda við ógnum á hverjum tíma verði skilvirk og áreiðanleg. Aðgerðir gegn mögulegum öryggisógnum felast í því að styrkja mótvægisáðgerðir og lágmarka tjón.

Á grundvelli heildarmats á fyrirbyggjandi áhættumatsskýrslum og áhættumatsskoðunum af margvíslegum toga er stefna almannavarna- og öryggismálaráðs byggð á þremur meginþáttum:

- **Almannavarnaviðbrögð:** Við allar neyðaraðstæður verði byggt á sama viðbragðskerfi almannavarna og að þar gegni samhæfingar- og stjórnstöðin við Skógarhlíð lykilhlutverki. Þróaðar verði samhæfðar viðbragðsáætlanir stjórnvalda.
- **Mikilvægir samfélagsinnviðir:** Tryggja ber öryggi og virkni kerfa sem eru nauðsynleg fyrir starfsemi samfélagsins og efnahag.
- **Löggæsla og öryggismál:** Öryggi einstaklinga og þjóðfélagshópa verði tryggt svo sem kostur er gagnvart margvíslegum ógnum af mannavöldum, eða vegna náttúruafla.

Innan hvers þáttar eru aðgerðaráætlanir sem stuðla eiga að því að markmið stefnunnar nái fram að ganga.

Aðgerðaáætlanir almannavarna- og öryggismálaráðs 2015–2017

ALMANNAVARNIR – SKIPULAG OG MEGINVERKEFNI
1. Samhæfingarstarf almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra
Fyrir hamfarir
2. Hættumat og áhættugreining
Viðbúnaður – Samstarf og samhæfing
3. Þjálfun og fræðsla
4. Gerð viðbragðsáætlana
5. Endurskoðun álagsforsenda á mannvirki
6. Vernd mikilvægra menningarverðmæta
Viðbragð
7. Uppbygging samhæfingarstöðvar
8. Uppbygging aðgerðastjórnstöðva
9. Yfirlýsingar um almannavarnaástand
10. Velferð fólks á hættutímum
11. Alþjóðleg aðstoð vegna neyðaraðgerða hérlandis
12. Aðstoð við Íslendinga erlendis á hættusvæðum
Eftir hamfarir
13. Endurreisn
14. Endurmat eftir aðgerðir
VERND MIKILVÆGRA INNVIÐA SAMFÉLAGSINS
Fjarskipti, net- og upplýsingaöryggi
15. Fjarskipti, net- og upplýsingaöryggi
16. Innviðir mælikerfa til eftirlits og rannsókna
Orka
17. Raforkukerfi
18. Hitaveitur
19. Jarðefnaeldsneyti
Heilbrigðisþjónusta
20. Heilbrigðisþjónusta
Matvæla-, fæðu- og neysluvatnsöryggi
21. Fæðuöryggi
22. Matvælaöryggi
23. Neysluvatnsöryggi
Viðbúnaðar- og neyðarþjónusta
24. Viðbúnaðar- og neyðarþjónusta
Samgöngukerfi
25. Samgöngukerfi á sjó
26. Samgöngukerfi á landi
27. Samgöngukerfi í lofti

Æðsta stjórn ríkisins
28. Öryggi æðstu stjórnar ríkisins
Fjármálakerfi
29. Fjármálakerfi.
LÖGGÆSLA OG ÖRYGGISMÁL
30. Efling löggæslu
31. Aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi
32. Viðbrögð vegna stórfelldra ofbeldisglæpa og skemmdarverka
33. Peningaþvætti
34. Aðgerðir gegn mansali
35. Landhelgisgæsla
36. Öryggi í fangelsum
37. Landamæravarsla
38. Vöktun, viðbragð, leit og björgun
39. Geislavöktun og skimun
40. Aðgerðir vegna sýkla,- eiturefna- og geislavár
EFTIRFYLgni OG ENDURMAT
41. Eftirfylgni og endurmat
42. Endurskoðun laga um almannavarnir

I. ALMANNAÖRYGGI

Skilgreining á hugtakinu almannaoeryggi

Í samræmi við ákvæði 3. gr. laga um almannavarnir er byggt á víðtækri skilgreiningu á öryggishugtakinu með sama hætti og gert var í *Áhættumatsskýrslu fyrir Ísland* sem kom út á vegum utanríkisráðuneytisins árið 2009. Í víðtækri skilgreiningu á öryggishugtakinu felst að greiningarþættir öryggismála séu þrír; þjóðaröryggi, samfélagslegt og borgaralegt öryggi og loks hnattrænir áhættuþættir. Þessir þættir skarast með ýmsu móti í samræmi við bein tengsl ytra og innra öryggis ríkja.

Í þeirri stefnu sem hér birtist er lagður til grundvallar sá greiningarþáttur í öryggismálum sem varðar borgaralegt og samfélagslegt öryggi eins og það er skilgreint í áhættumatsskýrslu utanríkisráðuneytisins frá 2009.²

Borgaralegt eða samfélagslegt öryggi, eins og það er skilgreint hér, snýr... að öryggi einstaklinga og þjóðfélagshópa, sjálfsmynda (*identities*), gilda og grunnvirkja, eins og efnahags-, orku- og samgöngukerfis. Skipulögð glæpastarfsemi, náttúruhamfarir og hryðjuverk teljast t.d. ógnir við samfélagslegt öryggi. Hnattrænir og þverþjóðlegir áhættuþættir lúta einnig að öryggi einstaklinga og þjóðfélagshópa. Til þeirra teljast m.a. skipulögð glæpastarfsemi, mansal, hryðjuverk, náttúruhamfarir, mengunarslys, loftslagsbreytingar, farsóttir og gjöreyðingarvopn.

Almannaoeryggi og þjóðaröryggi varða grundvallarhagsmuni þjóðfélagsins sem ríkisvaldið og aðrir opinberir aðilar leitast við að verja. Almannaoeryggi lýtur að öryggi einstaklinga og þjóðfélagshópa, gildum og grunnvirkjum samfélagsins. Til samanburðar er á hinn bóginn litið svo á að þjóðaröryggi snúist um mat á öryggi og fullveldi landsins. Er þá einkum horft til hugsanlegra ógna frá öðrum ríkjum eða ríkjabandalögum, auk skipulagðra glæpasamtaka og hryðjuverkasamtaka.

Þingsályktanir um almannaoeryggi

Á árunum 2011–2012 samþykkti Alþingi sex þingsályktunartillögur sem varða almannaoeryggi og neyðar- og öryggisþjónustu. Þær eru eftirfarandi:

1. Þingsályktun um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða, samþykkt 28. mars 2011.
2. Þingsályktun um mótun þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland, samþykkt 16. september 2011.
3. Þingsályktun um aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi, samþykkt 11. júní 2012.
4. Þingsályktun um grundvallarskilgreiningar löggæslu á Íslandi og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland, samþykkt 19. júní 2012.
5. Þingsályktun um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011–2014, samþykkt 29. nóvember 2012.
6. Þingsályktun um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011–2022, samþykkt 29. nóvember 2012.

² *Áhættumatsskýrsla fyrir Ísland: Hnattrænir, samfélagslegir og hernaðarlegir þættir*

1. Með þingsályktun um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða, sem var samþykkt á Alþingi 28. mars 2011, var ríkisstjórninni falið að fylgja eftir tólf meginþáttum í málefnum norðurslóða sem miða að því að tryggja hagsmuni Íslands vegna loftslagsbreytinga, umhverfis- og auðlindamála, siglinga og samfélagsþróunar og tryggja samstarf við önnur ríki og hagsmunaaðila um málefni svæðisins. Meðal annars ber íslenskum stjórnvöldum að stuðla að almennu öryggi á norðurslóðum. Sameiginlegir öryggishagsmunir felast í eftirliti og viðbragðsgetu vegna áhættuþátta, ekki síst þeirra sem tengjast umhverfis-slysum, sjóslysum og skipaumferð í tengslum við auðlindanýtingu. Huga þarf sérstaklega að mengunarvörnum vegna umferðar flutningaskipa við landið. Einnig er í þingsályktuninni vikið að eflingu samstarfs um borgaralegt eftirlit og viðbúnað á svæðinu, svo sem með styrkingu björgunarliðs, strandgæslu, löggæslu og bættri viðbragðsgetu vegna björgunar og mengunarvarna á sjó.³

2. Í september 2011 samþykkti Alþingi þingsályktun um mótun þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Með þingsályktuninni var ákveðið að utanríkisráðherra skipaði nefnd tíu þingmanna til að vinna tillögur að þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Hlutverk hennar er að gera tillögur um stefnu sem tryggi þjóðaröryggi á grundvelli her- og vopnleysis. Í greinargerð með tillögunni segir að nefndinni beri að taka mið af áhættumatsskýrslu fyrir Ísland frá árinu 2009, stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum Íslands, skilgreina meginforsendur stefnunnar og setja fram tillögur um markmið og leiðir. Þá ber henni að afmarka hvernig þjóðaröryggisstefna tengist fyrirbyggjandi stefnumörkun um almannavarnir og hvernig alþjóðasamstarf, og þá einkum á sviði þjóðaröryggismála, getur stutt stjórnvöld við gæslu almannaöryggis. Nefndinni er ætlað að horfa sérstaklega á tengsl þjóðaröryggisstefnu annars vegar og almannavarna- og öryggisstefnu hins vegar á grundvelli almannavarnalaganna frá 2008.⁴

3. Í júní 2012 samþykkti Alþingi þingsályktun um aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Með henni var ráðherra falið að undirbúa heildstæða aðgerðaáætlun gegn skipulagðri glæpastarfsemi í samvinnu við hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnanir, auk allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis. Í greinargerð með þingsályktuninni kemur fram að frá árinu 2008 hafi greiningardeild ríkislögreglustjóra fylgst náið með þróun skipulagðra glæpasamtaka hérlandis. Umsvif erlendra glæpahópa hafa aukist til muna, meiri harka hefur færst í íslenska undirheima en áður hefur þekkt, ofbeldi verður sífellt grófara og vopnasmygl og vopnaburður tíðari.⁵

Aðgerðir lögreglu hafa dregið úr og hægt á þessari þróun en í þingsályktuninni segir að það sé mat löggæslufirvalda að óhjákvæmilegt sé að halda áfram átaksverkefni gegn skipulagðri glæpastarfsemi sem stofnað var til árið 2011. Með samhæfðum viðbrögðum íslenskrar stjórn-sýslu, Alþingis, lögreglu, annarra stofnana og samfélagsins í heild sé unnt að stemma stigu við skipulagðri brotastarfsemi. Innanríkisráðuneytið hafi veitt þessu starfi forystu og muni gera það áfram.

³Þingsályktun um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða. Samþykkt á Alþingi 28. mars 2011.

⁴Þingsályktun um mótun þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. 16. september 2011. <http://www.althingi.is/altext/139/s/1945.html>

⁵Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi. <http://www.althingi.is/altext/140/s/1511.html>

4. Þingsályktun um grundvallarskilgreiningar löggæslu á Íslandi og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland var samþykkt á Alþingi 19. júní 2012. Var ráðherra falið að skipa nefnd hagsmunaaðila og fulltrúa allra þingflokka á Alþingi um grundvallarskilgreiningar á löggæslu og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland – skilgreina öryggisstig, þjónustustig, mannaflaþörf lögreglu og gera grein fyrir fjármagnsþörf.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur fram að leggja þurfi ítarlegt mat á hættur og ógnir sem steðja að samfélaginu. Nærtækt sé að taka mið af vinnu sem liggur fyrir í hættumati sem utanríkisráðherra fól sérstökum starfshópi að vinna að undir lok árs 2007. Þá liggja fyrir vinna sem greiningardeild ríkislögreglustjóra hefur unnið og beinist að því að meta hættur vegna hryðjuverka og skipulagðrar glæpastarfsemi. Einnig þurfi að taka mið af hættumati í tengslum við margháttuð verkefni almannavarna (eldgos, snjóflóð, jarðskjálfta o.s.frv.) en hlutverk lögreglu við framkvæmd almannavarnaverkefna er mjög umfangsmikið og krefst mikils mannafla.⁶

5. Þingsályktun um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011–2014, sem var samþykkt 29. nóvember 2012, er m.a. kveðið á um að unnið skuli að verkefnum er varða örugg fjarskipti. Þar á meðal er mótun stefnu stjórnvalda um net- og upplýsingaöryggi og vernd upplýsingainnviða er varða þjóðaröryggi, framtíðarskipan á fyrirkomulagi öryggisstjórnunar á grunnstöðum fjarskipta á neyðarstundu og kröfur til neyðarfjarskipta. Einnig er kveðið á um að mikilvægir fjarskiptainnviðir verði skilgreindir og kortlagðir og gerðar viðbragðsáætlanir í samstarfi við fjarskiptafyrirtæki og neyðar- og viðbragðsaðila. Fleiri verkefni eru í fjarskiptaáætlun sem lúta að öruggum fjarskiptum og teljast því hluti af þeirri stefnu sem hér er gerð grein fyrir.⁷

6. Í þingsályktun um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011–2022 sem var samþykkt á Alþingi 29. nóvember 2012 er lagður grunnur að framþróun íslensks samfélags á sviði fjarskipta. Langtímamarkmið um örugg fjarskipti eru m.a. þau að stjórnvöld móti stefnu um netöryggi og vernd fjarskiptainnviða og upplýsingakerfa til samræmis við önnur Evrópuríki. Þá er kveðið á um að virkni neyðarfjarskiptakerfa verði skilgreind og bætt gagnvart skilgreindum áföllum. Fleiri samtengd markmið eru talin upp í fjarskiptaáætlun um örugg fjarskipti og teljast því liður í stefnumörkun almannavarna- og öryggismálaráðs.⁸

Markmið og megináherslur

Meginmarkmið stefnu í almannavarna- og öryggismálum eru :

Að tryggja öryggi almennings, umhverfi og eignir og samhæfa varnir og viðbrögð við hamförum, hvers eðlis sem þær eru.

Viðbragðskerfið þarf að bregðast við áföllum sem ein heild. Forsenda fyrir því er skilvirkt samstarf stjórnsýslustiga, stofnana og samtaka sem vinna að öryggis- og almannavarnamálum.

⁶ Þingsályktun um grundvallarskilgreiningar löggæslu á Íslandi og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland.

<http://www.althingi.is/altext/140/s/1648.html>

⁷ Þingsályktun um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011–2014.

<http://www.althingi.is/altext/141/s/0592.html>

⁸ Þingsályktun um 12 ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011–2022, samþykkt 29. nóvember 2012.

<http://www.althingi.is/altext/141/s/0593.html>

Unnið verður að því að ná framangreindu markmiði með því að tryggja að jafnan séu tiltæk úrræði og áætlanir í því skyni að verja meginstoðir þjóðfélagsins. Samvinna almennings, ríkisvalds, sveitarstjórna, vísindamanna og stofnana stuðlar að stöðugri þróun viðbragðskerfisins svo unnt sé að bregðast við hættu- eða neyðarástandi með árangursríkum aðgerðum sem byggjast á virðingu fyrir grundvallarréttindum borgaranna og mannhelgi. Þau sjónarmið í garð borgara landsins þarf ávallt að hafa í huga og leggja til grundvallar allri áætlanagerð – áætlanagerð og aðgerðum á sviði almannavarna, löggæslu og landhelgisgæslu, aðgerðum gegn skipulagðri glæpastarfsemi, mansali og hryðjuverkastarfsemi, aðgerðum á sviði leitar og björgunar, siglingaverndar, flugverndar, hafnaverndar, fjarskiptaöryggis, netöryggis, fjármálaöryggis, umhverfisverndar, matvæla- og vatnsöryggis, heilbrigðis og sóttvarna, geislavarna og orkuöryggis.

Með hliðsjón af framangreindum meginmarkmiðum eru áherslur áranna 2015-2017 eftirtaldar:

- **Almannavarnir**
Viðbrögð stjórnvalda, stofnana og samtaka á hættustundu verði skilvirk og samhæfð.
- **Mikilvægir samfélagsinnviðir**
Stuðlað verði að samfelldri virkni mikilvægra samfélagsinnviða.⁹
- **Löggæsla og öryggismál**
Samfélagslegur stöðugleiki og öryggi einstaklinga og þjóðfélagshópa verði tryggt eins og kostur er gagnvart ógnum af mannavöldum, vegna náttúruhamfara eða hnattrænna áhættuþátta, s.s. stórfelldra ofbeldisverka, skipulagðrar glæpastarfsemi, farsóttar eða mengunar.

Þessar áherslur eru útfærðar í 42 aðgerðaáætlunum sem gerð er grein fyrir í köflum II – V.

Kostnaður vegna aðgerða

Hér er um að ræða nýja stefnu með tilheyrandi aðgerðum sem krefjast aðkomu margra. Þessir aðilar þurfa að skipuleggja nánar starf sitt og verkaskiptingu. Í aðgerðaráætlunum þessarar stefnu er almennt miðað við að kostnaður vegna upphafs aðgerða hverrar áætlunar geti rúmast innan fyrirliggjandi fjárhagsramma þeirra aðila sem að áætlunum koma, enda feli áætlanirnar frekar í sér forgangsöröðun verkefna viðkomandi aðila en ný verkefni utan verksviðs þeirra. Áætlanir þessarar stefnu fela því ekki í sér í byrjun, einar sér, kostnaðarauka fyrir ríki og sveitarfélög. Á fyrsta ári hverrar áætlunar ber að leggja áherslu á nánari skipulagningu og rýni. Niðurstaða rýni á fyrsta ári getur leitt til endurskoðunar áætlunarinnar, sem myndi hugsanlega fela í sér ósk um fjárframlag til einstakra tilgreindra verkþátta eða breytinga á áætlun í sparnaðarskyni. Um slíkar óskir yrði fjallað með hefðbundum hætti við gerð fjárlaga.

⁹ Sjá skilgreiningar: Protection of 'critical infrastructure' and the role of investment policies relating to national security. OECD 2008. <http://www.oecd.org/daf/inv/investment-policy/40700392.pdf>.

II. ALMANNAVARNIR – SKIPULAG OG MEGINVERKEFNI

Sviðsábyrgð

Almannavarnalögin kveða á um heildarskipulag íslenskra stjórnvalda til að samhæfa áhættuminnkandi aðgerðir og viðbrögð við neyðarástandi. Ábyrgðarsvið, skyldur og boðleiðir þurfa að vera skýrar til að tryggja skilvirkni og samhæfingu. Almannavarnakerfinu er ætlað að vera altækt og taka til landsins alls, á landi, í lofti og á sjó. Lögreglustjórar gegna lykilhlutverki við samhæfingu aðgerða á landi og Landhelgisgæslan á sjó.


Skipulag almannavarna byggir á því meginsjónarmiði að þeir aðilar sem starfa á tilgreindu afmörkuðu sviði skipuleggi sjálfir, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, viðbrögð við hættu. Byggist þetta á svonefndri sviðsábyrgðarreglu, þ.e. að sá aðili sem fer venjulega með stjórn tiltekins sviðs samfélagsins eða tiltekins svæðis eða umdæmis skuli skipuleggja viðbrögð og koma að stjórn aðgerða þegar hættu ber að garði. Í almannavarnalögunum er vikið sérstaklega að skyldum ráðuneyta, stofnana, sveitarfélaga og einkaaðila í þágu almannavarna. Þá er enn fremur vikið að hjálparliði almannavarna.

Lykilstofnanir í viðbragðskerfi almannavarna

Í almannavarna- og öryggismálaráði eiga sæti þeir ráðherrar sem fara með málefni almannaöryggis, mengunarvarna, heilbrigðismála, atvinnuvega, varnarmála og samskipta við önnur ríki, auk ráðuneytisstjóra viðkomandi ráðuneyta. Þá eiga sæti í ráðinu fulltrúar allra lykilstofnana sem starfa að almannavarna- og öryggismálum.

- Ríkislögreglustjórinn, forstjóri Landhelgisgæslu Íslands, forstjóri Samgöngustofu, vegamálastjóri og forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar
- Forstjóri Veðurstofunnar, forstjóri Mannvirkjastofnunar og forstjóri Umhverfisstofnunar.
- Landlæknir, sóttvarnalæknir og forstjóri Geislavarna ríkisins.
- Orkumálastjóri og forstjóri Landsnets.
- Fulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar.
- Fulltrúi Rauða krossins á Íslandi.
- Fulltrúi samræmdrar neyðarsvörunar.
- Að auki skipar ráðherra tvo fulltrúa til setu í ráðinu samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Mynd 1. Uppbygging almannavarna- og öryggismálaráðs. Ráðherrar, ráðuneyttisstjórar, forstjórar stofnana og fulltrúar félaga- og hagsmunasamtaka



Ráðuneyti og stofnanir

Einstök ráðuneyti og undirstofnanir þeirra skulu, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, kanna áfallaþol þeirra þátta samfélagsins sem falla undir starfssvið þeirra og skipuleggja fyrirhuguð viðbrögð og aðgerðir samkvæmt viðbragðsáætlun. Ráðuneyti á að hafa yfirsýn yfir starfssvið sitt og stýra vinnu við gerð viðbragðsáætlana í málaflokkum þess þannig að samræmis sé gætt milli ráðuneytis og undirstofnana.

Sem dæmi má nefna skal velferðarráðuneytið fylgja eftir gerð viðbragðsáætlana heilbrigðisstofnana og annarra undirstofnana, t.d. vegna hópslysa, hópsýkinga og farsóttá. Gert er ráð fyrir að áætlanir heilbrigðiskerfisins séu hluti af heildarkerfi almannavarna án þess að hróflað sé við ábyrgð einstakra aðila innan heilbrigðisþjónustunnar á grundvelli laga sem um þá gilda. Stjórn sóttvarna er í höndum sóttvarnalæknis en viðbragðsáætlanir hans eru hluti af almannavarnakerfinu. Landlæknisembættið hefur með höndum forvarnir, leiðbeiningar og almannafræðslu um málefni sem ógna heilsu manna. Á ráðuneytum og stofnunum hvílir rík skylda að veita upplýsingar í þágu almannavarna.

Sveitarfélög

Sveitarfélög búa yfir staðarþekkingu sem er nauðsynleg forsenda þess að viðbragðsáætlanir taki mið af aðstæðum, tækjakosti og mannafla. Samkvæmt almannavarnalögum er sveitarfélögum og stofnunum á þeirra vegum ætlað, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, að kanna áfallaþol í umdæmi sínu. Þá skulu almannavarnanefndir, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, gera viðbragðsáætlun í samræmi við hættumat í umdæmi þeirra.

Einkaaðilar

Í 18. gr. almannavarnalaga er kveðið á um að sérhver ráðherra geti, í samráði við ríkislögreglustjóra, ákveðið að opinberir aðilar eða einkaaðilar skuli grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana vegna sölu á vörum, veitingum, þjónustu og framleiðslu í atvinnurekstri ef þess gerist þörf til þess að markmið laganna náist. Hér er um að ræða starfsemi sem tengist almannavörnum með ýmsum hætti, t.d. fjármálaþjónustu og fjarskiptaþjónustu. Var talið nauðsynlegt að leggja skyldur á þessa aðila svo hægt væri að grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana og tryggja að þeir hefðu aðkomu að gerð viðbragðsáætlana í því skyni að efla og styrkja starfsemi sína til hagsbóta fyrir samfélagið.

Í ljósi meðalhófsreglu stjórnsýslulaga er þó tekið fram í almannavarnalögunum að áður en ákvörðun er tekin skuli leitast við að semja við viðkomandi fyrirtæki eða stofnanir og eiga góða samvinnu við þá aðila sem ákvörðunin snertir. Ljóst er að mismunandi viðmið geta gilt eftir því hvenær nauðsynlegt er að grípa til sérstakra aðgerða. Ef ákvörðun er tekin áður en hættu ber að höndum verður að gera ríkar kröfur um meðalhóf stjórnsýslunnar en minni kröfur yrðu aftur á móti gerðar vegna ráðstafana sem grípa þyrfti til þegar hættuástand væri skolið á.

Hjálparlið almannavarna


Ríkislögreglustjóri hefur gert sérstaka samninga við Slysavarnafélagið Landsbjörg og Rauða krossinn á Íslandi um hlutverk þeirra sem hjálparlið almannavarna. Þessi félagasamtök gegna mikilvægu hlutverki og geta skipt sköpum þegar til tíðinda dregur.

Þá eru ónefndir aðrir aðilar sem skipta verulegu máli í viðbragðskerfinu. Eru þeir skilgreindir í viðbragðsáætlunum og samstarfssamningum. Áhersla er lögð á að þeir aðilar

sem starfa að almannaoöryggi hafi skýran lagagrunn til að vinna eftir. Löggjafinn hefur með ýmsum hætti kveðið á um markmið og verkefni þessara aðila.

Öflugt og gott samstarf stjórnsýslustiga, stofnana og samtaka sem vinna að öryggismálum hér á landi og á alþjóðavettvangi er forsenda þess að unnt sé að bregðast við áföllum á árangursríkan hátt.

Mynd 2. Skipulag almannavarnakerfisins



Heimild: Innanríkisráðuneytið 2008.

Ein af grundvallarforsendum vel heppnaðra og samhæfðra viðbragða við neyðarástandi byggist á samræmdu verkskipulagi sem unnið er eftir, þekkingu manna á því og sam-eiginlegum skilningi samstarfsaðila á hugtökum sem notuð eru.

Könnun á áfallapoli samfélagsins, áhættuskoðun og mótvægisáðgerðir, s.s. gerð viðbragðsáætlana eru forsenda þess að tryggja fumlauis viðbrögð á hættustundu undir einni samræmdri stjórn.

Í áhættumatsskýrslu fyrir Ísland frá árinu 2009 og í áhættuskoðun almannavarna frá 2011 kemur fram að á undanförunum árum hafa verið gerðar auknar kröfur til stjórnvalda um að tryggja öryggi almennings. Að sama skapi er ljóst að árangur viðbragðskerfis almannavarna og neyðarstjórnunar í hættuástandi hvílir á trausti almennings til viðbragðsaðila og að öll framkvæmd taki mið af virðingu fyrir mannréttindum og mannhelgi.

Áhersla er lögð á árangursríkar og samhæfðar aðgerðir stjórnvalda, stofnana og samtaka til að koma í veg fyrir hættu- eða neyðarástand þegar brugðist er við fyrirsjáanlegri ógn.

Skipulag almannavarna og almannavarnakerfið í heild þarf að vera í stöðugri þróun í virku sambandi við almenning, vísindamenn, stjórnvöld og stofnanir.


Efla þarf öryggissamstarf og samvinnu við Norðurlöndin og önnur grannríki, t.d. á sviði eftirlits og vöktunar á Norður-Atlantshafi, leitar og björgunar og viðbragða vegna náttúruhamfara og skipulagðrar glæpastarfsemi.

Samvinna við önnur ríki á að taka til viðbúnaðar og viðbragðsáætlana hér á landi, þátttöku í alþjóðlegum aðgerðum og samstarfs vegna móttöku erlends hjálparliðs. Íslenskir viðbragðsaðilar hafa sýnt að þeir hafa alla burði til þess að vinna með samstarfsaðilum á alþjóðavettvangi og innanlands. Óhjákvæmilegt er að búa þannig að þeim innlendu stofnunum sem að öryggisþáttum koma að þær geti tekist á við ógnir gagnvart almannaoöryggi hér á landi og í íslenskri lögsögu í samstarfi við hliðstæðar stofnanir erlendis. Við framkvæmd á stefnu stjórnvalda er byggt á nálgun og verkferlum við áhættustjórnun sem sannað hafa gildi sitt, einkum á vettvangi almannavarna. Styrkur og sveigjanleiki viðbragðskerfisins, hvort sem um er að ræða viðbrögð í almannavarna-ástandi eða í daglegum störfum við neyðar- og öryggisþjónustu, byggir á eftirfarandi grundvallarreglum:

- **Sviðsábyrgðarreglan:** Sá aðili sem fer venjulega með stjórn tiltekins sviðs samfélagsins, tiltekins svæðis eða umdæmis skal skipuleggja viðbrögð og koma að stjórn aðgerða þegar hættu ber að höndum.
- **Grenndarreglan:** Staðbundin stjórnvöld undirbúa fyrirbyggjandi ráðstafanir og viðbragðsáætlanir.
- **Samkvæmnisreglan:** Á hættutímum sér yfirvald eða stofnun um björgunarstörf á verksviði sínu.
- **Samræmingarreglan:** Allir viðbragðsaðilar samhæfa störf sín við undirbúning á aðgerðum vegna hættuástands þannig að búnaður og mannaflí sé nýttur á árangursríkan hátt.

Verkefni á sviði almannaoöryggis endurspeglar svonefnda „hringrás almannavarna“ sem sjá má á **mynd 2**. Aðaláherslan er á aðgerðir og viðbúnað fyrir hamfarir til að draga úr hættu sem atburður getur valdið, í öðru lagi samhæft viðbragð á neyðarstundu og í þriðja lagi aðgerðir eftir hamfarir til að takast á við afleiðingar þeirra.

Mynd 3. Almannavarnahringrásin



Heimild: Áhættuskoðun almannavarna: Helstu niðurstöður [Ritstjóri Guðrún Jóhannesdóttir]. [Reykjavík]: Ríkislögreglustjóri, almannavarnadeild, 2011.

Lögð er áhersla á markvissa uppbyggingu almannavarnakerfisins á grunni framan- greindra gundvallarreglna og að viðbragðsaðilar tileinki sér alla jafna sambærilegt verklag innan almannavarnahringrásarinnar.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir uppbyggingu almannavarnakerfisins með hliðsjón af helstu meginþáttum almannavarnahringrásarinnar. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra gegnir samræmingar- og samhæfingarhlutverki innan almannakerfisins.

Aðgerð 1. Samhæfingarstarf almannavarnadeildar ríkislögreglustjórans

Markmið:	Að efla leiðandi hlutverk almannavarnadeildar svo viðbragðskerfið geti tekist á við ógnir og framkvæmd almannavarna- og öryggismálastefnu stjórnvalda.
Ábyrgð:	Innanríkisráðuneytið
Verkefnastjórn	Ríkislögreglustjórinn
Lykilaðilar:	Innanríkisráðuneytið, forsætisráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Ríkislögreglustjórinn
Kostnaður:	Greina þarf kostnað á grundvelli heildstæðrar áætlunar með hliðsjón af aðgerðaáætlun.

Verkefni næstu þriggja ára:


1. Gerð verði greining á mannaflapörf almannavarnardeildar.
2. Auka streymi upplýsinga til almennings með sérstökum upplýsingavef.
3. Að efla samstarf almannavarnadeildar við vísindamenn á sviði náttúru- og félagsvísinda.
4. Að SÁBF-kerfið (Stjórnun, áætlun, bjargir og framkvæmd) verði endurskoðað í samstarfi allra viðbragðsaðila.
5. Að gera samræmt hugtakasafn vegna samningu viðbragðsáætlana.
6. Að skilgreina þarfir og kröfur til landupplýsinga og kortagerðar sem nota þarf vegna almannavarna.
7. Að auka þátttöku almannavarnadeildar í norrænu samstarfi um almannaoðryggi á grundvelli HAGA II - yfirlýsingarinnar frá 2013 (HAGA-yfirlýsingin; viljayfirlýsing norrænna ráðherra almannavarna um aukið samstarf Norðurlandanna á sviði almannavarna).

1. Fyrir hamfarir

Hættumat - Áhættugreining

Hættumat og áhættugreining felast í því að gera kerfisbundið grein fyrir þeim ógnum sem fyrir hendi eru. Tilgangurinn er að meta umfang og líkindi á mögulegum atburðum og hættu á að vá sé til staðar á ákveðnum svæðum. Hættumat felur þannig í sér mat á því sem menn þekkja og geta séð fyrir. Hættuástand getur einnig skapast vegna ógnar sem ekki er fyrir séð og því er mikilvægt að viðbragðskerfið búi yfir aðlögunarhæfni og sveigjanleika. Hættumat verður að byggja á vísindalegum grunni og framkvæma með hliðsjón af alþjóðlegri þróun.¹⁰

Mynd 4. Áhættuþættir



Heimild. Byggt á *Áhættuskoðun almannavarna: helstu niðurstöður*.

[Ritstjóri Guðrún Jóhannesdóttir]. [Reykjavík] : Ríkislögreglustjóri, almannavarnadeild, 2011.

¹⁰ *Áhættuskoðun almannavarna: helstu niðurstöður*. [Ritstjóri Guðrún Jóhannesdóttir].

[Reykjavík] : Ríkislögreglustjóri, almannavarnadeild, 2011, 43.

Stefna í almannavarna- og öryggismálum tekur til staðbundinna, hnattrænna, samfélagslegra og mannlegra áhættupátta. Vegna hnattrænna áhættupátta er brýnt að taka mið af alþjóðlegri þróun og endurmeta viðbúnað reglulega, bæði með hliðsjón af innlendri þróun og alþjóðlegri. Staðbundnir áhættupættir tengdir íslenskri náttúru eru margvíslegir, s.s. eldgos með hraunrennsli og öskufalli, jökulhlaup, aurskriður, sjávarflóð og snjóflóð, jarðskjálftar, ofsaeður og ófærð.

Við mat á áhættupáttum er í stefnu þessari stuðst við áhættuskoðun almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra frá 2011, samþykktir almannavarna- og öryggismálaráðs, matsskýrslur greiningardeildar ríkislögreglustjóra á sviði löggæslu- og öryggismála, skýrslu óháðrar rannsóknarnefndar sem norsk stjórnvöld settu á fót vegna sprengjuárásarinnar í Ósló og fjöldamorðanna í Útey 22. júlí 2011 og áhættumatsskýrslu utanríkisráðherra frá 2009. Þá er stuðst við þingsályktanir um almannaoöryggi.¹² (Umfjöllun um helstu skýrslur, sjá fylgiskjal 1.) Áhættuskoðun almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra sem gefin var út árið 2011 má kalla tímamótaverk vegna þess að aldrei áður hefur gerð jafn umfangsmikil og skipuleg greining á fjölpættum viðfangsefnum almannavarna um land allt. Áhættuskoðunin fór fram í öllum lögregluumdæmum landsins í samvinnu við íbúa, viðbragðsaðila og sveitarstjórnir.

Áhættupættir

Áhættupáttum má í grófum dráttum skipta í þrjá meginflokka – áhættupætti af náttúruvöldum, af mannavöldum og vegna tæknilegra bilana.

1. Áhættupættir af náttúruvöldum

Alvarlegasta ógnin hérlandis hefur fram til þessa verið talin stafa af völdum náttúrunnar. Eldgosin í Eyjafjallajökli árið 2010 og í Grímsvötnum vorið 2011 sýndu glögg að staðbundnar náttúruhamfarir geta haft áhrif á starfsemi í öðrum löndum og jafnvel heimsálfum og raskað starfsemi þverþjóðlegra samfélagsinnviða. Víða um heim stöðvuðust samgöngur í lofti vegna ösku frá eldgosunum.

Jarðskjálftar og eldgos nærri þéttbýli eða mikilvægum innviðum samfélagsins, t.d. vatnsaflsvirkjunum eða spennistöðvum, eru áhættupættir sem mikilvægt er meta af kostgæfni. Viðbragðsáætlanir þarf að æfa og endurskoða með reglubundnum hætti svo hægt sé að bregðast við með viðunandi hætti ef og þegar hamfarir verða.

Í skýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar, sem unnin var að tilstuðlan umhverfis- og auðlindaráðuneytisins,¹³ (útg. 2008) kemur fram að áhrifa loftslagsbreytinga gæti nú

¹² *Áhættuskoðun almannavarna: helstu niðurstöður*. [Ritstjóri Guðrún Jóhannesdóttir].

[Reykjavík] : Ríkislögreglustjóri, almannavarnadeild, 2011.

Áhættumatsskýrsla fyrir Ísland: hnattrænir, samfélagslegir og hernaðarlegir þættir. Utanríkisráðuneytið. Rv. 2009.

22. júlí kommisjonen. <http://www.22julikommissjonen.no/Rapport>

Sjá dæmi um matsskýrslu, Matsskýrsla ríkislögreglustjóra um skipulagða glæpastarfsemi og hættu á hryðjuverkum. http://www.logreglan.is/subga.asp?cat_id=81&module_id=220&element_id=15379
<http://www.logreglan.is/upload/files/Mat%20r%EDkisl%F6greglustj%F3ra%20%E1%20skipulag%F0ri%20ql%E6pastarfsemi%20og%20h%E6ttu%20%E1%20hry%F0juverkum%20mars%202010%20-%20opinber%20%FAtg%E1fa%281%29.pdf>

¹³ Halldór Björnsson, Árný E. Sveinbjörnsdóttir, Anna K. Daníelsdóttir, Árni Snorrason, Bjarni D. Sigurðsson, Einar Sveinbjörnsson, Gísli Viggósson, Jóhann Sigurjónsson, Snorri Baldursson, Sólveig Þorvalds-

þegar í náttúru landsins og að fyrirsjáanlegar breytingar muni hafa veruleg áhrif á náttúrufar. Loftslagsbreytingum fylgi nýjar ógnir frá umhverfinu sem aukið geti hættu á náttúruhamförum. Verulegar líkur eru á að siglingar á norðurslóðum muni stórauðast í kjölfar hlýnandi loftslags og opnun nýrra siglingaleiða milli Asíu og Norður-Ameríku um Norðurhöf. Verði stór skip fyrir áföllum eða vélarbilunum við landið getur það haft miklar umhverfis- og efnahagslegar afleiðingar.

Heimsfaraldur influensu er dæmi um hnattrænan áhættuþátt sem getur ógnað almannöryggi. Á grundvelli ríkisstjórnarsamþykktar og undir forystu ríkislögreglustjóra og sóttvarnalæknis var gerð víðtæk viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs. Samkvæmt áætluninni er þar til bærum aðilum falið að fylgjast náið með þróun áhættumats og viðbúnaðar í öðrum ríkjum, hjá Evrópusambandinu og Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, og koma á fót sérstöku viðbragðskerfi. Farsóttir geta skolið á nánast fyrirvaralaust og breiðst hratt út um heimsbyggðina. Þær geta kallað á neyðarviðbrögð vegna sóttvarna og haft víðtæk samfélagsleg áhrif, s.s. lokun flugvalla og hömlur á siglingar til og frá landinu með alvarlegum afleiðingum.

2. Áhættuþættir af mannavöldum

Áhætta af mannavöldum getur skapast vegna vanrækslu, yfirsjóna eða mistaka en einnig af ásetningi. Í áhættumatsskýrslu fyrir Ísland 2009 kemur fram að engar vísbendingar séu um að hernaðarógn muni steðja að landinu í nágrenni framtíð. Aftur á móti blasa við nýjar hnattrænar ógnir, t.a.m. skipulögð glæpastarfsemi og hryðjuverk.¹⁴

Hryðjuverkin sem framin voru í Bandaríkjunum 11. september 2001 höfðu mikil áhrif víða um heim. Reglur um öryggismál og eftirlit hafa verið stórhertar og alþjóðlegt samstarf í öryggismálum hefur aukist mjög vegna viðvarandi ógna af hryðjuverkum. Í kjölfar hertra öryggisreglna vöknudum umræður um mikilvægi þess að ákvarðanir til að tryggja almannöryggi verði að byggjast á virðingu fyrir grundvallarmannréttindum.

Evrópusambandið gerði verulegar breytingar á flugverndarlöggjöf sinni í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum árið 2001 og var Ísland skuldbundið að innleiða breytingarnar á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins). Sama má segja um siglingaverndarlöggjöfina sem tók einnig umtalsverðum breytingum og hefur hún einnig verið tekin upp hér á landi. Jafnframt voru settar sérstakar reglur um farmvernd sem eiga að nokkru rætur að rekja til árásanna.

Skipulögð glæpastarfsemi er, eins og áður hefur verið vikið að, bæði staðbundin og hnattræn ógn sem hefur farið vaxandi hér á landi. Hún er ekki bundin við landamæri einstakra ríkja og það eykur þörfina á alþjóðasamstarfi lögregluyfirvalda. Skipulögð glæpastarfsemi er ógn við grundvallarmannréttindi og einnig við efnahagskerfið. Helstu birtingarmyndir hennar er alvarleg brotastarfsemi á borð við mansal, fíkniefnasmygl, framleiðslu og flutning fíkniefna, ólöglega fólks- og farmflutninga, peningaþvætti, skipulögð innbrot og þjófnaði, ólöglega meðferð vopna og hvers kyns ofbeldi.

Á undanförunum árum hefur árásum á net- og upplýsingakerfi fjölgað jafnt og þétt. Árásirnar hafa orðið flóknari og umfangsmeiri með tímanum, greina má vaxandi kunnáttu þeirra sem slíkt stunda en á móti kemur að varnir hafa verið bættar. Net- og fjarskipta-

dóttir og Trausti Jónsson: *Hnattrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi – Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar*. Umhverfissráðuneytið, 2008.

¹⁴ Áhættumatsskýrsla fyrir Ísland.

öryggi hefur breyst mikið með aukinni notkun almennings. Póst- og fjarskiptastofnun hefur sett á laggirnar netöryggisveit fyrir Ísland, svonefnt CERT teymi (e. *Computer Emergency Response Team*), til að samhæfa aðgerðir stjórnvalda og einkafyrirtækja gegn tölvuárásam.

Líkur á kjarnorkuslysum á norðurslóðum eru til staðar. Kjarnorkuverum fer fjölgandi í Finnlandi og víðar á norðurslóðum. Sérfræðingar telja að þeim eigi eftir að fjölga í framtíðinni. Kjarnorkuslys geta haft áhrif á heilsu fólks, umhverfi og efnahagslíf.

Líklegt er að hlýnun í Norðurhöfum muni hafa í för með sér stórauðna skipaumferð um hafsvæðið í nágrenni Íslands, m.a. siglingar olíuflutningaskipa og stórra skemmtiferðaskipa. Huga verður að öryggisráðstöfunum vegna þessara siglinga, þ.á.m. ákvörðun siglingaleiða, alþjóðlegu samstarfi, réttum viðbrögðum vegna yfirvofandi hættu innan efnahagslögsögunnar, mengunar- og sjóslysa, sem og aðgerðum sem hugsanlega þarf að grípa til vegna öryggis ríkisins.

3. Áhættuþættir vegna tæknilegra bilana

Samfélagið byggir á virkni mikilvægra samfélagsinnviða, þ.e. tilteknum kerfum, samtengingu tækja, hugbúnaðar eða þjónustu. Oft er um að ræða flókin samtengd kerfi sem stýrt er með viðkvæmum búnaði. Innviðirnir eru oftast ekki samofnir og truflun á einu sviði hefur áhrif á öðrum. Verulegar raskanir geta ógnað lífi og heilsu íbúa, félagslegum, efnahagslegum og umhverfislegum þáttum sem tryggja öryggi samfélagsins.

Öryggi mikilvægra innviða á sviði fjarskipta og raforku hefur fram til þessa fyrst og fremst miðast við hættu vegna bilana. Innviðirnir eru viðkvæmir og raskist starfsemi þeirra getur atvinnurekstur orðið fyrir miklu tjóni. Það eykur á veikleika að mismunandi kerfi eru að miklu leyti samtengd. Sem dæmi er flutningi á raforku stjórnað með fjarskiptakerfum en fjarskipti verða ekki starfrækt án rafmagns. Eyðilegging eða röskun á mikilvægum innviðum getur haft alvarlegar og ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir samfélagslegan stöðugleika, björgunaraðgerðir og öflun aðfanga. Truflanir á mikilvægum innviðum í einum landshluta geta haft áhrif á öðrum svæðum og jafnvel um land allt.

Fjarskipti eru grundvallarþáttur í rekstri mikilvægra samfélagsinnviða, s.s. í orkuframleiðslu, við vatnsöflun og vatnsveitu, skipa- og landflutninga, flugsamgöngur, heilsuvernd, neyðarþjónustu, löggæslu, banka- og verðbréfaþjónustu og fl. Tryggja þarf að fjarskipti séu virk á neyðartímum, m.a. vegna slysa, náttúruhamfara eða hamfara af mannavöldum.

Ör tæknipróun í fjarskiptum hefur leitt til þess að samskipti einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og ríkja eru orðin greiðari en nokkru sinni. Mikill vöxtur er í tölvutengingum milli landa auk þess sem ýmis upplýsingakerfi eru í eðli sínu hnattræn. Netnotkun héraendis er með því mesta sem gerist í heiminum. Komi til stórvægilegra truflana á fjarskiptakerfum hefur það mjög alvarlegar afleiðingar á alla starfsemi í þjóðfélaginu.

Aðgerð 2. Hættumat og áhættugreining

Markmið:	Að ljúka gerð áætlunar og hættumats á þeim þáttum sem eru í forgangi skv. Áhættuskoðun ríkislögreglustjóra frá 2011.
Ábyrgð:	Ríkislögreglustjórinn, Embætti landlæknis, sóttvarnalæknir.

Verkefnastjórn:	Ríkislögreglustjórnin
Lykilaðilar:	Ríkislögreglustjórnin, lögreglustjórar, almannavarnanefndir, ráðuneyti, sóttvarnaráð, stofnanir ríkisins, sveitarfélög og stofnanir þeirra.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Forgangsröðun við gerð frekara áhættumats í kjölfar áhættuskoðunar ríkislögreglustjóra frá 2011. 2. Sveitarfélög geri áhættumat og áhættuskoðun á þriggja ára fresti í samvinnu við ríkislögreglustjóra, sbr. 10. gr. almannavarnalaga

2. Mótvægisáðgerðir – Áhættuminnkun

Áhættuminnkun miðar að því að draga úr eða koma í veg fyrir að almenningur, eignir og umhverfi verði fyrir skaða vegna tjóns sem hugsanlega kann að verða af völdum náttúruvár, af mannavöldum, vegna farsóttar eða hernaðaraðgerða, svo dæmi séu tekin. Draga má úr hættu með ýmsum hætti, t.a.m. með auknum öryggisviðbúnaði, skipulagi, reglum um landnýtingu á hættusvæðum, byggingarreglugerðum, varnarmannvirkjum vegna snjó- og vatnsflóða, aðlögun að breyttu loftslagi og vakningu meðal almennings með aukinni fræðslu og upplýsingagjöf.

3. Viðbúnaður – Samstarf og samhæfing

Reynslan hefur sýnt að viðbragðskerfi almannavarna hér á landi er öflugt. Grunnurinn að því er vel skilgreint samstarf fjölmargra aðila á grundvelli viðbragðsáætla og samhæfðrar aðgerðastjórnunar. Viðbragðskerfi almannavarna, samkvæmt almannavarnalögum, hefur áunnið sér traust almennings fyrir áreiðanlega og fumlause neyðarstjórnun. Ein af grunnforsendum vel heppnaðra og samhæfðra viðbragða við neyðarástandi er þekking manna á því verkskipulagi sem unnið er eftir og sameiginlegur skilningur samstarfsaðila á hugtökum sem notuð eru.

Árið 1999 samþykkti nefnd á vegum Almannavarna ríkisins, sem í sátu fulltrúar björgunar-sveitanna, landlæknis, slökkviliða, ríkislögreglustjóra og Almannavarna ríkisins, skipulag sem átti að gagnast við stjórnun aðgerða. Skipulagið er daglega kallað **SÁBF** og er skammstöfun á eftirtöldum heitum yfirflokka þess: **Stjórnun, áætlun, bjargir og framkvæmd**. Kerfið er byggt á sams konar skipulagi og notað er við neyðarþjónustu um allan heim.

SÁBF: Stjórnun, áætlun, bjargir og framkvæmd.

SÁBF er verkpáttaskipurit þar sem þeir málaflokkar og verkefni sem sinna þarf eru talin upp. SÁBF segir ekki til um fjölda þeirra manna sem þarf til þess að vinna tiltekið verkefni né heldur hvaða starfsstéttir eigi inna það af hendi heldur snýr það að aðferðafræði sem unnið er eftir. Verkpáttaskipuritinu má beita við hvaða aðgerðir og verkefni sem er, óháð starfseiningum, umfangi eða stjórnstigi, svo sem við slys, leit, umferðarstjórnun, fjöldahjálp og félagslega hjálp, hátíðahöld o.fl.

Ein af grunnforsendum fyrir virkni SÁBF-kerfisins er að viðbragðsaðilar noti það í daglegum störfum til þess að tryggja fullnægjandi færni við beitingu þess. Við framkvæmd á stefnu stjórnvalda skal hafa hliðsjón af SÁBF-kerfinu. Styrkleiki og sveigjanleiki viðbragðskerfisins byggist á þekkingu viðbragðsaðila á stjórnkerfi almannavarna, samhæðu verklagi og þjálfun.

Aðgerð 3. Þjálfun og fræðsla

Markmið:	Að skipulag almannavarna sé vel þekkt hjá viðbragðsaðilum og innan stjórnsýslunnar. Að viðbrögð aðila séu skilvirk og samhæfð.
Ábyrgð:	Ríkislögreglustjórnin.
Verkefnastjórn:	Ríkislögreglustjórnin.
Lykilaðilar:	Ríkislögreglustjórnin, lögreglustjórar, Landhelgisgæsla Íslands, Slysavarnafélagið Landsbjörg, slökkvilið sveitarfélaga, Rauði krossinn, almannavarnanefndir, stjórn samhæfingar- og stjórnstöðvar, hlutaðeigandi stofnanir og aðrir viðbragðsaðilar.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Að auka og samhæfa þjálfun og fræðslu viðbragðsaðila. 2. Að efla samstarf um menntun og þjálfun björgunarmanna við þá skóla sem sinna þeim verkefnum. 3. Að halda námskeið og fræðslufundi meðal viðbragðsaðila um vinnubrögð, ábyrgðarsvið, verkferla, þ.m.t. SÁBF verkþáttakerfið, og fjarskiptanotkun. 4. Að æfa viðbrögð samkvæmt viðbragðsáætlunum.¹⁵ 5. Að þjálfra stjórnendur almannavarnaaðgerða. 6. Að gerð verði íslensk hugtakaskrá sem byggir á hugtakaskrá Sameinuðu þjóðanna.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.

Samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna

Við embætti ríkislögreglustjóra er starfrækt í Skógarhlíð í Reykjavík sérstök samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna. Þar fer fram stjórnun á landsvísu á almannavarnaviðbrögðum þegar hættuástand skapast. Stöðin er mikilvægur hlekkur í því viðbragðskerfi sem byggt hefur verið upp. Þar fer fram samhæfing og yfirstjórn almannavarnaaðgerða og einnig samræming hvers kyns aðgerða við leit og björgun á landi, sjó og í lofti.

Starfsemi samhæfingar- og stjórnstöðvar almannavarna nýtist í þágu almannaöryggis og þjóðaröryggis. Í samvinnu opinberra aðila og björgunarsveita um land allt er nú starfrækt viðbragðskerfi sem getur vaxið í samræmi við umfang atburða án þess að stjórn og verkefni einstakra þátttakenda raskist.

Allir sem koma að stjórn og skipulagi almannaöryggis- og björgunarmála vinna saman eftir einu samræmdu skipulagi, neyðarskipulagi almannavarna, ýmist á grundvelli almennra viðbragðsáætlana eða sértækra áætlana. Þar koma allir þræðir almannavarna-

¹⁵ Fjarskiptaáætlun 2011-2014. Sjá verkefni 3.i. Skilgreindar og framkvæmdar verði reglubundnar æfingar á viðbrögðum við stóráföllum. <http://www.althingi.is/altext/141/s/0592.html>.

kerfisins saman á einum stað sem tryggir samhæfðar aðgerðir. Í þessum efnum gegnir almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og samhæfingar- og stjórnstöð hennar lykilhlutverki.

Viðbragðsáætlanir

Stjórnvald sem starfar á tilteknu sviði á, samkvæmt ákvæðum almannavarnalaganna, að gera hættumat og skipuleggja viðbrögð við utanaðkomandi hættu í samráði við ríkislögreglustjóra. Byggist þessi skipan á svonefndri sviðsábyrgðarreglu. Gert er ráð fyrir að öll vinna við gerð viðbragðsáætlana sé hnitmiðuð og á ábyrgð ríkisstofnana, sveitarfélaga, stofnana á þeirra vegum og ríkislögreglustjóra.

Í viðbragðsáætlunum er m.a. fjallað um eftirfarandi þætti:

- Skipulagningu aðgerða.
- Viðbúnað viðbragðsaðila, m.a. liðsafla, þjálfun liðsafla, útbúnað og stjórnsýsluviðbúnað.
- Samgöngur og fjarskipti.
- Framkvæmd aðgerða á hættustundu.
- Samhæfingu og stjórn aðgerða viðbragðsaðila og annarra aðila.
- Áfallahjálp og aðstoð við þolendur.
- Hagvarnir, birgðir og neyðarflutninga til og frá landinu.

Þegar almennar áhættuminnkandi aðgerðir duga ekki og erfitt er að draga úr afleiðingum skilgreindrar hættu þarf sértækari viðbúnað. Einn helsti þátturinn í viðbúnaði almannavarna er gerð áætlana um viðbrögð í neyðartilvikum. Viðbragðsáætlanir eru nauðsynlegar fyrir samfélagið til að bregðast við ógnum. Þær eru gerðar til að tryggja að allir viðbragðsaðilar þekki sitt hlutverk og vinni saman þegar hætta steðjar að. Ríkislögreglustjóri aðstoðar við gerð viðbragðsáætlana. Mikilvægt er að æfa áætlanir reglulega.

Lagðar eru ríkar skyldur á ríkisstofnanir, sveitarfélög og í einstaka tilvikum einkaaðila um gerð viðbragðsáætlana eða þróun öryggisráðstafana í samvinnu við ríkislögreglustjóra. Þannig aukast líkur á því að almannavarnakerfið sé reiðubúið til markvissra aðgerða þegar á reynir - að viðbrögð séu vel skilgreind þegar aðgerða er þörf.

Mikilvægt er að samhæfðar viðbragðsáætlanir þar sem allir viðbragðsaðilar hafa hlutverki að gegna séu unnar eftir sama verkþáttaskipulagi, hvort sem unnið er á landi, í lofti eða á sjó. Viðbragðsáætlanir þarf að æfa og uppfæra reglulega og er aðilum sem hafa hlutverki að gegna í skipulagi almannavarna skylt að taka þátt í æfingum.

Einstök ráðuneyti og undirstofnanir, sveitarfélög og stofnanir á þeirra vegum skulu gera viðbragðsáætlun þar sem gerð er grein fyrir viðbrögðum og aðgerðum í almannavarnaástandi. Almannavarnanefndir sveitarfélaga skulu gera viðbragðsáætlanir, sem ná til umdæma þeirra, þar sem gerð er grein fyrir viðbrögðum og aðgerðum í samræmi við hættumat í viðkomandi umdæmi. Áætlanir skulu unnar í samvinnu við ríkislögreglustjóra sem gefur út fyrirmynd um gerð þeirra. Þegar áætlun er unnin eru allir viðbragðsaðilar, sem hlutverki hafa að gegna, boðaðir til samvinnu og samráðs.

Sá aðili, sem venjulega ber ábyrgð á tilteknu sviði eða á tilteknu svæði, skipuleggur jafnframt viðbrögð og kemur að almannavarnaaðgerðum á óvissu- og hættutímum á sínu sviði undir yfirstjórn ríkislögreglustjóra. Ríki, sveitarfélög og stofnanir bera þannig alla jafna ábyrgð hver á sínu sviði. Mikilvægt er að viðbragðsaðilar séu gjörkunnugir viðurkenndu verklagi samkvæmt SÁBF kerfinu svonefnda (stjórnun, áætlun, bjargir og framkvæmd), þekki alla áherslupætti og algeng hugtök, þannig að samvinna geti gengið greiðlega fyrir sig. Þær skyldur eru lagðar á ríkislögreglustjóra samkvæmt almannavarnalögum að framfylgja stefnu stjórnvalda og hafa eftirlit með framkvæmd almannavarnaskipulags, sjá til þess að hættumat sé gert og veita aðstoð við gerð viðbragðsáætlana.

Aðgerð 4. Gerð viðbragðsáætlana

Markmið:	Að gera almennar og sértækar viðbragðsáætlanir sem eru á forgangslista í kjölfar áhættuskoðunar frá 2011. Að gera viðbragðsáætlanir fyrir Stjórnarráðið, ráðuneyti og stofnanir.
Ábyrgð:	Ríkislögreglustjórinn.
Verkefnastjórn:	Ríkislögreglustjórinn.
Lykilaðilar:	Ríkislögreglustjórinn, almannavarnanefndir, viðbragðsaðilar almannavarna, stofnanir ríkis og sveitarfélaga og einkaaðilar sem hafa hlutverki að gegna í skipulagi almannavarna samkvæmt samningi.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Birta lista yfir allar viðbragðsáætlanir sem eru í gildi á hverjum tíma. 2. Gera áætlun um gerð viðbragðsáætlana til þriggja ára þar sem þeim er forgangsraðað með tilliti til áhættuskoðunar almannavarna og hættumats-skýrslna. 3. Viðbragðsáætlanir fyrir ógnir sem skilgreindar eru í fyrsta forgangi verði lokið fyrir árslok 2015. 4. Viðbragðsáætlunum í öðrum forgangi verði lokið fyrir árslok 2016.

Aðgerð 5. Endurskoðun álagsforsenda á mannvirki

Markmið:	Að reglugerðir og lög um mannvirki séu í samræmi við álag vegna náttúruvár.
Ábyrgð:	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.
Verkefnastjórn:	Mannvirkjastofnun.
Lykilaðilar:	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Veðurstofa Íslands, Mannvirkjastofnun og aðrar rannsóknarstofnanir, s.s. Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.

Verkefni næstu þriggja ára:	Yfirfara álagsforsendur á mannvirki.
------------------------------------	--------------------------------------

Aðgerð 6. Vernd mikilvægra menningarverðmæta

Markmið:	Að draga úr líkum á eyðileggingu menningarverðmæta
Ábyrgð:	Forsætisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið.
Verkefnastjórn:	Forsætisráðuneytið.
Lykilaðilar:	Forsætisráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Þjóðminjasafn Íslands, Landsbókasafn - Háskólabókasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðskjalasafn Íslands, Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands, Kvikmyndasafn Íslands, Safnaráð, héraðsskjalasöfn og önnur viðurkennd söfn sem starfa í samræmi við safnalög. Ríkislögreglustjóri, lögregluumdæmi og aðrir viðbragðsaðilar.
Kostnaður	Kostnaður felst einkum í hættumati menningarverðmæta og viðbragðs-áætlanagerð. Miðað er við að hann rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Gerð verði öryggisstefna fyrir íslenskar menningarstofnanir og söfn. 2. Áfallaþol íslenskra safna verði kannað. 3. Skilgreint verði við hvaða öryggisstaðla söfn skuli miða vegna vörslu menningarverðmæta. 4. Menningarverðmæti og staðsetning þeirra verði skráð. 5. Gerð verði viðbragðsáætlun um björgun menningarverðmæta.

4. Viðbragð

Í almannavarnalögum er kveðið á um sérstakt samhæft viðbúnaðarskipulag og stjórnkerfi almannavarna undir forystu ríkislögreglustjóra sem er virkjað vegna þess að neyðarástand er líklegt, yfirvofandi eða ríkar ástæður yfirgnæfandi. Við þær kringumstæður verður þörf á samhæfingu viðbragðsaðila meiri en í daglegum verkefnum. Almennavarnalögin setja skýr viðmið um aðstæður til þess að almannavarnaviðbrögð séu virkjuð. Heimilt er að lýsa yfir almannavarnaástandi þegar neyðarástand er líklegt, er yfirvofandi eða er þegar skolið á.

Almannavarnaástand felur í sér að Ríkislögreglustjóri, á grundvelli heimildar í almannavarnalögum, grípur til stjórnunaraðgerða sem kunna eftir tilvikum að takmarka réttindi manna, t.d. til umferðar eða dvalar, og jafnframt yfirtekur hann stjórn á einstökum þáttum samfélagsins á grundvelli sérstaks verklags sem almannavarnalögin fjalla um. Í almannavarnaástandi ber hver aðili ábyrgð á sínu sviði og vinnur samkvæmt viðbragðsáætlun undir yfirstjórn ríkislögreglustjóra.

Samkvæmt lögum um almannavarnir er það hlutverk ríkislögreglustjóra að taka ákvörðun um almannavarnastig hverju sinni á grundvelli þeirra viðmiða sem lögin setja. Tekið er fram að Ríkislögreglustjóri skuli tilkynna ráðherra ákvörðun sína um almannavarnastig,

enda ber ráðherra hina pólitísku ábyrgð. Þar af leiðandi er mikilvægt að hann fái svo fljótt sem auðið er upplýsingar um framvindu einstakra mála eða atvika.

Almannavarnastig eru þrjú og markast af því hversu alvarlegt aðsteðjandi ástand er. Þau eru: Óvissustig, hættustig og neyðarstig.

- **Óvissustig** einkennist af atburðarás sem er hafin og ætla má að geti leitt til þess að öryggi fólks og/eða byggðar sé í hættu. Á þessu stigi hefst samráð milli almannavarna og þeirra stofnana sem málið varðar. Athuganir, mat á hættu, rannsóknir og vöktun er aukin. Atburðurinn er skilgreindur og hættumat framkvæmt reglulega.
- **Hættustig** einkennist af því að hættumat hefur leitt í ljós að hætta fer vaxandi og grípa verður til tafarlausra ráðstafana til að tryggja sem best öryggi þeirra sem á svæðinu búa eða dvelja. Það er gert með því að efla viðbúnað neyðar- og öryggisþjónustu á viðkomandi svæði, ásamt því að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða, s.s. rýmingar, brottflutnings eða lokunar svæða. Einnig eru leiðbeiningar og viðvaranir einkennandi á þessu stigi.
- **Neyðarstig** einkennist af atburði sem valdið getur slysum á fólki og/eða tjóni á mannvirkjum. Verkefni á þessu stigi einkennast af tafarlausum aðgerðum til að bjarga mannlífum, viðleitni til að afstýra slysum og varna frekara tjóni.

Neyðarskipulag almannavarna og aðgerðir viðbragðsaðila á grundvelli þess ráðast af því hvernig almannavarnastigin eru skilgreind. Aðgerðir geta hafist á óvissustigi (t.d. eldgos), hættustigi eða neyðarstigi (t.d. slys og bráðamengun). Umfang viðbúnaðar ræðst af alvarleika og er flokkað eftir viðeigandi litum; í grænt, gult, rautt og svart. Forgangur við boðun er flokkaður eftir því hversu alvarlegt útkallið er.

Með tilliti til þess sem að framan greinir er lögð áhersla á að ákvörðun ríkislögreglustjóra um almannavarnastig og virkjun almannavarnakerfisins sé skýr. Í ljósi þeirra heimilda sem Ríkislögreglustjóri hefur samkvæmt almannavarnalögum er mikilvægt að tilkynning hans til ráðherra um virkjun almannavarnakerfisins sé ótvíræð – að hann greini ráðherra nákvæmlega frá alvarleika ástands og á hvaða stigi hættan sé.

Neyðarskipulag almannavarna skiptist í A- og B-hluta, þ.e. almennt neyðarskipulag og séráætlanir.

- A. Fjallað um starfsskipulag, stjórnun og verkaskiptingu þegar unnið er að almannavörnum.
- B. Almennir gátlistar um fyrstu viðbrögð þegar áföll verða.

Hægt er að bregðast við hvers kyns neyðarástandi með almenna neyðarskipulaginu þar sem það byggir á stöðluðum áætlunum um almenn viðbrögð við vá. Langt er síðan almenna neyðarskipulagið var síðast uppfært, margt hefur breyst frá þeim tíma, og nauðsynlegt að endurskoða það og uppfæra.

Séráætlanir ná til atburða og viðbragða við tiltekinni vá á tilteknum stað eða svæði. Þær eru mun ítarlegri en almennu neyðaráætlarnir.

Um leið og hættuástand skapast hefjast almannavarnaaðgerðir til að bjarga mannlífum, umhverfi og eignum. Bæði almennar viðbragðsáætlanir og sértækar eru virkjaðar.

- **Á landsvísu:** Samhæfing og yfirstjórn aðgerða fer fram í samhæfingar- og stjórnstöð (SST), sem starfrækt er við embætti ríkislögreglustjóra, í samræmi við almannavarnastig og viðeigandi viðbragðsáætlun hverju sinni.
- **Í umdæmum:** Stjórn aðgerða í hverju lögregluumdæmi fer fram í aðgerðastjórn undir stjórn lögreglustjóra í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð almanna- varna. Í aðgerðastjórn starfa, auk lögreglustjóra, fulltrúar almannavarnanefnda, Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Rauða krossins og annarra viðbragðsaðila.
- **Á vettvangi:** Lögreglustjóri tilnefnir vettvangsstjóra sem fer með stjórn og sam- hæfingu á vettvangi ásamt vettvangsstjórn, samkvæmt skipulagi þar um.

Viðvaranir og rýming

Þegar björgunaraðgerðir hefjast er viðvörunum komið til íbúa á hættusvæði. Viðvör- unarkerfi sem getur sent neyðarskilaboð með SMS í farsíma gerir það að verkum að unnt er að senda boð um yfirvofandi hættu til íbúa og ferðamanna á ákveðnum svæðum, svo fremi að þar sé farsímasamband. Neyðarlínan getur kallað fram alla farsíma, erlenda og innlenda, á tilteknu svæði eða landshluta sem eru innan þjónustusvæðis símafyrirtækj- anna og sent neyðarskilaboð með upplýsingum um aðsteðjandi hættu og leiðbeiningum þar að lútandi. Til að byrja með verða neyðarboðin send á íslensku og ensku frá Neyðar- línunni úr númerinu 112.

Viðvörunarkerfið er mikilvægt til að auka öryggi íbúa og ferðamanna og verður notað ásamt hefðbundnum viðvörunum almannavarna, s.s. í gegnum Ríkisútvarpið og aðra fjölmiðla. Ríkisútvarpið hefur lögbundnu hlutverki að gegna á þessu sviði og skiptir miklu að hlutverk þess sé vel skilgreint og að yfirvöld á sviði almannavarna fari yfir það með reglubundnum hætti.

Ríkislögreglustjóri gefur fyrirmæli um brottflutning fólks af hættusvæði. Þá er lögreglustjóra viðeigandi svæðis heimilt að vísa á brott eða fjarlægja fólk og er öllum skylt að hlíta fyrirmælum og halda brott á þeirri stundu, á þann hátt og til þess móttökustaðar sem ákveðinn er.

Upplýsingamiðlun

Góð upplýsingamiðlun er mikilvæg þegar neyðarástand ríkir. Stjórnvöld og stjórnendur aðgerða þurfa á henni að halda til að draga úr afleiðingum hamfara og stytta þann tíma sem tekur að komast í gegnum fyrstu stig áfalls. Nauðsynlegt er að tryggja skjót og öflug björgunarviðbrögð en um leið þarf að afla réttra upplýsinga til að miðla til allra er málið varða. Mikilvægt er að vera í góðum samskiptum við fjölmiðla til að koma upplýsingum til almennings. Þá verður að upplýsa erlenda fjölmiðla, stjórnvöld og alþjóðastofnanir eins og kostur er þegar afleiðingar hamfara geta haft áhrif út fyrir landsteinana, eins og gerðist t.d. í eldgosunum árin 2010 og 2011.

Upplýsinga- og fjölmiðlateymi ríkislögreglustjóra sem starfrækt er við samhæfingar- og stjórnstöð almanna- varna hefur sannað gildi sitt í þeim náttúruhamförum sem gengið hafa yfir undanfarin ár. Í teyminu eiga sæti, auk fulltrúa ríkislögreglustjóra, upplýsingafulltrúar lykilstofnana eins og Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Landhelgisgæslunnar, Rauða krossins, ráðuneyta og stofnana ríkisins og hlutaðeigandi sveitarstjórna, allt eftir því um hvers konar atburði er að ræða.

Hlutverk teymisins er að koma á framfæri mikilvægum upplýsingum til fjölmiðla og almennings og skulu ráðuneyti leita til hennar um ráðgjöf við miðlun vegna opinberra upplýsinga og frétttaflutnings. Einnig veitir teymið fjölmiðlafólki aðstoð við að skipuleggja störf sín og lætur þeim í té gögn og ráðleggingar um hættusvæði o.fl. Eftir eðli atburða skal koma upp útstöð í nágrenni við vettvang sé þess kostur. Einnig er það hlutverk teymisins að tryggja upplýsingaflæði til viðbragðsaðila, ríkisstjórnar, ráðuneytisstjóra og stofnana er málið snertir samkvæmt sviðsábyrgðarreglunni. Markmiðið er að tryggja samræmda og skilvirka miðlun réttra upplýsinga frá stjórnkerfinu og sérfræðistofnunum.

Til þess að bæta upplýsingamiðlun skal stefnt að því að Ríkislögreglustjóri starfræki upplýsingavef í samstarfi við ráðuneyti og sveitarfélög, stofnanir og aðra aðila, sem verði opinn almenningi. Þar skal birta almennar upplýsingar um atburði, undirbúning, viðbragðsáætlanir og annað sem að gagni kemur. Einnig skal Ríkislögreglustjóri nýta aðra samfélagsmiðla í samskiptum við almenning.

Nauðsynlegt er að almenningur viti af því að viðbragðsaðgerðum hafi verið hrint í framkvæmd og fái réttar fréttir og upplýsingar frá ábyrgum aðilum. Við frétttaflutning skal sérstaklega hugað að hópum og einstaklingum sem ekki eiga auðvelt með að nálgast upplýsingar.

Auk upplýsinga- og fjölmiðlateymis hafa þjónustumiðstöðvar, sem komið hefur verið tíma- bundið á fót vegna hættu eða hættuástands, sannað gildi sitt við upplýsingagjöf til almennings og afgreiðslu fyrirspurna frá íbúum.

Björgun mannlífa

Reynt er að draga úr frekara tjóni og koma í veg fyrir að hætta stigmagnist. Nauðstöddum er veitt hjálp og slasaðir fluttir á sjúkrahús. Veitt er nauðsynleg þjónusta á hættusvæði, komið er upp athvarfi fyrir íbúa og lögum og reglu haldið uppi. Lögð er áhersla á árangursríkt og samhæft stjórnkerfi.

Aðstoð við að takmarka tjón

Það er á verksviði almannavarna að skipuleggja og koma í kring ráðstöfunum sem miða að því að afstýra umhverfis- og eignatjóni af völdum náttúruhamfara, af mannavöldum, vegna farsóttta, hernaðaraðgerða eða af öðrum orsökum. Almannavarnir vinna með viðbragðsaðilum, almenningi, vísindamönnum og stjórnvöldum með það að markmiði að lágmarka tjón.

Aðgerð 7. Uppbygging samhæfingarstöðvar

Markmið:	Að samhæfingar- og stjórnstöð á landsvísu sé starfhæf á hættustundu.
Ábyrgð:	Ríkislögreglustjórinn.
Verkefnastjórn:	Ríkislögreglustjórinn.
Lykilaðilar:	Ríkislögreglustjórinn, stjórn samhæfingar- og stjórnstöðvar almannavarna, Landhelgisgæsla Íslands, Neyðarlínan ohf., Slysavarnafélagið Landsbjörg.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður 2015 rúmist innan fyrirliggjandi fjárhagsramma og

	áætlun frekari uppbyggingar 2016 og 2017 verði kostnaðargreind.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Að yfirfara og endurnýja aðstöðu samhfingarstöðvarinnar svo betur sé hægt að nýta hana vegna samhfingar allra neyðaraðgerða. 2. Að gerð sé þarfagreining á öruggum tækjakosti samhfingar- og stjórnstöðvar almannavarna árið 2015. 3. Að gerð sé á árinu 2015 áætlun á grundvelli þarfagreiningar um uppbyggingu tækjakosts samhfingar- og stjórnstöðvar, sem kæmi til framkvæmda 2016-2017. 4. Að gerð sé áætlun árið 2015 um úrbætur í samskiptum fjarskiptakerfa. 5. Að tilbúin sé áætlun árið 2016 um flutning samhfingar- og stjórnstöðvar á landsvísu á öruggan stað, ef þörf krefur, t.d. í varðskipið Þór. 6. Að gera tillögu að reglugerð um öryggiskröfur neyðarfjarskiptakerfis samhfingar- og stjórnstöðvarinnar sem tryggi aðgang að öruggu fjarskiptakerfi, sem er óháð og aðskilið frá almennum fjarskiptakerfum, vegna samskipta við viðbragðsaðila almannavarna.

Aðgerð 8. Uppbygging aðgerðastjórnstöðva

Markmið:	Að aðgerðastjórn í hverju lögregluumdæmi sé starfhæf á hættustundu.
Ábyrgð:	Ríkislögreglustjórnin, lögreglustjórar.
Verkefnastjórn:	Ríkislögreglustjórnin.
Lykilaðilar:	Almannavarnanefndir, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Rauði krossinn, hlutað-eigandi viðbragðsaðilar skv. viðbragðsáætlun.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Að gerð sé þarfagreining árið 2015 á öruggum og nauðsynlegum tækjakosti stjórnstöðva og settar reglur þar um. 2. Að tryggja nauðsynlegan búnað sem þarf að vera í aðgerðastjórnstöðvum og vettvangsstjórnun í þéttbýli.

Aðgerð 9. Yfirlýsingar um almannavarnaástand

Markmið:	Að ákvörðun ríkislögreglustjórans um almannavarnastig sé skýr og byggð á traustum forsendum og birt með ótvíræðum hætti.
Ábyrgð:	Innanríkisráðuneytið.
Verkefnastjórn:	Ríkislögreglustjórnin.
Lykilaðilar:	Innanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjórnin og lögreglustjórar.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.

Verkefni næstu þriggja ára:	Að setja reglur um form og efni ákvörðunar ríkislögreglustjóra um almannavarnastig og tilkynningu hans þar að lútandi til ráðherra.
------------------------------------	---

Aðgerð 10. Velferð fólks á hættutímum

Markmið:	Að tryggja velferð fólks á hættu- og neyðartímum.
Ábyrgð:	Velferðarráðuneytið, embætti landlæknis vegna áfallahjálpar. Ríkislögreglustjórinn vegna þjónustumiðstöðva.
Verkefnastjórn:	Ríkislögreglustjórinn.
Lykilaðilar:	Ríkislögreglustjórinn, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Rauði krossinn, almannavarnanefndir, þjóðkirkjan, Embætti landlæknis, Landspítali – háskólasjúkrahús (LSH), hlutaðeigandi viðbragðsaðilar skv. viðbragðsáætlun.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Að efla samstarf innan samráðshóps um sálrænan stuðning sem skipaður er fulltrúum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Rauða krossinum, þjóðkirkjunni og Landspítalanum. 2. Að gera áætlanir um uppsetningu og starfrækslu þjónustumiðstöðva í umdæmum fyrir fólk sem þarf að yfirgefa heimili sín. 3. Að settir séu skýrir verkferlar um móttöku og skráningu þeirra sem þurfa að yfirgefa heimili sín, sem og skráningu á dvalarstað fólks með það að markmiði að sameina fjölskyldur. 4. Að efla upplýsingamiðlun á viðeigandi tungumálum til þolenda, aðstandenda og fjölmiðla um afdrif þolenda og annað tengt fjöldahjálparstarfi. 5. Að gera áætlun um nauðsynlegan búnað í þjónustumiðstöðvum. 6. Að skilgreindar verði lágmarkskröfur um þjónustu við þolendur og aðstandendur. 7. Að skilgreind verði viðmið fyrir starfsemi þjónustumiðstöðva.

Aðgerð 11. Alþjóðleg aðstoð vegna neyðaraðgerða hérlendis

Markmið:	Að fyrir liggi fullnægjandi lagaheimildir og viðbragðsáætlanir vegna móttöku erlends hjálparliðs vegna hættuástands hér á landi..
Ábyrgð:	Innanríkisráðuneytið og utanríkisráðuneytið
Verkefnastjórn:	Ríkislögreglustjórinn.
Lykilaðilar:	Innanríkisráðuneytið, utanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjórinn og Rauði krossinn.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Greining á þáttum sem hindra að alþjóðleg aðstoð geti borist og á grundvelli slíkrar greiningar verði áhættuminnkandi aðgerðir ákveðnar. Meðal þess sem þarf að athuga í tengslum við utanaðkomandi aðstoð eru

	undanþágur fyrir björgunarhunda, bráðabirgðastarfsleyfi fyrir lækna, innflutning á fjarskiptabúnaði og úthlutun tíðna. 2. Að undirbúnar verði tillögur að lagaákvæðum er veiti fullnægjandi heimild til móttöku á erlendu hjálparliði vegna almannavarnaástands. 3. Að undirbúin verði viðbragðsáætlun í tengslum við móttöku erlends hjálparliðs. 4. Að fyrir liggi verklagsreglur um beiðni um aðstoð.
--	--

Aðgerð 12. Aðstoð við Íslendinga erlendis á hættusvæðum

Markmið:	Að því að tryggja velferð Íslendinga og brottflutning þeirra af svæðum erlendis þar sem hamfarir hafa orðið eða stórslys.
Ábyrgð:	Utanríkisráðuneytið
Verkefnastjórn:	Utanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjórnin
Lykilaðilar:	Utanríkisráðuneytið, innanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjórnin, Landhelgisgæsla Íslands, Rauði krossinn, Slysavarnafélagið Landsbjörg.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Verkefni næstu þriggja ára:	Gerð viðbragðsáætlunar þar sem skilgreint er hlutverk og samhæfing viðbúnaðar ráðuneyta og stofnana um aðstoð og/eða brottflutning.

5. Eftir hamfarir

Endurreisn

Endurreisn innviða í kjölfar hættuástands er mikilvægur þáttur í almannavarnakerfinu. Starfræksla þjónustumiðstöðva almannavarna hefur sannað gildi sitt en slík miðstöð var fyrst sett upp vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi árið 2008. Frá þjónustumiðstöð er upplýsingum komið til fólks á hamfarasvæði og þeim sem orðið hafa fyrir tjóni veitt nauðsynleg þjónusta og aðstoð. Mikilvægt er að endurreisn sé liður í neyðaraðstoð eftir hamfarir og tryggja verður að upplýsingar og þjónusta nái til allra, þ. á m. þeirra sem ekki hafa íslensku að móðurmáli og fólks sem getur ekki nálgast upplýsingar, t.d. sökum fötlunar.¹⁶

Endurmat

Að almannavarnaaðgerðum loknum eru þær rýndar og metnar af sjálfstæðum úttektaraðila í því skyni að draga lærdóma af fenginni reynslu. Þingkjörin nefnd, rannsóknarnefnd almannavarna, gerir úttekt á því hvernig staðið var að aðgerðum og framkvæmd viðbragðsáætlana sem stuðst var við. Nefndin, sem starfar sjálfstætt og er óháð stjórnvöldum, tekur saman skýrslu til ráðherra, ríkislögreglustjóra og allsherjar- og

¹⁶ Hyogo Framework for Action 2005-2015: ISDR International Strategy for Disaster Reduction, The United Nations Office for Disaster Risk Reduction, www.unisdr.org/wcdr/intergover/official-doc/L-docs/Hyogo-framework-for-action-english.pdf.

menntamálanefndar Alþingis um niðurstöður sínar. Þá gerir nefndin tillögur um úrbætur eða vekur athygli á atriðum sem henni þykja máli skipta.

Aðgerð 13. Endurreisn

Markmið:	Að vinna stefnu og verklag um endurreisn byggðarlaga eftir hamfarir
Ábyrgð:	Forsætisráðuneytið
Verkefnastjórn:	Forsætisráðuneytið
Lykilaðilar:	Forsætisráðuneytið, innanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjórnin, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Viðlagatrygging Íslands, Ofanflóðasjóður, Bjargráðasjóður, sveitarfélög og viðbragðsaðilar.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Að móta stefnu eða verkferla um meðferð fjármuna í neyðaraðgerðum og endurreisnarstarfi.

Aðgerð 14. Endurmat eftir aðgerðir

Markmið:	Að fram fari kerfisbundið endurmat á almannavarnaviðbrögðum eftir lok almannavarnaástands.
Ábyrgð:	Innanríkisráðuneytið
Verkefnastjórn:	Rannsóknarnefnd almannavarna.
Lykilaðilar:	Innanríkisráðuneytið, rannsóknarnefnd almannavarna, ríkislögreglustjórnin, viðbragðsaðilar.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Setja í reglugerð ákvæði um starfsemi rannsóknarnefndar um almannavarnir. 2. Tryggja að lærdómur áfalla verði rýndur og nýttur til að styrkja viðbragðskerfið.

III. VERND MIKILVÆGRA INNVIÐA SAMFÉLAGSINS

Á fyrsta fundi almannavarna- og öryggismálaráðs í júní 2009 var samþykkt að áfram yrði unnið að undirbúningi og gerð viðbragðsáætlaana um netöryggi og vernd mikilvægra innviða samfélagsins.

Í samræmi við greiningu á mikilvægum innviðum og ákvæði laga um almannavarnir skiptist ábyrgð og verkefnastýring, t.d. vegna athugana og greininga á áfallapoli, á milli ráðuneyta. Áætlanir ríkis og sveitarfélaga á sviði almannavarna og öryggismála miða m.a. að því að tryggja öryggi mikilvægra innviða með áhættumati, mótvægisáðgerðum og viðbragðsáætlunum.

Mynd 5. Mikilvægir samfélagsinnviðir og hugsanleg innbyrðis tengsl atburða

Truflanir og hugsanlegar innbyrðis tengingar atburða	Nátúruvá/ meiriháttar stórslys/umhverfisógn	Raforkutruflanir	Fjarskipttruflanir	Samgöngurof eða alvarlegar truflanir	Truflanir í veitustofnunum	Röskun á heilsu og velferð íbúa	Röskun á aðföngum og fæðuframboði	Truflanir í greiðslumiðlun og fjármálastarfsemi	Hryðjuverk og glæpastarfsemi sem getur haft áhrif á samfélagið
Raforkurof og meiriháttar truflun á flutningi og dreifingu á raforku	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Truflun á fjarskiptum, netöryggi og upplýsingakerfum	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Truflun á útvarps- og sjónvarpskerfum /útsendingum á landsvísi	X	X	X						X
Alvarlegar samgöngutruflanir	X	X		X	X	X	X		X
Truflun eða rof á innflutningi	X			X		X		X	X
Skortur á olíu/bensíni	X			X			X		X
Eldgos, sprengigos, öskufall	X	X	X	X	X	X	X		
Flugslys, hópslys á sjó eða landi	X			X					X
Slys með SEG efni* (CBRNE)	X					X			X
Meiriháttar mengunarslys	X					X	X		
Hryðjuverkaógnun eða árás		X	X		X	X		X	X
Íslendingar erlendis lenda í árás eða stórslysi	X					X			X

Heimild: Áhættuskoðun almannavarna 2011, 114. Taflan sýnir innbyrðis tengingar atburða, truflanir og hugsanlegar innbyrðis tengingar atburða. *SEG efni, sýkla-, eitur- og geislavirk efni, sjá sömu heimild, 107.

Í áhættuskoðun almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra frá árinu 2011 kemur fram að á undanförunum áratugum hefur verið lögð áhersla á uppbyggingu helstu innviða í gegnum flókin tölvukerfi.¹⁷ Niðurstöður úr áhættuskoðuninni sýna að margar ógnir við innviði og annars konar öryggi eru óháðar svæðum og landshlutum og geta haft áhrif á öllu landinu og jafnvel út fyrir það. Athuginin leiðir í ljós að gera verður heildstætt mat á mikilvægum innviðum á landsvísi, s.s. fjarskiptum og raforku þar sem um landskerfi er að ræða og kerfin eru hvort öðru háð eins og sjá má á mynd 5.

Nauðsynlegt er að gerð verði könnun á veikleikum og áfallapoli innviða samfélagsins, þ. á m. orku-, net- og upplýsingakerfa. Þeir sem ábyrgð bera á hverju kerfi er einnig skylt að tryggja öryggi þess. Sérstaklega þarf að huga að því hvernig tryggja má öryggi á þeim sviðum sem eru mjög háð fjarskiptum. Má þar m.a. nefna æðstu stjórn ríkisins, öryggisstofnanir, fjármálafyrirtæki, orkufyrirtæki og ýmsa þætti stjórnsýslunnar. Starfræksla á einum innviði er oft forsenda fyrir starfsemi annars.

Mikilvægum innviðum samfélagsins má skipta í átta flokka. Þeir eru:

- Fjarskipti, net- og upplýsingakerfi.
- Orkukerfi.
- Heilbrigðisþjónusta.
- Matvæla-, fæðu-, neysluvatns- og fráveitukerfi.
- Löggæsla, viðbúnaðar og neyðarþjónusta.
- Samgöngukerfi.
- Æðsta stjórn ríkisins.
- Fjármálakerfi.

Fjarskipti, net- og upplýsingaöryggi

Net- og upplýsingaöryggi má skilgreina sem getu net- og upplýsingakerfa til að tryggja að ákveðin, öryggismörk standist mannleg mistök og að skemmdarstarfsemi hafi ekki áhrif á tiltækileika, staðfestingu, áreiðanleika, rekjanleika og leynd gagna sem vistað eru og send um viðkomandi kerfi. Allt sem getur haft áhrif á að net- og upplýsingakerfin, gögnin eða búnaðurinn starfi eins og til er ætlast fellur undir þætti sem varða öryggi. Opinberir aðilar gegna mikilvægu hlutverki á sviði net- og upplýsingaöryggis. Mikilvægt er að opinberar stofnanir leggi áherslu á að huga að vaxandi ógnum á þessu sviði, jafnframt því sem tækifærin eru nýtt.

Flutningur á orku og vatni, skipa- og landflutningar, flugsamgöngur, heilsuvernd, löggæsla, banka- og verðbréfaþjónusta og viðbragðs- og neyðarþjónusta eru mikilvægir samfélagsþættir sem háðir eru traustum fjarskiptum. Komi til stórvægilegra truflana á fjarskiptakerfum hér á landi getur það haft alvarlegar afleiðingar á alla starfsemi í samfélaginu.

Forgangsmál er að auðkenna þau net- og upplýsingakerfi sem snerta almanna- og þjóðaröryggi. Þau verður að greina með tilliti til áhættu og veikleika og öryggi þeirra verður að samhæfa. Skilgreina þarf kröfur ríkisins um ómissandi upplýsingainnviði og hver ber ábyrgð. Skýra þarf stjórnskipulag í rekstri þeirra, ábyrgðarsvið og skyldur þeirra sem falið er að sinna einstökum rekstrarþáttum. Gera þarf viðbragðsáætlun um neyðarstjórnun ef rekstrarrof verður vegna netárása eða af öðrum orsökum.

¹⁷ Áhættuskoðun almannavarna, 110.

Aðgerð 15. Fjarskipti, net- og upplýsingaöryggi

Markmið:	Að ná ásættanlegum áreiðanleika og öryggi fjarskipta og netnotkunar.
Ábyrgðaraðili:	Innanríkisráðuneytið.
Verkefnastjórn:	Innanríkisráðuneytið.
Lykilaðilar:	Innanríkisráðuneytið, utanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjórinn, Póst- og fjarskiptastofnun, Persónuvernd, Neyðarlínan, fjarskiptafyrirtæki, Landhelgisgæsla Íslands, orkufyrirtæki, lögreglustjórar, Mannvirkjastofnun, Vaktstöð siglinga og fleiri.
Kostnaður	Gera þarf úttektir og skrifa skýrslur. Aðkeypt sérfræðivinna gæti kostað 3-4 milljónir. Miðað er við að kostnaður vegna annarra þátta rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Ógnir:	Náttúruhamfarir, bilanir, mannleg mistök, óljósar kröfur til lágmarks rekstrar-öryggis neyðarfjarskipta. Óljós verkaskipting aðila á neyðarstundu. Almennur fjárskortur. Skortur á fjármagni til endurbóta vegna öryggismála skortur á eftirliti (vottun). Skemmdarverk.
Mótvægi:	Lög og reglugerðir, eftirfylgni og eftirlit með þeim. Netöryggissveit CERT-ÍS (Computer Emergency Responce Team), Póst- og fjarskiptastofnun, ríkislögreglustjórinn. Skipulag og reglubundnar viðbúnaðaræfingar. Neyðarsímsvörun, eldvarnareftirlit. Enn fremur að tryggja öruggan gagnaflutning frá mælakerfum ýmiss konar sem nauðsynlegir eru til að bregðast við atburðum, s.s. náttúruvá.
Næmi:	Bilanir, mannleg mistök, skemmdarverk, gallar, rafmagnsleysi, rof sæstrengja, fáar varaleiðir eða skortur á þeim. Villur og yfirsjónir sem orsaka innbyggða veikleika.
Viðbragð:	Netöryggissveit CERT-ÍS, virkt og æft viðbúnaðarferli undir stjórn e.k. neyðar-ráðs sem hefur aðgang að samhfingaraðstöðu. Ríkislögreglustjóri, Landhelgisgæslan með öruggu og lokuðu fjarskiptakerfi við NATO og aðildarríki þess.
Eftir atburð:	Þátttakendur rýna verklag til að læra af reynslunni og bæta það.
Verkefni 2015 - 2017:	- Greina lágmarkspjónustupörf vegna almannaöryggis á sviði fjarskipta, net- og upplýsingaöryggis og skrifa skýrslu um niðurstöður með tillögum um aðgerðir. - Mótuð verði stefna og aðgerðaáætlun stjórnvalda um net- og upplýsingaöryggi og vernd upplýsingakerfa mikilvægra samfélagsinnviða er varða þjóðaröryggi (NCSS: National Cyber Security Strategy). - Mat á nauðsynlegum viðbúnaði til þess að tryggja öryggi fjarskiptakerfa og gerð viðbragðsáætlunar vegna truflana og langvarandi rofs á fjarskiptum og netógnna. - Ríkislögreglustjóri í samvinnu við hlutaðeigandi aðila tilgreini hvað teljist til upplýsingakerfa ómissandi innviða samfélagsins. - Meta öryggisþörf fjarskiptakerfa gegn skipulögðum árásum, innbrotum og

	hlerunum. Yfirfara þarf löggjöf með tilliti til þess hvort fullnægjandi kröfur séu gerðar um öryggismál og skrifa skýrslu um niðurstöður með tillögum um aðgerðir. 6. Mat á nauðsynlegum viðbúnaði til þess að tryggja öryggi fjarskiptakerfa og gerð viðbragðsáætlunar vegna truflana og langvarandi rofs á fjarskiptum og netögna. 7. Gera áætlun um vernd spennistöðva, mastra og ljósleiðara gegn skemmdarverkum.
--	--

Aðgerð 16. Innviðir mælikerfa til eftirlits og rannsókna

Markmið:	Að tryggja umfang og rekstur mikilvægra mælikerfa til umhverfissvöktunar Að tryggja aðgang að gögnum vegna umhverfissvöktunar til eftirlits og rannsókna.
Ábyrgðaraðili:	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.
Verkefnastjórn:	Veðurstofa Íslands.
Lykilaðilar:	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Veðurstofa Íslands, Vegagerðin, Samgöngustofa, Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, Umhverfisstofnun, Geislavarnir ríkisins, orkufyrirtæki, sveitarfélög.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Ógnir:	Óljósar kröfur um nauðsynlegt umfang mælikerfanna. Náttúruhamfarir, bilanir, mannleg mistök, óljósar kröfur til lágmarks rekstrar-öryggis fjarskipta. Óljós verkaskipting aðila á neyðarstundu. Fjárskortur, skortur á eftirliti (vottun) og til endurbóta vegna öryggismála. Skemmdarverk.
Mótvægi:	Þarfagreining á umfangi landsnets mælikerfa á grundvelli þeirrar náttúrvár og ógna sem íslenskt samfélag býr við. Lög og reglugerðir, eftirfylgni og eftirlit með þeim.
Næmi:	Náttúruhamfarir, bilanir, mannleg mistök, skemmdarverk, gallar, rafmagnsleysi, rof sæstrengja, fáar varaleiðir eða skortur á þeim. Villur og yfirsjónir sem orsaka innbyggða veikleika.
Viðbragð:	Aðlögun og uppbygging landsnets mælikerfa. Netöryggi fyrir gagnaflutning.
Eftir atburð:	Landsnet mælikerfa verði endurskoðað og endurbætt ef þörf er á.

Verkefni næstu þriggja ára:	1. Þarfagreining á umfangi landsnets mælikerfa. 2. Samræming á mælibúnaði og gæðakröfum til hans. 3. Meta hvort núverandi fjármagn dugi til uppbyggingar og reksturs þeirra kerfa sem uppfylla þarfnar og gera tillögur um úrbætur ef þörf er á. 4. Samræmd umsjón mælikerfa. 5. Athuga þörf á breytingum laga og reglugerða til að tryggja innviði mælikerfa til eftirlits og rannsókna.
------------------------------------	---

Orka

Orkuöryggi miðast við að tryggja nægilegt og öruggt framboð á orkugjöfum, rafmagni, heitu vatni og jarðefnaeldneyti, fyrir heimili, grunnþjónustu og atvinnulíf, sem og að vernda innviði orkuviðnáðarins fyrir truflunum vegna náttúruvár, skemmdarverka eða af öðrum orsökum.

Raforkulög kveða á um neyðarsamstarf aðila innan raforkukerfisins, NSR, sem er samvinnuvettvangur vinnslufyrirtækja, flutningsfyrirtækis (Landsnets), dreifiveitna, stórnotenda og opinberra aðila, þ. á m. Orkustofnunar og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis (áður iðnaðarráðuneytis), vegna vár sem steðjar að vinnslu, flutningi eða dreifingu raforku. Markmið hagsmunaaðila er að veita aðstoð og samræma aðgerðir. Þá er í lögunum kveðið á um neyðarstjórnun raforkukerfisins ef almannahag, öryggi fólks, mannvirkja og starfsemi er ógnað.

Orkuöryggi á sviði jarðefnaeldsneytis er metið í ljósi þess hve truflun á framboði getur haft víðtæk áhrif. Nægt framboð jarðefnaeldsneytis er forsenda öryggis á fjölmörgum sviðum, m.a. fæðuöryggis (vegna landbúnaðar, fiskveiða, innflutnings á matvöru og vörudreifingar), almennra samgangna, löggæslu og sjúkraflutninga. Viðbúnaðarbirgðir (e. emergency petroleum reserves) eru birgðir af olíu sem ríki hafa tiltækar í því skyni að tryggja orkuöryggi og efnahagslegan stöðugleika.

Aðgerð 17. Raforkukerfi

Markmið:	Mat á kröfum til að til sé nægjanleg raforka til þess að mikilvægir innviðir virki eins og kostur er á neyðartímum.
Ábyrgð:	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti ásamt umhverfis- og auðlindaráðuneyti.
Verkefnastjórn:	Landsnet
Lykilaðilar:	Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti, raforkuframleiðendur, Landsnet, dreifiveitur, neyðarsamstarf raforkukerfisins (NSR), almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Orkustofnun, Samorka, Mannvirkjastofnun, byggingarfulltrúar, ásamt öðrum.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirliggjandi fjárhagsramma.

Ógnir:	Náttúruhamfarir, loftslagsbreytingar, mannleg mistök, skemmdarverk, ónóg fagþekking, fjárþurrð, skortur á aðföngum, stríðsástand, lítil endurnýjun kerfa.
Mótvægi:	Lög og reglugerðir. Viðbragðsáætlanir, reglubundnar viðbragðsæfingar, reglubundið eftirlit og viðhald búnaðar, öflug þjálfun viðbragðsaðila, samstarf raforkuframleiðenda, flutningsaðila, dreifiaðila og annarra sem haft geta áhrif á öryggi. Mannvirkjastofnun hefur eftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raf-fanga í raforkumannvirkjum.
Næmi:	Mannleg mistök, skemmdarverk, stórfelldar bilanir, náttúruhamfarir, loftslagsbreytingar, skortur á aðföngum.
Viðbragð:	Varaafstöðvar viðskiptavina, flutnings- og dreifiveitna. Viðbragðsáætlanir, neyðarskipulag raforkuframleiðenda (NSR), raforkuflutnings- og dreifiaðila.
Eftir atburð:	Uppbygging kerfisins, rannsóknir, úrvinnsla, skýrslugerð og kynning.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Mat á nauðsynlegum viðbúnaði til þess að tryggja öryggi raforkukerfisins og gerð viðbragðsáætlunar vegna truflana og langvarandi rofs á raforku-dreifingu. 2. Skilgreina lágmarkskröfur um öryggi og virkni raforkumannvirkja. Gera áætlun um vernd virkjana, spennistöðva, mastra og dreifikerfis vegna skemmdarverka. 3. Endurskoðun og áframhaldandi uppbygging á neyðarsamstarfi vegna raforkukerfisins.

Aðgerð 18. Hitaveitur

Markmið:	Að hitaveitur geti annast dreifingu á varmaorku á neyðartímum og geri neyðaráætlanir í þeim tilgangi.
Ábyrgð:	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
Verkefnastjórn:	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
Lykilaðilar:	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, sveitarfélög, Samorka, Orkustofnun, hitaveitufyrirtæki. Mannvirkjastofnun, ríkislögreglustjóri, ásamt öðrum.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Ógnir:	Náttúruhamfarir, mannleg mistök, skemmdarverk, ónóg fagþekking, fjárþurrð, skortur á aðföngum, langvarandi rafmagnsbilanir.
Mótvægi:	Lög og reglugerðir. Orkustofnun sér um eftirlit. Reglubundnar viðbragðsæfingar, reglubundið eftirlit og viðhald búnaðar, þjálfun viðbragðsaðila.
Næmi:	Mannleg mistök, skemmdarverk, stórfelldar bilanir, náttúruhamfarir, loftslagsbreytingar, skortur á aðföngum.

Viðbragð:	Varaafstöðvar, viðbragðsáætlanir.
Eftir:	Uppbygging kerfisins, rannsóknir, úrvinnsla, skýrslugerð og kynning.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Leggja þarf áherslu á ábyrgð eigenda veitufyrirtækja og eigenda neysluveitna. 2. Mat á nauðsynlegum viðbúnaði til þess að tryggja öryggi og virkni hitaveitna og gerð viðbragðsáætlunar vegna truflana og langvarandi rofs á dreifingu..

Aðgerð 19. Jarðefnaeldsneyti

Markmið:	Að til séu 30 daga birgðir í landinu og gerðar séu viðbragðsáætlanir. Langtíamarkmið: Að til séu 90 daga birgðir.
Ábyrgð:	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
Verkefnastjórn:	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
Lykilaðilar:	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Orkustofnun, olúfélög.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Ógnir:	Náttúruhamfarir, skemmdarverk, slys, óhöpp, röskun á innflutningi eldsneytis, stríðsástand.
Mótvægi:	Lög og reglugerðir. Girðingar í kringum olútanka. Sólarhringsvaktir og myndavélar eru við tanka. Samantekt á birgðatölum á þriggja mánaða fresti.
Næmi:	Mannleg mistök, skemmdarverk.
Viðbragð:	Viðbragðsáætlanir eru til hjá olúfélögunum. Skömmun á olíu.
Eftir atburð:	Rýna aðgerðir.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Greina þarf hversu háð íslenskt samfélag er innflutningi á olíu. 2. Fá olúfélög til að senda upplýsingar um birgðatölur til Hagstofu Íslands einu sinni í mánuði í stað á þriggja mánaða fresti. 3. Vinna viðbragðsáætlanir vegna olíuskorts. 4. Vinna að orkustefnu fyrir Ísland.

Heilbrigðisþjónusta

Heilbrigðiskerfið gegnir lykilhlutverki í almannavarnarviðbrögðum. Farsóttir geta kallað á neyðarviðbrögð sóttvarna og haft víðtæk samfélagsleg áhrif, s.s. lokun flugvalla og siglingabann til og frá landinu.

Aðgerð 20. Heilbrigðisþjónusta

Markmið:	Að heilbrigðiskerfið geti brugðist við í almannavarnaástandi Að til séu nægilegar birgðir lyfja til þess að takast á við afleiðingar hamfara í sex mánuði.
Ábyrgð:	Velferðarráðuneytið.
Verkefnastjórn:	Embætti landlæknis
Lykilaðilar:	Velferðarráðuneytið, sóttvarnalæknir, landlæknir, heilbrigðisstofnanir, heilsugæsla, lyfjafyrirtæki, sveitarfélög, Umhverfisstofnun, Þjóðskrá Íslands, Mannvirkjastofnun, ríkislögreglustjóri.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður við þessa skipulagsvinnu rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Ógnir:	Heimsfaraldur inflúensu, farsóttir, náttúruhamfarir, skemmdarverk, umferð fólks til landsins, röskun á innflutningi lyfja og búnaðar.
Mótvægi:.	Sóttvarnalög og samstarfsnefnd um sóttvarnir. Bólusetningar, hreinlæti og fræðsla. Alþjóðlegt samstarf og vöktun hjá sóttvarnalækni. Sóttvarnalæknir er tengiliður við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina. Þjóðskrá er með lögbundið hlutverk um skráningu fólks og landfræðileg upplýsingakerfi.
Næmi:	Heimsfaraldur inflúensu og farsóttir.
Viðbragð:	Landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu, aðrar áætlanir um inflúensu. Viðbragðsáætlanir vegna annarra farsótta, eins og t.d. bólsóttar. Viðbragðsáætlanir heilbrigðisstofnana. Áætlun um skipulag áfallahjálpar. Áætlanir vegna eiturefna, sýkla og geislavirkra efna.
Eftir atburð:	Þátttakendur rýna verkferla.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Uppfæra landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu og aðrar inflúensu-áætlanir. 2. Mótun og viðhald viðbragðsáætlana gegn atburðum sem ógna lýðheilsu hér á landi og á heimsvísu, þ.m.t heimsfaröldrum. 3. Áætlun um grundvallar viðbúnað, einkum á flugvöllum og við hafnir. 4. Skilgreina og ákveða nauðsynlegar lyfjabirgðir. 5. Heilbrigðiseftirlit á flugvöllum og höfnum.

Matvæla-, fæðu- og neysluvatnsöryggi

Matvælaöryggi felst í aðgangi að nægum, öruggum og næringarríkum matvælum. Lega landsins og náttúra gerir það að verkum að Íslendingar eru háðir innflutningi matvæla og aðfanga til matvælaframleiðslu. Fæðuöryggi lýtur að aðgengi að fæðu og framboði af heilnæmum og öruggum matvælum. Neysluvatnsöryggi felst í öruggu aðgengi að neysluhæfu vatni.

Aðgerð 21. Fæðuöryggi

Markmið:	Að til sé áætlun um að nægar birgðir séu til af heilnæmum mat og ómenguðu neysluvatni í að minnsta kosti sex mánuði.
Ábyrgð:	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
Verkefnastjórn:	Matvælastofnun
Lykilaðilar:	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Matvælastofnun, Matís ohf., Hafrannsóknastofnun, Fiskistofa, Veiðimálastofnun, sveitarfélög, Landhelgisgæsla Íslands, Umhverfisstofnun, slökkvilið og Mannvirkjastofnun. Matvælaframleiðendur, bæði á frum- og vinnslustigi, og birgjar.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður við þessa skipulagsvinnu rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Ógnir:	Náttúruhamfarir, loftlagsbreytingar, mengun, mannleg mistök, skemmdarverk, skortur á olíu og áburði. Einangrun landsins með lokun landamæra, siglinga- og flugleiða. Lokun á innflutning matvæla og efna, efnahagshrun, sjúkdómar í skepnum, plágur, influensa, dýrasjúkdómar. Eiturefna- og mengunarslys. Stríðsástand.
Mótvægi:	Lög og reglugerðir. Vöktun á sjó og landi. Tryggja rekstrarvörur til matvælaframleiðslu, olíur, tæki, lyf, o.fl. Vera undir það búin að geta leiðbeint fólki að bjarga sér við mataröflun.
Næmi:	Innflutningur matvöru og birgðir, birgðir verslana. Mannleg mistök.
Viðbragð	Skömmun matvæla og eldsneytis. Stjórnun á útdeilingu á fóðri. Fylgjast með umhverfinu hvort heldur á sjó, landi og í lofti og meta ástand þess m.t.t. hvort óhætt er að neyta matvæla.
Eftir atburð:	Að halda matvælaframleiðslu gangandi. Fylgjast með birgðahaldi í sláturhúsum og hjá fyrirtækjum í sjávarútvegi. Birgðabókhald – yfirlit um birgðastöðu. Matur og vatn til staðar. Tryggja dreifingu. Tryggja aðföng til framleiðslu á matvælum frá sjó og landi.
Viðbragðskerfi:	Birgðakerfi, viðbragðsáætlanir.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Setja þarf lög um eftirfarandi atriði: Matvælageymslur, dreifingu matar, orku og eftirlit. 2. Gerð viðbragðsáætlunar fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. 3. Viðbragðsáætlun við matvælaaskorti í samráði við helstu birgja. 4. Utanumhald og skýr upplýsingamiðlun. 5. Vöktunarstofnanir geri áætlun um hvernig bregðast skuli við í kjölfar hamfara. 6. Gera neyðaráætlun um hagvarnir, birgðir og neyðarflutninga til og frá landinu.

Aðgerð 22. Matvælaöryggi

Markmið:	Vernda heilsu fólks með því að tryggja heilnæmi og gæði matvæla.
Ábyrgð:	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
Verkefnastjórn:	Matvælastofnun.
Lykilaðilar:	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Matvælastofnun, heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, Matís ohf., Hafrannsóknastofnun, Fiskistofa, Veiðimálastofnun, Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum, sóttvarnalæknir, Tollstjóri.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður við þessa skipulagsvinnu rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Ógnir:	Náttúruhamfarir. Mengun. Mannleg mistök. Skemmdarverk. Alvarlegir búfjár- og plöntusjúkdómar. Eiturefnaslys.
Mótvægi:	Lög og reglugerðir. Sjúkdómavöktun og varnir gegn dýra- og plöntusjúkdómum. Matvælaeftirlit. Rannsóknir og rannsóknargagnagrunnar vegna vöktunar umhverfis, frumframleiðslu afurða og matvæla. Grunnildi aðskotaefna og mengun varðandi umhverfi og matvæli.
Næmi:	Innflutningur matvöru og birgðir, mannleg mistök.
Viðbragð:	Viðbragðsáætlanir, birgðakerfi.
Eftir atburð:	Sannprófun úrbóta á umhverfi og matvælum, tíðara eftirlit og rannsóknir.
Viðbragðskerfi:	Viðbragðsáætlun vegna fæðusjúkdóma, viðbragðsáætlun vegna mengaðs fódurs, viðbragðsáætlun vegna smitsjúkdóma í búfé.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Uppfæra viðbragðsáætlun vegna fæðusjúkdóma og mengaðs fódurs. 2. Ljúka innleiðingu á áhættumiðuðu opinberu matvælaeftirliti. 3. Gerð verði viðtæk áhættuskoðun á sviði matvælaöryggis, m.a. með tilliti til birgðahalds og viðbragðsáætlana á neyðartímum. 4. Endurbæta gagnagrunna.

Aðgerð 23. Neysluvatnsöryggi

Markmið:	Vernda heilsu fólks með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint.
Ábyrgð:	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
Verkefnastjórn:	Umhverfisstofnun
Lykilaðilar:	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Umhverfisstofnun, Matvælastofnun, heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisnefndir

	sveitarfélaga, sveitarfélög og vatnsveitur, ásamt öðrum.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður við þessa skipulagsvinnu rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Ógnir:	Náttúruhamfarir, mengun, mannleg mistök, skemmdarverk, sjúkdómar í skepnum, flensúsúkdómar, plágur, eiturefnaslys.
Mótvægi:	Eftirlit, vöktun og rannsóknir með vatnsbólum og í kringum vatnsverndarsvæði. Leiðbeiningar Matvælastofnunar um sýnatöku á neysluvatni, gæði og meðhöndlun yfirborðsvatns. Lög og reglugerðir.
Næmi:	Mengunarslys, mannleg mistök.
Viðbragðskerfi:	Viðbragðsáætlanir heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga vegna gruns um fæðu-sjúkdóma. Tilkynningar til neytenda. Stöðva dreifingu vatns. Greina uppruna mengunar. Eftirlit og rannsóknir. Aðgerðir til þess að endurheimta vatnsgæði.
Eftir atburð:	Sannprófun úrbóta, tíðara eftirlit og rannsóknir.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Skilgreina kröfur um verndun vatnsbóla og gerðar öryggisúttektir á þeim. 2. Gerð leiðbeininga um neysluvatn sem byggja á hinum ýmsu reglugerðum þar um. 3. Gerð öryggis- og viðbragðsáætlana.

Viðbúnaðar- og neyðarþjónusta

Viðbúnaðar- og neyðarþjónusta er annars vegar sinnt af starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga, m.a. lögreglu, Landhelgisgæslunni, slökkviliði, starfsmönnum Neyðarlínunnar og heilbrigðiskerfisins. Hins vegar er henni sinnt af sjálfboðaliðasamtökum, björgunarsveitunum og Rauða kross deildum.

Aðgerð 24. Viðbúnaðar- og neyðarþjónusta

Markmið:	Auka og bæta samstarf viðbragðsaðila og hlutaðeigandi stofnana vegna viðbúnaðar.
Ábyrgð:	Innanríkisráðuneytið.
Verkefnastjórn:	Ríkislögreglustjórnin.
Lykilaðilar:	Ríkislögreglustjórnin, forsætisráðuneytið, viðbragðsaðilar, Skipulagsstofnun, Mannvirkjastofnun, slökkvilið sveitarfélaganna, Landmælingar Íslands, Landhelgisgæslan, Þjóðskrá Íslands, Veðurstofan, rannsóknarnefnd almannavarna.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Ógnir:	Áhættuþættir af mannavöldum, náttúruvöldum og vegna tæknilegra bilana.

Mótvægi:	Ríkislögreglustjóri með áhættumati, viðbragðsáætlanagerð, æfingar og þjálfun. Veðurstofan með áhættumati og viðbragðsáætlanagerð. Skipulagsstofnun með upplýsingabanka um stöðu skipulagsmála í sveitarfélögum og umhverfismat. Mannvirkjastofnun með eftirliti með slökkviliðum og þjálfun og menntun slökkviliðsmanna. Slökkviliðin með eldvarnareftirliti. Landmælingar Íslands með kortavinnslu, tryggja að ávallt séu til staðfræðilegar og landfræðilegar grunnupplýsingar um landið.¹⁸ Sjómælingasvið LHG með sjókort. Þjóðskrá með lögbundið hlutverk um skráningu fólks, mannvirkja, og landfræðilegum upplýsingakerfum. Viðbragðsaðilar með þjálfun og æfingum.
Næmi:	Mannleg mistök, skemmdarverk.
Viðbragðskerfi:	Áætlanir, sameiginlegir fundir og kynningar á starfi viðbragðsaðila. Slökkvilið sveitarfélaganna með björgun. Lögregla með stjórnun aðgerða. Landhelgisgæslan ber ábyrgð á leit og björgun á sjó og vegna loftfara og aðstoðar við leit, björgun og viðbragðsþjónustu á landi. Rauði krossinn með fjöldahjálp, félagslegu hjálparstarfi og neyðarvörnum. Slysavarnafélagið Landsbjörg með leit og björgun á landi og sjó. Þjóðskrá með landfræðilegum upplýsingakerfum.
Eftir atburð:	Rannsóknarnefnd almannavarna. Viðbragðsaðilar rýna verkferla.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Að þróa frekari samskiptamöguleika á milli fjarskiptakerfa. 2. Að gera aðgerðakort sem byggjast á traustum landfræðilegum kortagrunnum. 3. Allir viðbragðsaðilar skulu hafa tekið SÁBF-skipulagið upp fyrir árslok 2015. Námsfni byggt á því verður að nota við þjálfun þeirra sem stjórna aðgerðum á hættutímum. 4. Að viðbragðsaðilar nýti samhæfingar- og stjórnstöð vegna samhæfingar við hvers kyns aðgerðir.

Samgöngukerfi

Mikil hættu getur skapast um allt land ef samgöngur rofna eða leggjast af hvort sem um er að ræða siglingar, landflutninga eða flug. Greiðar samgöngur eru forsenda þess að unnt sé að koma við björgunaraðgerðum, flutningi á fólki og helstu nauðsynjum.

¹⁸ Með landupplýsingum er átt við gögn og upplýsingar (s.s. kort og loftmyndir) sem tengjast stað á, í eða yfir jörðu, hvort heldur með hnitum eða auðkenni, t.d. heimilisfangi eða pósthúsi. Grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar er skilgreind sem tækni, stefnur, staðlar og mannauður sem þarf til að afla stafræna landupplýsinga, vinna úr þeim, varðveita, miðla og auðvelda notkun þeirra.

Aðgerð 25. Samgöngukerfi á sjó

Markmið:	Að auka vöktun, öryggi og vernd skipa á siglingu í kringum landið, öryggi áhafna, farþega, strandsvæða, farms og hafnaraðstöðu.
Ábyrgð:	Innanríkisráðuneytið.
Verkefnastjórn:	Landhelgisgæsla Íslands.
Lykilaðilar:	Innanríkisráðuneytið, Samgöngustofa og Vegagerðin, Landhelgisgæsla Íslands, Tollstjóraembættið, Umhverfisstofnun, Vaktstöð siglinga, Veðurstofa Íslands, slökkvilið sveitarfélaga, lögreglustjórar, Ríkislögreglustjóri, Hafnasamband Íslands, Fjöltækniskóli Íslands, Slysavarnaskóli sjómanna, Rannsóknarnefnd samgönguslysa, Umhverfisstofnun, Slysavarnafélagið Landsbjörg, ásamt öðrum.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður við skipulagningu þessa rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Ógnir:	Náttúruhamfarir, loftslagsbreytingar, veðurtengd vá, s.s. ofsaveður, aftakabrim og sjávarflóð, mannleg mistök, slys, hryðjuverk, hafís, kjarnorkunúin farartæki, olíuflutninga-, flutninga- og fiskiskip farast. Lokanir hafna, t.d. vegna hafíss eða farsóttar. Tækja- og vélarbilanir.
Mótvægi:	Lög og reglugerðir. Námskeið og fræðsla, viðvaranir, upplýsingagjöf, öryggisbúnaður, löggæsla á hafinu, æfingar, eftirlit, vöktun skipaumferðar, skipavernd, hafnavernd og farmvernd, veðurspár, sjóveðurspár og hafísspár, sjómælingar, upplýsingar um sjólag og brim.
Næmi:	Mannleg mistök, veðurfar, hafís, náttúruhamfarir, t.d. aftakabrim, sjávarflóð og fljóðbylgjur. Tækja- og vélarbilanir.
Viðbragð:	Landhelgisgæsla Íslands ber ábyrgð á löggæslu, leit og björgun á hafi og á samstarf við Slysavarnafélagið Landsbjörg. Slökkviliðin koma að björgun við hafnir. Umhverfisstofnun ber ábyrgð á viðbrögðum við mengunarslysum. Siglingarverndaráætlun Íslands, verndaráætlanir fyrir allar hafnir, verndaráætlanir fyrir farmskip og farþegaskip. Upplýsingagjöf, öryggisbúnaður, æfingar, eftirlit.
Eftir atburð:	Rannsóknarnefnd samgönguslysa rýnir atburð.

Verkefni næstu þriggja ára:	1. Undirbúnar verði sérstakar ráðstafanir um leiðarstjórnun við norðan- og vestanvert landið og leitað eftir samþykki Alþjóða siglingamálastofnunarinnar (IMO) á þeim. 2. Efla vöktun á hafís og bæta upplýsingagjöf um hafís á siglingaleiðum við landið. Nauðsynlegt er að stjórnvöld uppfylli skyldur sínar á þessu sviði gagnvart sjófarendum. 3. Fylgjast með og greina siglingaleiðir skipa, einkum skipa sem flytja hættuleg efni, á hafsvæðinu í kringum landið. Gert verði áhættumat fyrir siglingar farþega- og flutningaskipa við norðan- og vestanvert landið. Slíkt áhættumat yrði m.a. grundvöllur fyrir áætlun um dráttarskip og viðbúnað vegna mengunarslysa. 4. Þróa þarf og keyra reklikan til að geta sagt fyrir um rek stórra vélarvana skipa á siglingaleiðum við landið. Rek stórra skipa er háð ölduhæð, sjávarfallastraumum og hafstraumum. Ljúka þarf innleiðingu EES-tilskipunar (2002/59/EB) um neyðarhafnir og skipaafdreip.
------------------------------------	---

Aðgerð 26. Samgöngukerfi á landi

Markmið:	Að tryggja órofið vegasamband á stofnvegum landsins og á vegum í þéttbýli (á ábyrgð sveitarfélaga) Að tryggja umferðaröryggi á vegum.
Verkefnastjórn:	Innanríkisráðuneytið.
Lykilaðilar:	Vegagerðin.
Þátttakendur:	Innanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjóri, Vegagerðin, Samgöngustofa, Landhelgisgæsla Íslands, Skipulagsstofnun, Landgræðsla ríkisins, Mannvirkjastofnun og aðrir viðbragðsaðilar.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður við skipulagningu þessa rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma..
Ógnir:	Náttúruhamfarir, veðurtengd vá, s.s. ofsaveður, slys, óvæntir skaðar á mannvirkjum, loftslagsbreytingar, skemmdarverk.

Mótvægi:	Lög og reglugerðir. Góð landfræðileg staðsetning á þjónustustöðvum Vegagerðarinnar um allt land. Þrjár vaktstöðvar sem hafa yfirlit yfir færð og veður hver á sínu svæði og geta stýrt þjónustu. Að auki er upplýsingaþjónusta rekin á Ísafirði. Yfirgripsmikil þekking starfsmanna Vegagerðarinnar á öllum þáttum vegahalds, þ.e. þjónustu, viðhaldi og nýbyggingu vegamannvirkja, m. a. eigin brúarvinnuflokka sem hægt er að kalla út með litlum fyrirvara. Svæðisbundnar miðstöðvar Vegagerðarinnar utan Reykjavíkur eru í Borgarnesi, á Akureyri og Selfossi en auk þess eru stórar starfsstöðvar á Ísafirði, Sauðárkróki og Reyðarfirði. Löggæsla, hraðamyndavélar, Samgöngustofa, Skipulagsstofnun, Landgræðslan með mótvægisáðgerðum vegna sandfoks. Samgöngustofa og Vegagerðin sjá um öryggi vega. Umferðaröryggisáætlun. Samgöngustofa með upplýsingamiðlun í fjölmiðlum. Umferðaröryggisstarf Samgöngustofu. Eldvarnareftirlit. Veðurspár og spár um hættu á snjóflóðum.
Næmi:	Veðurfar, náttúruhamfarir, mannleg mistök, loftslagsbreytingar. Aðstæður til að bregðast við rofi á vegasamgöngum eru misgóðar eftir landsvæðum. Endurreisn mannvirkja getur tekið mjög mislangan tíma eftir því hvar rof verður.
Viðbragð:	Viðbragðsáætlanir Vegagerðarinnar eru af mismunandi toga, s.s. staðbundnar áætlanir vegna jarðganga og staðbundnar áætlanir vegna lokana á vegum sökum óveðurs eða slysa. Lagfæring vega. Samgöngustofa sér um upplýsingamiðlun.
Verkefni næstu þriggja ára:	Gerð almennrar viðbragðsáætlunar vegna náttúruhamfara eða annarra atburða sem valdið geta skemmdum eða eyðileggingu á mikilvægum samgöngu-mannvirkjum, rofi á vegasamgöngum og þar af leiðandi bráðri almannahættu.

Aðgerð 27. Samgöngukerfi í lofti

Markmið:	Að auka öryggi loftfara, áhafna, farþega og farms gegn hvers kyns ógn.
Verkefnastjórn:	Innanríkisráðuneytið.
Lykilaðilar:	Ríkislögreglustjórnin.
Þátttakendur:	Innanríkisráðuneytið, Samgöngustofa, Isavia, ríkislögreglustjórnin, Landhelgisgæsla Íslands, flugfélög, flugvöllir, flugafgreiðsluaðilar, Rannsóknarnefnd samgönguslysa, Veðurstofa Íslands, aðrir viðbragðsaðilar.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður við skipulagningu þessa rúmist innan fyrirliggjandi fjárhagsramma..
Ógnir:	Náttúruhamfarir, veður og veðurtengdir þættir, s.s. ofsaveður og ísing, mannleg mistök, hryðjuverk, slys, tækja- og vélarbilanir.

Mótvægi:	Lög og reglugerðir. Samgöngustofa fer með stjórnsýslu, eftirlit og áhættumat. Öryggiseftirlit á flugvöllum, flugvernd, flugleiðsaga, þ.m.t. veðurspár. Ríkislög-reglustjóri með áhættumati. Landhelgisgæsla Íslands með eftirliti. Öryggisstjórn-unarkerfi og rekstrarhandbækur. Byggingarfulltrúi og eldvarnareftirlit.
Næmi:	Mannleg mistök, veður, náttúruhamfarir, hryðjuverk og slys.
Viðbragð:	Flugverndaráætlanir, neyðaráætlun vegna flugverndar, viðbragðsáætlanir um rýmingar, flugslysaáætlanir, viðbragðsáætlun Isavia vegna eldgosa. Isavia sér um æfingar og ýmiss konar þjálfun ásamt fræðslu fyrir viðbragðsaðila. Lögreglustjóri umdæmisins stjórnar aðgerðum á landi, nema ef um flugrán er að ræða. Þá tekur Ríkislögreglustjóri við stjórn aðgerða. Landhelgisgæslan ber ábyrgð á og stjórnar leit og björgun vegna loftfara sem óttast er um, lenda í flugslysum eða er saknað. Samgöngustofa veitir faglega aðstoð, getur ákveðið lokun loftrýmis. Isavia tryggir fyrstu viðbrögð á flugvöllum og er jafnframt boðunaraðili. Slökkvilið. Rannsóknarnefnd samgönguslysa. Þátttakendur rýna verkferla og bregðast við tillögum frá Rannsóknarnefnd samgönguslysa.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Tryggt verði að fram fari reglubundnar æfingar með þátttöku allra viðkomandi aðila. 2. Skýrt sé hvernig samstarfi eftirlitsstofnana og viðbragðsaðila skuli háttað þegar neyðarástand hefur skapast.

Æðsta stjórn ríkisins

Huga þarf að öryggismálum æðstu stjórnar ríkisins, öryggisráðstöfunum og viðbúnaði í þeim tilgangi að tryggja öryggi æðstu stjórnar á hættutímum. Þar með talin eru örugg samskipti hennar við umheiminn. Undir öryggismál æðstu stjórnar ríkisins heyrir öryggi forseta Íslands, ríkisstjórnar, þingmanna og æðstu embættismanna ráðuneyta. Sama á við um öryggi bygginga og upplýsingakerfa sem tilheyra æðstu stjórn. Tryggja þarf samræmd vinnubrögð, samræmda stjórnsýslu og virkni hennar þegar ógnir steðja að, m.a. með því að virkja sérstaka viðbragðsstjórn Stjórnarráðsins.

Gera þarf áhættuskoðun á öryggismálum æðstu stjórnar í náninni samvinnu við viðkomandi ráðuneyti en þau eru ábyrg fyrir öryggismálum þeirra stofnana sem falla undir ábyrgðarsvið þeirra.

Á grundvelli þessa þarf að gera áætlun um framkvæmd nauðsynlegra öryggisráðstafana sem taka til starfsemi viðbragðsstjórnar Stjórnarráðsins, ráðuneyta og lykilstofnana þeirra og öryggisverndar æðstu stjórnar ríkisins. Þar með talinn er öryggisbúnaður ráðuneyta, öryggisvarsla og upplýsingaöryggi vegna samstarfs við alþjóðlegar varnar- eða öryggisstofnanir.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 starfrækir Ríkislögreglustjóri lögreglu-rannsóknardeild og greiningardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess. Þá hefur sérsveit ríkislögreglustjóra sérstöku hlutverki að gegna varðandi öryggi æðstu stjórnar ríkisins. Tryggja verður að lögreglan geti með viðunandi hætti haldið uppi gæslu vegna hótana, t.a.m. við stjórnarstofnanir, mikilvæga staði og sendiráð.

Aðgerð 28. Öryggi æðstu stjórnar ríkisins

Markmið:	Að vinna áætlun um nauðsynlegar öryggisráðstafanir er tryggi samfellda starfsemi æðstu stjórnar.
Ábyrgð:	Forsætisráðuneytið ásamt innanríkisráðuneytinu.
Verkefnastjórn:	Ríkislögreglustjórnin.
Lykilaðilar:	Öll ráðuneyti, æðsta stjórn ríkisins og stofnanir á viðkomandi sviðum. Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélög. Ríkislögreglustjórnin.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Ógnir:	Áhættuþættir af mannavöldum svo sem hryðjuverkum, náttúruvöldum og vegna tæknilegra bilana.
Mótvægi:	Lög og reglugerðir. Viðbragðsáætlun Stjórnarráðsins og áætlanir allra ráðuneyta við almannavá. Þjálfun starfsfólks og almannavarnaæfingar með þátttöku Stjórnarráðsins.
Næmi:	Hryðjuverk, hótanir, ofbeldi. Náttúruhamfarir, mannleg mistök, bilanir.
Viðbragðskerfi:	Viðbragðsáætlun Stjórnarráðsins. Öryggisráðstafanir.
Eftir atburð:	Rýni aðgerða og eftirfylgni með hugsanlegum reglugerðum og lagabreytingum.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Að staðfesta viðbragðsáætlun Stjórnarráðsins við almannavarnaástandi. 2. Að staðfesta viðbragðsáætlanir við almannavarnaástandi fyrir öll ráðuneyti. Skilgreina þarf betur hlutverk og verklagsreglur viðbragðsstjórnar Stjórnarráðsins. 3. Áhættugreina öryggi æðstu stjórnar ríkisins, sem og mannvirkja og uppýsingakerfa á hennar vegum. 4. Skilgreina lágmarkskröfur um öryggi æðstu stjórnar ríkisins. 5. Útbúa og æfa viðbragðsáætlun vegna möguleika á neyðarflutningi ráðuneyta verði þau óstarfhæf vegna skemmda.

Fjármálakerfi.

Alþjóðleg þróun á fjármála- og viðskiptamörkuðum hefur á undanförunum áratugum ein-kennist af stórauðnu frelsi í fjármagnsflutningum, frelsi í viðskiptum, ferðalögum og flutningum einstaklinga milli landsvæða og ríkja. Til hafa orðið markaðir án landamæra á sviði fjármála, viðskipta og atvinnulífs með frjálsu flæði vinnuafis milli landa. Sérstök greiðslu-

kerfi annast gjaldmiðlaviðskipti og vöru- og þjónustukaup fara að stærstum hluta fram með rafrænum greiðslumiðlunarkerfum. Alvarleg röskun á rafrænni greiðslumiðlun getur því haft víðtækar afleiðingar.

Efnahagserfiðleikar af margvíslegum toga innanlands og/eða erlendis valda oftast þrengingum í fjármálakerfinu, mismunandi miklum – að ekki sé minnst á alþjóðlegar efnahagskreppur. Má í því sambandi minna á fjármálakreppuna en að hluta til má rekja bankahrunið hér á landi haustið 2008 til hennar. Þá má loks nefna að miklar náttúruhamfarir geta haft veruleg áhrif á efnahagslegan stöðugleika.

Aðgerð 29. Fjármálakerfi

Markmið:	Að vinna viðbragðsáætlun vegna rekstrartruflana og áfalla á fjármálamörkuðum sem ógna áframhaldandi starfsemi viðskipta- og fjármálastofnana.
Ábyrgð:	Fjármála- og efnahagsráðuneytið.
Verkefnastjórn:	Fjármála- og efnahagsráðuneytið.
Lykilaðilar:	Fjármála- og efnahagsráðuneytið, innanríkisráðuneytið, Fjármálaeftirlitið, Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Samkeppniseftirlitið, mikilvægir aðilar á fjármálamarkaði, með lögbundin hlutverk. Netöryggissveit CERT-IS (Computer Emergency Responce Team), Póst- og fjarskiptastofnun. Ríkislögreglustjóri.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Ógnir:	Náttúruhamfarir. Efnahagserfiðleikar innanlands og/eða erlendis. Alþjóðlegar efnahagskreppur. Alvarlegar stjórnarkreppur. Ófullnægjandi eftirlit með fjármála-starfsemi innanlands og/eða erlendis. Glæpastarfsemi, t.d. peningapvætti og stórfelld efnahagsbrot. Tölvuárásir.
Mótvægi:	Lögbundin verkefni og eftirlit fjármála- og efnahagsráðuneytis, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins, Seðlabanka Íslands, Hagstofu Íslands og Samkeppniseftirlitsins, ásamt aðilum á fjármálamarkaði með lögbundin hlutverk.
Næmi:	Fjármálakerfið er viðkvæmt, m.a. fyrir tölvuárásum sem geta haft áhrif á greiðslumiðlun. Óréttmætir viðskiptahættir fjármálastofnana sem grafa undan trausti almennings. Óvirk eða ófullkomið eftirlit opinberra stofnana sem eiga að sinna eftirliti með fjármálastofnunum og fjármálamarkaði.
Viðbragð:	Viðbragðsáætlun fyrir stjórnkerfið og þær opinberu stofnanir sem sinna eiga mótvægishlutverki.
Eftir atburð:	Þátttakendur rýna atburð með það í huga að hvað sé hægt að betrubæta.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Gerð heildstæðrar viðbragðsáætlunar vegna áfalla á fjármálamörkuðum sem ógna samfélagslegum stöðugleika. 2. Fræðsla um viðbrögð í samræmi við viðbragðsáætlun.

IV. LÖGGÆSLA OG ÖRYGGISMÁL

Löggæsla og öryggismál varða allsherjarreglu og almannaoöryggi, öryggi einstaklinga og þjóðfélagshópa, réttaröryggi og samfélagslegan stöðugleika gagnvart ógnum af manna-völdum, vegna náttúruhamfara eða hnattrænna áhættuþátta.

Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á að efla innlendar stofnanir sem sinna daglegu almannaoöryggi. Jafnframt hefur verið unnið að því að gera þessar stofnanir færar um að taka virkan þátt í að tryggja almannaoöryggi í okkar heimshluta í samstarfi við aðrar þjóðir.

Í fyrsta lagi hefur uppbygging átt sér stað á fjölmörgum sviðum almannaoöryggismála, þ. á m. á vettvangi löggæslu, ákærvalds, landhelgisgæslu, almannavarna, leitar og björgunar, björgunarsveita, mengunarvarna, sóttvarna, tollgæslu, fjarskipta, flugverndar, siglingaverndar og samræmdrar neyðarsímsvörunar. Ný löggjöf hefur m.a. verið sett um almannavarnir, sóttvarnir, landhelgisgæslu, nýskipan lögreglu, fjarskipti, björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn. Þannig hefur Alþingi búið innlendum stofnunum lögbundin markmið og starfsramma. Gerðar hafa verið langtímaáætlanir og árangursstjórnunar-samningar. Tækjakostur og búnaður hefur verið bættur. TETRA-fjarskiptakerfið hefur verið tekið upp og nær til landsins alls. Nýtt og öflugt varðskip hefur verið keypt og einnig ný flugvél fyrir Landhelgisgæsluna. Ákvörðun hefur verið tekin um að jafnan skuli vera tiltækar þrjár þylur til leitar og björgunar.

Í öðru lagi hafa innlendar stofnanir og félög eft samstarf sín á milli. Gerðir hafa verið samstarfssamningar og viðbragðsáætlanir auk þeirrar samvinnu sem fram fer innan Björg-unarmiðstöðvarinnar í Skógarhlíð. Fjöldi viðbragðs- og neyðaráætlana liggur fyrir sem eru til þess fallnar að treysta samstarf og árangursrík viðbrögð þegar á reynir.

Í þriðja lagi hefur verið lögð áhersla á að löggæslu- og öryggisstofnanir séu þátttakendur í alþjóðlegu samstarfi og eigi góða samvinnu við hliðstæðar stofnanir í nágrannaríkjum. Samstarf innlendra löggæslu- og öryggisstofnana við sambærilegar stofnanir í grannríkjum skiptir miklu máli þegar lagt er mat á hættur og viðbrögð við þeim.

Þetta á m.a. við um alþjóðlegt samstarf til að sporna við skipulagðri glæpastarfsemi og öðrum alþjóðlegum ógnum. Sama gildir um leit, björgun og mengunarvarnir á hafsvæðinu umhverfis Ísland með hliðsjón af aukinni skipaumferð sem kann að hljóta af loftslagsbreytingum á norðurslóðum. Samstarf við Norðurlöndin er mikilvægt og Evrópuríkin almennt auk norðurslóðasamstarfsins, einkum vegna umhverfis- og öryggismála. Miklu skiptir að minnka áhættu og tryggja samvinnu á neyðartímum.

Í **fylgiskjali 5** er fjallað um þær stofnanir sem gegna lögbundnu viðbragðshlutverki á sviði almannaoöryggis.

Aðgerð 30. Efling löggæslu

Markmið:	Að auka öryggi almennings.
Ábyrgð:	Innanríkisráðuneytið.

Verkefnastjórn:	Innanríkisráðuneytið.
Lykilaðilar:	Innanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjóri, lögregluembætti, fjármála- og efnahagsráðuneyti.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma..
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Að skilgreina öryggisstig á landinu. 2. Að skilgreina þjónustu lögreglu með ítarlegri úttekt á öllum gildandi lögum og reglugerðum. Kostnaðarmat lagt á þátt lögreglu við framkvæmd starfa sem henni eru falin í lögum og reglugerðum. 3. Að skilgreina til langs tíma mannaflapörf lögreglu, þjálfun og búnað m.t.t. daglegrar löggæslu og sértækra verkefna. 4. Að skilgreina þörf lögreglunnar fyrir fjármagn. 5. Gerð löggæsluáætlunar til fjögurra og 12 ára. 6. Undirbúa tillögur að umbótastarfi í rannsóknum lögreglu með það að leiðarljósi að tryggja réttláta málsmeðferð.

Aðgerð 31. Aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi

Markmið:	Að vinna heildstæð aðgerðaáætlun stjórnvalda um að sporna gegn skipulagðri glæpastarfsemi.
Ábyrgð:	Innanríkisráðuneytið.
Verkefnastjórn:	Innanríkisráðuneytið.
Lykilaðilar:	Ríkislögreglustjórinn, lögregluembættið, töllyfirvöld, Landhelgisgæsla Íslands. Velferðarráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, utanríkisráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma..
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Gerð heildstæðrar aðgerðaáætlunar stjórnvalda gegn skipulagðri glæpastarfsemi með sérstaka áherslu á aðgerðir gegn mansali og vændis kaupum. 2. Gera áætlun um aukna samvinnu í rannsóknum allra lögregluliða á skipulagðri glæpastarfsemi og samþættingu upplýsingamiðlunar og samskipta milli lögreglu hérlendis og erlendis um rannsóknir á þessu sviði. 3. Gera áætlun um bætt menntun og þjálfun starfsmanna lögreglu, tollgæslu og landhelgisgæslu í því skyni að þeir verði betur í stakk búnir að greina og bregðast við skipulagðri glæpastarfsemi.

Aðgerð 32. Viðbrögð vegna stórfelldra ofbeldisglæpa og skemmdarverka

Markmið:	Að vinna áætlun um viðbrögð við stórfelldum ofbeldisglæpum og skemmdarverkum, þar á meðal hryðjuverkum, sem taka bæði til lögregluaðgerða og almannavarnaviðbragða. Að til sé samhæft viðbragðskerfi vegna slíkra atburða.
Ábyrgð:	Ríkislögreglustjórnin.
Verkefnastjórn:	Ríkislögreglustjórnin.
Lykilaðilar:	Innanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjórnin (almannavarnadeild, alþjóðadeild, greiningardeild, sérsveit, fjarskiptamiðstöð), lögreglustjórar, Landhelgisgæsla Íslands, Tollstjóri, heilbrigðisyfirvöld.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Gera áætlun um að efla viðbúnaðargetu lögreglu til að bregðast við hryðjuverkum og öðrum sambærilegum atburðum. 2. Að gera viðbragðsáætlun vegna hryðjuverka, skemmdarverka og stórfelldra ofbeldisglæpa sem taka bæði til lögregluaðgerða og almannavarnaviðbragða. 3. Gera áhættumat á þeim glæpum sem áætlunin tekur til. 4. Treysta starf Tollstjóra við eftirlit með innflutningi á vopnum og sprengiefnum.

Aðgerð 33. Peningaþvætti

Markmið:	Að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun glæpastarfsemi með traustu regluverki, skilvirku fyrirkomulagi og virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi.
Ábyrgð:	Innanríkisráðuneytið.
Verkefnastjórn:	Ríkislögreglustjórnin.
Lykilaðilar:	Peningaþvættisskrifstofa ríkislögreglustjóra, Fjármálaeftirlitið, Neytendastofa, embætti sérstaks saksóknara, embætti ríkissaksóknara og tilkynningarskyldir aðilar skv. lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Efla umgjörð peningaþvættisskrifstofu, m.a. getu til greininga og styrkja sjálfstæði hennar. 2. Efla fræðslu um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka meðal tilkynningaskyldra aðila og almennings. 3. Leggja grunn að og virkja öflugan samráðsvettvang innlendra aðila sem vinna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Aðgerð 34. Aðgerðir gegn mansali

Markmið:	Að fyrir hendi sé skilvirkt samstarfskerfi stjórnvalda, auka þekkingu og getu stjórnvalda í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppræta mansal og tryggja fórnarlömbum nauðsynlegan stuðning..
Ábyrgð:	Innanríkisráðuneytið.
Verkefnastjórn:	Innanríkisráðuneytið.
Lykilaðilar:	Innanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjóri, lögreglustjórar, Útlendingastofnun, velferðarráðuneyti, utanríkisráðuneyti, Barnaverndarstofa, barnaverndarnefndir um allt land, heilbrigðisyfirvöld, Vinnueftirlitið, félagsþjónusta sveitarfélaganna, Kvennaathvarfið, Stígamót. Mannréttindaskrifstofa Íslands og Rauði krossinn.
Kostnaður:	Áætlaður kostnaður vegna aðgerðaáætlunar gegn mansali, kr. 8.300.000 (skv. aðgerðaáætlun).
Eftir atburð:	Reglulegir fundir allra aðila sem koma að mansalsmálum þar sem farið er yfir verkferla og skoðað hvort og hvað megi betur fara.
Verkefni næstu þriggja ára:	Innleiðing aðgerðaáætlunar gegn mansali fyrir árin 2013-2015 þar sem lögð er áhersla á samhæfingu stofnana, skýr ábyrgðarsvið og verklag. Reglulegir samráðsfundir allra aðila sem koma að mansalsmálum þar sem farið er yfir verkferla og skoðað hvort og þá hvað megi betur fara.

Aðgerð 35. Landhelgisgæsla

Markmið:	Að efla landhelgis- og öryggisgæslu, þá sérstaklega fiskveiðieftirlit og skipaumferð, sem og möguleika til leitar og björgunar á hafinu við Ísland.
Ábyrgð:	Innanríkisráðuneytið.
Verkefnastjórn:	Landhelgisgæsla Íslands.
Lykilaðilar:	Innanríkisráðuneytið, Landhelgisgæsla Íslands, Ísavía, Samgöngustofa og Ríkislögreglustjóri.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Að skilgreina öryggisstig innan lögsögu Íslands. 2. Að skilgreina lágmarks þjónustu Landhelgisgæslunnar með ítarlegri úttekt á öllum gildandi lögum, reglugerðum, alþjóðlegum skuldbindingum og samningum sem Ísland á aðild að. Þá verði kostnaðarmat lagt á þátt Landhelgisgæslunnar við þau verkefni sem henni eru falin. 3. Að skilgreina til langs tíma viðbragðsgetu Landhelgisgæslunnar, þ.m.t. mannafla- og tækjaparfar. 4. Gerð landhelgisgæsluáætlunar til fjögurra og 12 ára.

Aðgerð 36. Öryggi í fangelsum

Markmið:	Að vinna öryggisstefnu fangelsa sem tekur til innra og ytra öryggis .
Ábyrgð:	Innanríkisráðuneytið.
Verkefnastjórn:	Fangelsismálastofnun.
Lykilaðilar:	Innanríkisráðuneytið, Fangelsismálastofnun, Ríkislögreglustjórinn, landlæknir, lögreglustjórar á því svæði sem fangelsin eru.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Undirbúa framkvæmd nauðsynlegra aðgerða til þess að tryggja öryggi starfsfólks og fanga á grundvelli skilgreindra öryggisstaðla. 2. Undirbúa setningu reglna um samskipti fanga innbyrðis og út í samfélagið með áherslu á tengsl þeirra við skipulagða brotahópa. 3. Greina áfallapol fangelsa og nauðsynlegar mótvægisáðgerðir til að tryggja samfellda starfsemi fangelsa þrátt fyrir hættuástand, t.d. vegna náttúruhamfara og farsóttu. 4. Skilgreina nauðsynlegar mótvægisáðgerðir til þess að lágmarka líkur á að fangar strjúki. 5. Gera áhættugreiningu. Þörf er á sértækum vistunarúræðum.

Aðgerð 37. Landamæravarsla

Markmið:	Að tryggja öryggi landamæra..
Ábyrgð:	Innanríkisráðuneytið.
Verkefnastjórn:	Lögreglustjórinn á Suðurnesjum.
Lykilaðilar:	Innanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjórinn, lögreglustjórinn á Suðurnesjum, aðrir lögreglustjórar, Landhelgisgæsla Íslands, Útlendingastofnun, Tollstjóraembættið.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.

Verkefni næstu þriggja ára:	1. Gerð áætlunar um málefni landamæra með hliðsjón af áhættugreiningu á styrkleikum og veikleikum vegna umferðar um landamæri m.t.t. erlends samstarfs vegna flugverndar, ólöglegra fólksflutninga, skipulagðrar glæpastarfsemi, mansals, ólöglegs inn- og útflutnings og skilvirkrar umferðar ferðamanna um landamærastöðvar. 2. Endurskoðun á skipulagi landamæravörslu. 3. Undirbúa tillögur um eflingu samstarfs við útlend landamærayfirvöld, þ. á m. við Landamærastofnun Evrópu (Frontex), Europol og Eurojust. 4. Endurmat á löggjöf um landamæravörslu og gerð tillagna að úrbótum sem miði að því að veita eftirlits- og gæsluaðilum skýrar heimildir við framkvæmd landamæravörslu.
------------------------------------	---

Aðgerð 38. Vöktun, viðbragð, leit og björgun

Markmið:	Að tryggja skilvirk viðbrögð vegna leitar og björgunar .
Ábyrgð:	Innanríkisráðuneytið.
Verkefnastjórn:	Innanríkisráðuneytið.
Lykilaðilar:	Innanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjóri, lögreglustjórar, Landhelgisgæsla Íslands, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Neyðarlínan, Samgöngustofa, Vaktstöð siglinga.
Kostnaður	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Gera áhættuskoðun m.t.t. öryggis og hagkvæmni; hvort samþætta (sameina) skuli símsvörun, vöktun, boðun/viðbragð á landi og sjó. 2. Gera tillögu um aukna samvinnu aðila um vöktun og viðbragð vegna leitar og björgunar sem tryggi bættan árangur og aukna hagkvæmni. Þá fjalli tillagan um nauðsynlegar úrbætur á tækjabúnaði vegna vöktunar. 3. Gera tillögu um stofnun alþjóðlegrar björgunarmiðstöðvar.

Aðgerð 39. Geislavöktun og skimun

Markmið:	Að vinna áætlun um geislavöktun og skimun.
Ábyrgð:	Velferðarráðuneytið
Verkefnastjórn:	Geislavarnir ríkisins.
Lykilaðilar:	Velferðarráðuneytið, Geislavarnir ríkisins, Ríkislögreglustjórinn, Samgöngustofa, Landhelgisgæsla Íslands, Umhverfisstofnun, Tollstjóri, Veðurstofa, Hafrannsóknastofnun.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Verkefni á næstu þremur árum:	1. Gerð verði áætlun um hvernig standa beri að geislavöktun og alþjóðlegu samstarfi, þannig að unnt sé að greina sem fyrst óeðlilega aukningu jónandi geislunar í íslenskri lögsögu.

	2. Gerð verði áætlun um hvernig standa beri að leit að geislavirkum efnum í íslenskri lögsögu (á láði sem legi), hvernig ástandsmati verði háttað og til hvaða viðbragða sé viðeigandi að grípa. Áætlunin taki einnig til tilvika þegar sýna þarf fram á að EKKI sé um hættu að ræða, t.d. að fiskimið séu ekki menguð geislavirkum efnum.
--	--

Aðgerð 40. Aðgerðir vegna sýkla-, eiturefna- og geislavár

Markmið:	Að vinna áreiðanlegt viðbragðskerfi vegna sýkla-, eiturefna- og geislavár.
Ábyrgð:	Ríkislögreglustjórnin, sóttvarnalæknir.
Verkefnastjórn:	Ríkislögreglustjórnin
Lykilaðilar:	Ríkislögreglustjórnin, Geislavarnir ríkisins, lögreglustjórar, Umhverfisstofnun, Mannvirkjastofnun, Matvælastofnun, slökkvilið, Landhelgisgæsla Íslands, Tollstjóri.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Gera heildstæða viðbragðsáætlun vegna sýkla-, eiturefna- og geislavár. 2. Gera þarfagreiningu með tilliti til kerfisbundinnar greiningar og alþjóðlegs samstarfs.

V. EFTIRFYLGNI OG ENDURMAT

Ríkislögreglustjóri hefur samkvæmt lögum um almannavarnir umsjón með að ráðstafanir séu í samræmi við stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum og fylgir því eftir að verkefni í stefnu þessari komist til framkvæmda. Í lok hvers árs skal farið yfir stöðu verkefna, árangursmeta þau og jafnvel endurmeta í ljósi nýrra upplýsinga. Þetta verði gert í samstarfi við ábyrgðaraðila og þátttakendur í verkefnum.

Við lok gildistíma stefnunnar er mikilvægt að árangur aðgerðanna verði mældur og metinn svo byggja megi á fenginni reynslu við endurskoðun stefnunnar. Þá er markviss áhættugreining forsenda þess að unnt sé að leggja mat á áhættuþætti, áætlanir og framtíðarhorfur. Skal endurmat taka mið af niðurstöðum áhættugreininga á hverjum tíma.

Aðgerð 41. Eftirfylgni og endurmat

Markmið:	Að fylgja eftir að verkefni komist til framkvæmda og að reynsla af framkvæmd stefnunnar nýtist við endurskoðun hennar.
Ábyrgð:	Innanríkisráðuneytið
Verkefnastjórn:	Innanríkisráðuneytið
Lykilaðilar:	Ríkislögreglustjóri, almannavarna- og öryggismálaráð, innanríkisráðuneytið, aðrir ábyrgðaraðilar og þátttakendur í aðgerðaáætlunum.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirliggjandi fjárhagsramma.
Verkefni næstu þriggja ára:	- Við lok hvers árs verði gert mat á stöðu aðgerða og skýrsla tekin saman. Skýrslan verði kynnt almannavarna- og öryggismálaráði og síðan birt öllum helstu samstarfsaðilum. - Við lok gildistíma stefnunnar verði árangur metinn af óháðum aðila og byggt á því mati við endurskoðun stefnunnar.

Aðgerð 42. Endurskoðun laga um almannavarnir

Markmið:	Að lög um almannavarnir leggi grunn að undirbúningi, skipulagningu og framkvæmd ráðstafana sem nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir og takmarka, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkams- eða eignatjóni þegar neyðarástand er líklegt, er yfirvofandi eða ríkir eða sambærilegar aðstæður eru fyrir hendi.
Ábyrgð:	Innanríkisráðuneytið
Verkefnastjórn	Innanríkisráðuneytið

Lykilaðilar:	Innanríkisráðuneytið, forsætisráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunar- ráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, velferðaráðuneytið/ heilbrigðisráðuneytið, umhverfisráðuneytið, utanríkisráðuneytið, Ríkislögreglu- stjórnin, Landhelgisgæsla Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Rauði krossinn.
Kostnaður:	Miðað er við að kostnaður rúmist innan fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
Verkefni næstu þriggja ára:	1. Áréttu skyldur lykilaðila til að vinna ítarlegar og samhæfðar viðbragðsáætlanir gegn náttúruhamförum, til að draga megi úr áhrifum og eyðileggingu vegna meiri háttar náttúruhamfara 2. Skilgreina valdheimildir stjórnvalda á neyðarstundu svo markmið almannavarna náist. 3. Niðurstöður endurskoðunar á lögum um almannavarnir liggi fyrir innan þriggja ára.

Yfirlit aðgerðaáætlana, ábyrgð og verkefnastjórn

ALMANNAVARNIR – SKIPULAG OG MEGINVERKEFNI	ÁBYRGÐ	VERKEFNASTJÓRN
1. Samhæfingarstarf almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra	Innanríkisráðuneytið	Ríkislögreglustjórinn
Fyrir hamfarir		
2. Hættumat og áhættugreining	Ríkislögreglustjórinn, Embætti landlæknis, sóttvarnalæknir	Ríkislögreglustjórinn
Viðbúnaður – Samstarf og samhæfing		
3. Þjálfun og fræðsla	Ríkislögreglustjórinn	Ríkislögreglustjórinn
4. Gerð viðbragðsáætlana	Ríkislögreglustjórinn	Ríkislögreglustjórinn
5. Endurskoðun álagsforsenda á mannvirki	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	Mannvirkjastofnun
6. Vernd mikilvægra menningarverðmæta	Forsætisráðuneytið ásamt mennta- og menningarmálaráðuneytinu	Forsætisráðuneytið
Viðbragð		
7. Uppbygging samhæfingarstöðvar	Ríkislögreglustjórinn	Ríkislögreglustjórinn
8. Uppbygging aðgerðastjórnstöðva	Ríkislögreglustjórinn, lögreglustjórar	Ríkislögreglustjórinn
9. Yfirlýsingar um almannavarnaástand	Innanríkisráðuneytið	Ríkislögreglustjórinn
10. Velferð fólks á hættutímum	Velferðarráðuneytið, embætti landlæknis vegna áfallahjálpar, Ríkislögreglustjórinn, vegna þjónustumiðstöðva	Ríkislögreglustjórinn
11. Alþjóðleg aðstoð vegna neyðaraðgerða hérlendis	Innanríkisráðuneytið og utanríkis- ráðuneytið	Ríkislögreglustjórinn
12. Aðstoð við Íslendinga erlendis á hættusvæðum	Utanríkisráðuneytið	Utanríkisráðuneytið, Ríkislögreglustjórinn
Eftir hamfarir		
13. Endurreisn	Forsætisráðuneytið	Forsætisráðuneytið
14. Endurmat eftir aðgerðir	Innanríkisráðuneytið	Rannsóknarnefnd almannavarna

VERND MIKILVÆGRA INNVIÐA SAMFÉLAGSINS		
<i>Fjarskipti, net- og upplýsingaöryggi</i>		
15. Fjarskipti, net- og upplýsingaöryggi	Innanríkisráðuneytið	Innanríkisráðuneytið
16. Innviðir mælikerfa til eftirlits og rannsókna	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	Veðurstofa Íslands
<i>Orka</i>		
17. Raforkukerfi	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið ásamt umhverfis- og auðlindaráðuneytinu	Landsnet
18. Hitaveitur	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
19. Jarðefnaeldsneyti	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
<i>Heilbrigðisþjónusta</i>		
20. Heilbrigðisþjónusta	Velferðarráðuneytið	Embætti landlæknis
<i>Matvæla-, fæðu- og neysluvatnsöryggi</i>		
21. Fæðuöryggi	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	Matvælastofnun
22. Matvælaöryggi	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	Matvælastofnun
23. Neysluvatnsöryggi	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	Umhverfisstofnun
<i>Viðbúnaðar- og neyðarþjónusta</i>		
24. Viðbúnaðar- og neyðarþjónusta	Innanríkisráðuneytið	Ríkislögreglustjórinn
<i>Samgöngukerfi</i>		
25. Samgöngukerfi á sjó	Innanríkisráðuneytið	Landhelgisgæsla Íslands
26. Samgöngurkerfi á landi	Innanríkisráðuneytið	Vegagerðin
27. Samgöngukerfi í lofti	Innanríkisráðuneytið	Ríkislögreglustjórinn
<i>Æðsta stjórn ríkisins</i>		
28. Öryggi æðstu stjórnar ríkisins	Forsætisráðuneytið ásamt innanríkisráðuneytinu	Ríkislögreglustjórinn
<i>Fjármálakerfi</i>		
29. Fjármálakerfi.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Fjármála- og efnahagsráðuneytið

LÖGGÆSLA OG ÖRYGGISMÁL		
30. Efling löggæslu	Innanríkisráðuneytið	Innanríkisráðuneytið
31. Aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi	Innanríkisráðuneytið	Innanríkisráðuneytið
32. Viðbrögð vegna stórfelldra ofbeldisglæpa og skemmdarverka	Ríkislögreglustjórinn.	Ríkislögreglustjórinn
33. Peningapvætti	Innanríkisráðuneytið	Ríkislögreglustjóri
34. Aðgerðir gegn mansali	Innanríkisráðuneytið	Innanríkisráðuneytið
35. Landhelgisgæsla	Innanríkisráðuneytið	Landhelgisgæsla Íslands
36. Öryggi í fangelsum	Innanríkisráðuneytið	Fangelsismálastofnun
37. Landamæravarsla	Innanríkisráðuneytið	Lögreglustjórinn á Suðurnesjum
38. Vöktun, viðbragð, leit og björgun	Innanríkisráðuneytið	Innanríkisráðuneytið
39. Geislavöktun og skimun	Velferðarráðuneytið	Geislavarnir ríkisins
40. Aðgerðir vegna sýkla,- eiturefna- og geislavár	Ríkislögreglustjóri, sóttvarnalæknir	Ríkislögreglustjórinn
EFTIRFYLGNI OG ENDURMAT		
41. Eftirfylgni og endurmat	Innanríkisráðuneytið	Innanríkisráðuneytið
42. Endurskoðun laga um almannavarnir	Innanríkisráðuneytið	Innanríkisráðuneytið

Heimildaskrá

22. juli kommisjonen. <http://www.22julikommisjonen.no/Rapport>

Almannavarna- og öryggismálaráð, fundur, 10. júní 2009. Fundargerð. Óprentuð.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. *Fréttabréf almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra*. 4. árg. 2010, 2. tbl. ágúst.

http://www.almannavarnir.is/upload/files/fr%C3%A9ttabr%C3%A9f_2.tbl_4.árg.pdf

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. *Fréttabréf almannavarnadeildar*. 5. árg. 2011, 1. tbl. 5. mars. http://www.almannavarnir.is/upload/files/frettabref_1_3_2011.pdf

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. *Fréttabréf almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra*. 5. árg. 2011, 2. – 3. tbl. desember.

http://www.almannavarnir.is/upload/files/fr%C3%A9ttabr%C3%A9f_1_9_2011.pdf

Áhættumatsskýrsla fyrir Ísland: hnattræni, samfélagslegir og hernaðarlegir þættir. Utanríkisráðuneytið. Reykjavík, 2009.

Áhættuskoðun almannavarna: helstu niðurstöður. [Ritstjóri Guðrún Jóhannesdóttir]. [Reykjavík] : Ríkislögreglustjóri, almannavarnadeild, 2011.

The Barnier Report, For a European Civil Protection Force: Europe aid (2006) Michel Barnier (2006): For a European civil protection force: Europe aid, http://ec.europa.eu/archives/commission_20042009/president/pdf/rapport_barnier_en.pdf

Bingham, Gavin; Jón Sigurðsson; Kaarlo Jännär. *Heildarumgjörð um fjármálastöðugleika á Íslandi: Tillögur þriggja manna hópsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra*.

<http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Acrobat/Heildarumgjord---tillogur.pdf>

Commission of the European communities. (2005), *Green paper on a European programme for critical infrastructure protection*. Brussel.

http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2005/com2005_0576en01.pdf

Crichton, D.: *"The Risk Triangle"*, Natural Disaster Management, Ingleton, J., (ed), Tudor Rose London, 1999.

Emergencies & Crises 2009/2010. MSB, 2010.

European Union, *A secure Europe in a better world. European Security strategy*. Brussel, 12 December 2003.

Fjarskiptaáætlun

<http://www.althingi.is/altext/141/s/0592.html>

HAGA yfirlýsingin (e. Haga Declaration). Yfirlýsing norrænna ráðherra um almannaoöryggi 27. apríl 2009.

[http://www.fmn.dk/videnom/Documents/Deklaration%20Haga-deklarationen%20slutlig%20\(4\).pdf](http://www.fmn.dk/videnom/Documents/Deklaration%20Haga-deklarationen%20slutlig%20(4).pdf)

<http://www.fmn.dk/eng/allabout/Pages/Nordicemergencymanagementcooperation.aspx>

Halldór Björnsson, Árný E. Sveinbjörnsdóttir, Anna K. Daníelsdóttir, Árni Snorrason, Bjarni D. Sigurðsson, Einar Sveinbjörnsson, Gísli Viggósson, Jóhann Sigurjónsson,

Snorri Baldursson, Sólveig Þorvaldsdóttir og Trausti Jónsson: *Hnatrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi – Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar*. Umhverfissráðuneytið, 2008.

http://www.umhverfissraduneyti.is/media/PDF_skrar/visindanefndloftslagsbreytingar.pdf

Lög um almannavarnir nr. 82/2008. Alþingi. Lagasafn, 2008.

<http://www.althingi.is/lagas/140b/2008082.html>

Löggæsluáætlun 2007 – 2011. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. [2007].

http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir/Loggasluaatlun_2007-2011.pdf

Mat á áhrifum sýkla- og eiturefnavopna á lýðheilsuna. Varnir og viðbrögð gegn sýkla-, eiturefna- og geislaatburðum á Íslandi.

[Skýrsla landlæknis og sóttvarnalæknis, skilað til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í júní 2002.] Gefin út í janúar 2003.

Norræn samvinna á sviði utanríkis- og öryggismála. Tillaga afhent norrænu utanríkisráðherrunum á aukafundi norrænu utanríkisráðherranna. Osló 9. febrúar 2009. Thorvald Stoltenberg.

http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Frettatilkynning/Stoltenberg_netutg_leidrett.pdf

OECD (2008). *Protection of 'critical infrastructure' and the role of investment policies relating to national security.*

<http://www.oecd.org/daf/inv/investment-policy/40700392.pdf>

Rannsóknarnefnd Alþingis (2010). *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankana 2008 og tengdir atburðir.* Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis samkvæmt lögum nr. 142/2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankana 2008 og tengdra atburða.

Ríkistjórn Finnlands (2006). *The Strategy for Securing the Functions Vital to Society,* Finland.

<http://www.defmin.fi/index.phtml?!=en&s=195>

Ríkislögreglustjóri. Mat ríkislögreglustjóra á skipulagðri glæpastarfsemi 2012.

<http://www.logreglan.is/upload/files/H%E6ttumat%20RLS%202012%20bj%281%29.pdf>

Samgönguáætlun 2011 -2014.

<http://www.althingi.is/alttext/140/s/pdf/1629.pdf>

Sálræn skyndihjálp. Leiðbeiningar um viðurkennt verklag á vettvangi. 2009.

<http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item2135/3898.pdf>

Skýrsla atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra um undirbúning lagafrumvarpa um bættu heildarumgjörð laga og reglna um íslenskt fjármálakerfi. 2013.

<http://www.althingi.is/alttext/141/s/pdf/1058.pdf>

Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar, sjá: Halldór Björnsson, Árný E. Sveinbjörnsdóttir o.fl.

Sólveig Þorvaldsdóttir, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Herdís Sigurjónsdóttir, Geir Oddsson, Guðrún Pétursdóttir: *Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum.* Reykjavík, 2008.

Varnarmálaráðuneyti Finnlands (2009). *Finnish Security and Defence Policy*. Finland.
<http://vnk.fi/julkaisukansio/2009/j11-turvallisuus-j12-sakerhets-j13-finnish/pdf/en.pdf>

Varnarmálaráðuneyti Finnlands (2010). *Security strategy for society*. 2010 (gefið út á ensku 2011).

Viðbúnaður við geislavá. Geislavarnir ríkisins. Febrúar 2010.
<http://www.gr.is/media/skyrslur/vidbunadarskyrsla.pdf>

Yfirlýsing ríkisstjórnar Íslands frá 26. september 2006 um ný verkefni íslenskra stjórnvalda er kynnt var samkomulag um brottför herliðs Bandaríkjanna.
<http://www.forsaetisraduneyti.is/media/frettir/Nyverkefni.pdf>

Matsskýrsla ríkislögreglustjóra um skipulagða glæpastarfsemi og hættu á hryðjuverkum.
http://www.logreglan.is/subga.asp?cat_id=81&module_id=220&element_id=15379
<http://www.logreglan.is/upload/files/Mat%20r%EDkisl%F6greglustj%F3ra%20%E1%20skipulag%F0ri%20gl%E6pastarfsemi%20og%20h%E6ttu%20%E1%20hry%F0juverkum%20mars%202010%20-%20opinber%20FAtg%E1fa%281%29.pdf>

Þingsályktun um 12 ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022, samþykkt 29. nóvember 2012.
<http://www.althingi.is/altext/141/s/0593.html>

Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi.
<http://www.althingi.is/altext/140/s/1511.html>

Þingsályktun um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011–2014.
<http://www.althingi.is/altext/141/s/0592.html>

Þingsályktun um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011–2014.
<http://www.althingi.is/altext/141/s/0592.html>

Þingsályktun um grundvallarskilgreiningar löggæslu á Íslandi og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland.
<http://www.althingi.is/altext/140/s/1648.html>

Þingsályktun um mótn þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. 16. september 2011.
<http://www.althingi.is/altext/139/s/1945.html>

Þingsályktun um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða. 28. mars 2011.
<http://www.utanrikisraduneyti.is/media/nordurslodir/Thingsalyktun-um-stefnu-Islands-i-malefnum-nordursloda.pdf>

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1. Samantekt úr helstu skýrslum

Áhættuskoðun almannavarna 2011.

Árin 2008–2010 fór fram á vegum almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra áhættuskoðun í öllum lögregluumdæmum landsins í samvinnu við íbúa, viðbragðsaðila og sveitarstjórnir. Í kjölfarið var svo gefin út árið 2011 skýrsla sem ber heitið *Áhættuskoðun almannavarna: helstu niðurstöður*.¹⁹ Má kalla hana tímamótaverk vegna þess að aldrei áður hefur gerð jafn umfangsmikil og skipuleg greining á fjölþættum viðfangsefnum almannavarna um land allt.

Markmið þessarar áhættuskoðunar var að öðlast heildaryfirsýn yfir áhættuþætti svo hægt yrði að forgangsraða aðgerðum. Skoðaðir voru hugsanlegir atburðir sem geta ógnað heilsu og lífi fólks, verðmætum, umhverfi eða samfélaginu með einhverjum hætti og metnar líkur á því að þeir muni eiga sér stað, hvað orsakar þá og hvaða afleiðingar þeir geta haft. Niðurstöðurnar varða í fyrsta lagi atburði í náttúrunni, í öðru lagi umhverfi og heilsu og í þriðja lagi nauðsynlega virkni samfélagsins og öryggismála. Fram kemur að áhrif loftslagsbreytingar á náttúru, umhverfi, heilsu, innviði og öryggismál þurfi að skoða sérstaklega. Þá er áréttað að brýnt sé að endurskoða almennar neyðaráætlanir almannavarna.

Meginniðurstöður skýrslunnar lúta að viðbúnaði við náttúruvá og hópslysum en einnig leiðir hún í ljós nauðsyn þess að skilgreina nánar stöðu og viðbúnað mikilvægustu innviða og þjónustu, innbyrðis tengsl þeirra og viðbragð og vernd gegn ógnum sem að þeim kunna að steðja. Margar ógnir við innviði og öryggi samfélagsins eru ekki bundnar tilteknum svæðum eða landshlutum, þær geta haft áhrif um allt land. Því þarf að gera áhættuskoðun vegna slíkra ógna á landsvísu. Þá er lýst þeirri framtíðarsýn almannavarna að lögregluumdæmin hafi skilgreint viðbragð við ógnum sem þeim stafar hætta af og áhættustjórnun verði virkur ferill í almannavörnum þar sem allir bera ábyrgð og vinna saman að áfallaþolnu samfélagi.²⁰

Vinna er þegar hafin á grundvelli áhættuskoðunarinnar. Þar má nefna hættumat vegna eldgosa, viðbragðsáætlun vegna gróðurelda, jarðskjálfta, viðbragðsáætlanagerð og æfingar vegna hópslysa á sjó, á flugvöllum og í umferðinni.

Skýrslur greiningardeildar ríkislögreglustjóra

Greiningardeild ríkislögreglustjóra leggur mat á hættu af skipulagðri glæpastarfsemi og hryðjuverkum og er einnig gert að rannsaka landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess. Matsskýrslur deildarinnar eru unnar á breiðum grunni þar sem tekið er mið af þróun mála hérlandis og erlendis. Markmiðið er m.a. að segja fyrir um líklegar breytingar hér á landi.

Á vegum ríkislögreglustjóra á Norðurlöndunum eru árlega gerðar áhættumatsskýrslur (NOCTA. Nordic Organized Crime Threat Assessment). Greiningardeildin, í samstarfi við embætti Tollstjóra, tekur þátt í gerð þeirra en þar er lagt mat á skipulagða glæpastarfsemi

¹⁹ *Áhættuskoðun almannavarna: helstu niðurstöður*. [Ritstjóri Guðrún Jóhannesdóttir].

[Reykjavík] : Ríkislögreglustjóri, almannavarnadeild, 2011.

²⁰ *Áhættuskoðun almannavarna*, 19.

og líklega framvindu á Norðurlöndunum. Þá leggur greiningardeild Europol til samsvarandi upplýsingar í hættumatsskýrslu stofnunarinnar um skipulagða glæpastarfsemi í Evrópu (SOCTA. Serious Organized Crime Threat Assessment).

Greiningardeild ríkislögreglustjóra hefur metið hættuna af skipulagðri glæpastarfsemi og hefur spá hennar gengið eftir á undangengnum árum. Dæmi eru um glæpahópa hérlandis sem eiga aðild að alþjóðlegum glæpasamtökum. Þeim hefur fylgt aukinn vopnaburður afbrotamanna, meiri harka og vaxandi ofbeldi. Alþjóðleg glæpagengi koma í auknum mæli að skipulagðri brotastarfsemi hér á landi og stunda m.a. innbrot og fíkniefnasölu. Á fíkniefnamarkaði eru hörð efni algengari en áður. Þá eru líkur á að mansal fari vaxandi.

Hryðjuverkaógn hefur um árabil verið talin lítil að mati lögreglu og lengst af haldist í hendur við álit yfirvalda á hinum Norðurlöndunum. Mikilvægt er að fylgjast grannt með þróun mála í nágrannaríkjunum. Greiðari för fólks og betri samskiptamöguleikar þvert á landamæri geta skapað aukna hættu á að hérlandis verði framin hryðjuverk eða að fram fari undirbúningur að hryðjuverkaárásum í öðrum löndum. Því þarf að meta reglulega hvort þörf sé á frekari viðbúnaði hérlandis vegna mögulegrar hryðjuverkastarfsemi.

Áhættumatsskýrsla fyrir Ísland

Utanríkisráðuneytið gaf út skýrslu í mars 2009 sem ber heitið *Áhættumatsskýrsla fyrir Ísland: hnattrænir, samfélagslegir og hernaðarlegir þættir*.²¹ Skýrslan er afrakstur vinnu þverfaglegs starfshóps. Niðurstöður skýrslunnar byggja á víðtækri skilgreiningu á öryggis-hugtakinu og því að greiningarþættir öryggismála séu þrír: Þjóðaröryggi, samfélags-legt/borgaralegt öryggi og hnattrænir og þverþjóðlegir áhættuþættir. Greiningarþættirnir skarast með ýmsu móti í samræmi við bein tengsl ytra og innra öryggis ríkja. Áhættu-matið byggist á víðtæku samráði innan íslenska stjórnkerfisins auk þess sem haft var samráð við stjórnvöld annarra ríkja og alþjóðastofnanir.

Í skýrslunni er fjallað um alþjóðlega áhættuþætti sem geta haft víðtæk samfélagsáhrif og valdið kerfishruni. Hér geta verið um að ræða efnahagsógnir, farsóttir, náttúruhamfarir, hernaður, beiting gereyðingarvopna og hryðjuverk. Enn fremur er sjónum beint að skipulagðri glæpastarfsemi og mansali sem grafa undan samfélagsöryggi, öryggi ein-staklinga og réttarríkinu. Loks er í skýrslunni fjallað um þætti sem snerta öryggi sam-félagsinnviða, gæslu loft- og landhelgi, netöryggi, öryggi orkukerfisins, flugöryggi, siglingaöryggi og mengunarvarnir, matvæla- og vatnsöryggi, öryggi vega og fjarskipta-öryggi.

Í áhættumatsskýrslunni segir að rannsaka þurfi öryggi stjórnkerfisins, þingsins og dómkerfisins, njósnir erlendra ríkja, áhrif uppbóta á innra öryggi og öryggi Íslendinga sem búa erlendis. Þá þurfi að huga að öryggi mikilvægra innviða og hvaða áhrif einkavæðing hefur haft á þá, s.s. einkavæðing fjarskiptakerfisins, símakerfisins og bankakerfisins.

Í skýrslu utanríkisráðuneytisins er lögð til grundvallar sú staðreynd að hefðbundin mörk milli innra og ytra öryggis ríkja séu óljósari en áður og því ókleift að meta hnattræna áhættuþætti og mótvægisaðgerðir á grundvelli slíkrar aðgreiningar²². Fram kemur það álit að engar vísbendingar séu um að hernaðarógn muni steðja að Íslandi í náninni framtíð. Lega landsins og herleysi skapi Íslendingum sérstöðu. Áherslur í öryggismálum hafi færst

²¹ *Áhættumatsskýrsla fyrir Ísland: hnattrænir, samfélagslegir og hernaðarlegir þættir*. Utanríkisráðuneytið. Reykjavík 2009.

²² *Áhættumatsskýrsla fyrir Ísland*, 11.

frá hefðbundnum landvörnum vegna hernaðarógnar til öryggisráðstafana sem borgaralegar stofnanir sinna. Íslendingar verði þó eins og aðrar þjóðir að taka tillit til alþjóðlegrar þróunar og endurmeta öryggisþarfir sínar reglulega þar sem þær geti breyst snögglega. Öryggi sé þó í auknum mæli tekið að snúast um borgara og samfélag í stað þess að einskorðast við fullveldi og landsvæði ríkja. Æ fleiri ríki nálgist öryggismál nú með þessum hætti.

Í áhættumatsskýrslu utanríkisráðuneytisins eru settar fram margvíslegar ábendingar um úrbætur. Tekið er mið af þeim í þeirri stefnu sem hér birtist.

Niðurstöður „22. júlí nefndarinnar“ vegna hryðjuverkanna í Noregi

Rannsóknarnefnd sem norsk stjórnvöld skipuðu í kjölfar sprengjuárásarinnar í Ósló og fjöldamorðanna í Útey 22. júlí 2011 skilaði niðurstöðum í skýrslu 13. ágúst 2012.²³ Í henni eru yfirlit norskra öryggismála og norska lögreglan gagnrýnd. Í skýrslunni metur rannsóknarnefndin öryggismál í Noregi á heildstæðan hátt og fer skipulega yfir helstu þætti í tengslum við voðaverkin í Ósló og Útey. Nefndin gerir 31 tillögu til úrbóta innan norskrar stjórnsýslu og á sviði öryggismála sem hún telur brýnt að hrinda í framkvæmd.

Norska nefndin komst að þeirri niðurstöðu í rannsókn sinni að stjórnun, samskipti, menningarbragur og viðhorf hafi haft meiri áhrif á hvernig fór þann 22. júlí 2011 heldur en ónógar lagaheimildir, skipulag eða gildismat samfélagsins. Meðal annars er lögð áhersla á að forsendur almannaöryggis og viðbragðskerfis á hættustundu sé að allir starfi saman á skilvirkan hátt. Norska tollgæslan hafði t.d. vakið athygli öryggissveitar lögreglunnar á efnum til sprengjugeðar sem ódæðismaðurinn hafði flutt inn en öryggissveitin rannsakaði ekki þá ábendingu vegna óvissu um verkaskiptingu.

Niðurstöður nefndarinnar undirstrika mikilvægi þess að verkaskipting og ábyrgð sé skýr. Þrátt fyrir að margt hafi farið úrskaiðis að dómi nefndarinnar hafi norsk stjórnvöld staðið vörð um lýðræðisleg gildi og lagasetning hafi átt að tryggja öryggi hins opna samfélags án þess að ganga á frelsi einstaklinganna. Það var hins vegar framkvæmd og innleiðing laganna, ásamt eftirfylgni við ákvarðanir stjórnvalda, sem reyndist vera ábótavant. Í skýrslunni er t.d. skýrt tekið fram að gildandi lög til varnar hryðjuverkum hafi veitt nægilegar heimildir til að fást við hryðjuverkaógnir. Heimildirnar höfðu á hinn bóginn annað hvort ekki verið innleiddar eða þá að öryggisstofnanir nýttu sér þær ekki.

Í skýrslunni er farið vandlega yfir skipulag öryggismála í Noregi. Þar er að finna tillögur til úrbóta sem lúta að öryggi almennings. Embætti ríkislögreglustjóra hefur farið vandlega yfir skýrslu norsku rannsóknarnefndarinnar, skoðað umbótatillögur hennar og borið þær saman við skipan mála hér á landi. Í framhaldinu hefur ríkislögreglustjóri gert tillögur til ráðherra um úrbætur í löggæslu- og öryggismálum. Niðurstaða ríkislögreglustjóra er sú að styrkja þurfi viðbúnað lögreglu til þess að takast á við atburði á borð við þá sem urðu í Noregi árið 2011. Hefja verði víðtæka uppbyggingu á viðbúnaði lögreglunnar í samræmi við fyrri tillögur embættisins þar um.

²³ 22. juli kommisjonen. <http://www.22julikommisjonen.no/Rapport>.

Fylgiskjal 2. Viðbragðsáætlanir

Fyrirliggjandi áætlanir.*

Stíflurof: Kárahnjúkavirkjun, viðbragðsáætlanir vegna stíflurofs við Háslón og Hrauna-veitu.

Jarðgöng: Viðbragðsáætlun fyrir Hvalfjarðargöng.

Flugslys: Keflavíkurflugvöllur, Reykjavíkurflugvöllur, Akureyrarflugvöllur, Bakkaflugvöllur, Bíldudalsflugvöllur, Egilsstaðaflugvöllur, Gjögurflugvöllur, Höfn í Hornafirði, Ísafjarðarflugvöllur, Sauðárkróksflugvöllur, Vestmannaeyjaflugvöllur, Vopnafjarðarflugvöllur, Þingeyrarflugvöllur, Þórshafnarflugvöllur og Grímseyjarflugvöllur.

Neyðaráætlun vegna flugverndar á Keflavíkurflugvelli, Reykjavíkurflugvelli, Akureyrarflugvelli og Egilsstaðaflugvelli.

Viðbragðsáætlun Isavia vegna eldgosa.

Snjóflóða- og kynningarbæklingar um rýmingaráætlanir: Ólafsvík, Patreksfjörður, Tálknafjörður, Bíldadalur, Ísafjörður, Suðureyri, Þingeyri, Flateyri, Súðavík, Bolungarvík, Siglufjörður, Ólafsfjörður, Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Eskifjörður og Fáskrúðsfjörður.

Eldgos: Viðbragðsáætlanir vegna Kötlu og Eyjafjallajökuls.

Inflúensa: Landsáætlun um heimsfaraldur inflúensu. Einnig eru í gildi 15 svæðisáætlanir.

Áætlun um varnir og viðbúnað við bólusótt: Sóttvarnalæknir og landlæknisembættið gerðu áætlun um varnir og viðbúnað við bólusótt árið 2003.

Flugsamgöngur: Viðbragðsáætlanir eru í gildi.

Heilbrigðisstofnanir: Viðbragðsáætlanir liggja fyrir.

Stjórnarráðið: Viðbragðsáætlun innanríkisráðuneytisins. Aðgerðaáætlun í neyðartilvikum fyrir utanríkisþjónustu Íslands, Viðbragðsáætlun Stjórnarráðsins við inflúensufaraldri, almenn viðbragðsáætlun Stjórnarráðsins. Viðbragðsáætlun ráðuneyta við inflúensufaraldri.^{24*}

Viðbragðsáætlanir í vinnslu:

Upplýsingamiðlun: Viðbragðsáætlanir vegna upplýsingamiðlunar.

Viðbragðsáætlanir vegna netárása.

Sýkla-, efna- og geislavá.

Veðurstofa Íslands: Vinnur að því að ljúka við gerð allra viðbragðsáætlana, allt frá viðbrögðum við náttúruvá að aðgerðastjórnun og upplýsingaflæði um vef stofnunarinnar.

²⁴ Fyrirliggjandi áætlanir eru samkvæmt upplýsingum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. *Hér settar fram með fyrirvara. Benda má á í því sambandi að áætlanir vegna eldgosa eru ótrúlega fáar þannig að þetta verður að skoða nánar og laga.

Ferjuslys: Viðbragðsáætlun vegna ferjuslyss fyrir Seyðisfjörð. Einnig er hafin vinna við gerð viðbragðsáætlunar vegna hópslysa á sjó í tengslum við hvalaskoðun frá Húsavík og siglingar Herjólfss.

Hópslys: Viðbragðsáætlun vegna hópslyss í umdæmi lögreglustjóranna á Eskifirði og á Blönduósi.

Gróðureldar: Viðbragðsáætlun vegna gróðurelda fyrir Skorradalshrepp.

Sveitarfélög: Ýmis sveitarfélög eru að vinna að gerð viðbragðsáætlana.

Almannavarna- og öryggismálaráð leggur áherslu á haldið verði áfram við undirbúning og gerð viðbragðsáætlana, einkum um netöryggi og vernd mikilvægra samfélagsinnviða og jafnframt um varnir gegn geisla-, eiturefna- og sýklaárásum.

Fylgiskjal 3. Lög um almannavarnir nr. 82/2008

I. kafli. Almenn ákvæði.

1. gr. Markmið almannavarna.

Lög þessi taka til samhæfðra almannavarnaviðbragða til þess að takast á við afleiðingar neyðarástands sem kann að ógna lífi og heilsu almennings, umhverfi og/eða eignum.

Markmið almannavarna er að undirbúa, skipuleggja og framkvæma ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir og takmarka, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkams- eða heilsutjóni, eða umhverfi eða eignir verði fyrir tjóni, af völdum náttúruhamfara eða af mannavöldum, farsóttu eða hernaðaraðgerða eða af öðrum ástæðum og veita líkn í nauð og aðstoð vegna tjóns sem hugsanlega kann að verða eða hefur orðið.

2. gr. Umsjón almannavarna.

Ríkið fer með almannavarnir á landinu öllu, hvort heldur sem er á landi, í lofti eða á sjó. Sveitarfélög fara með almannavarnir í héraði, í samvinnu við ríkisvaldið, svo sem kveðið er á um í lögum þessum.

II. kafli. Stefnumörkun í almannavarna- og öryggismálum.

3. gr. Hlutverk almannavarna- og öryggismálaráðs.

Stefna stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum skal mörkuð af almannavarna- og öryggismálaráði til þriggja ára í senn. Í almannavarna- og öryggismálastefnu stjórnvalda skal gera grein fyrir ástandi og horfum í almannavarna- og öryggismálum í landinu, fjalla um áhersluatriði varðandi skipulag almannavarna- og öryggismála, forvarnastarf, nauðsynlega samhæfingu á efni viðbragðsáætlaða og starfsemi opinberra stofnana á því sviði, sbr. VI. kafla laga þessara, nauðsynlegar birgðir til þess að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar á hættutímum, endurreisn eftir hamfarir og aðrar aðgerðir sem ráðið telur nauðsynlegar til þess að markmið laga þessara náist.

Umsýsla vegna almannavarna- og öryggismálaráðs og undirbúningur vegna funda þess er í höndum ráðherra er fer málefni almannaöryggis.

4. gr. Skipan almannavarna- og öryggismálaráðs.

Í almannavarna- og öryggismálaráði eiga sæti sá ráðherra sem fer með málefni almanna- varna- og öryggismálaráðs, sem jafnframt er formaður þess, ráðherra er fer með málefni almannaöryggis, ráðherra er fer með málefni mengunarvarna, ráðherra er fer með heilbrigðismál, ráðherra er fer með orkumál og ráðherra er fer með varnarmál og samskipti við önnur ríki. Þar að auki er þeim ráðherra er fer með málefni almannavarna- og öryggismálaráðs heimilt að kveðja allt að tvo ráðherra til setu í ráðinu í senn vegna sérstakra mála.

Einnig eiga ráðuneytisstjórar þeirra ráðuneyta sem fara með málaflokka skv. 1. mgr. sæti í almannavarna- og öryggismálaráði. Þá eiga einnig sæti í ráðinu:

1. Ríkislögreglustjóri, forstjóri Landhelgisgæslu Íslands, flugmálastjóri, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, siglingamálastjóri og vegamástjóri.
2. Veðurstofustjóri, brunamástjóri og forstjóri Umhverfisstofnunar.
3. Landlæknir, sóttvarnalæknir og forstjóri Geislavarna ríkisins.

4. Orkumálastjóri og forstjóri Landsnets.
5. Fulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar.
6. Fulltrúi Rauða kross Íslands.
7. Fulltrúi samræmdrar neyðarsvörunar.

Að auki skipar sá ráðherra er fer með málefni almannavarna- og öryggismálaráðs tvo fulltrúa til setu í ráðinu samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

III. kafli. Skipulag almannavarna á landinu öllu.

5. gr. *Æðsta stjórn almannavarna.*

Ráðherra er fer málefni almannaöryggis er æðsti yfirmaður almannavarna í landinu. Hann gefur út reglur um almannavarnastig að fenginni tillögu ríkislögreglustjóra og að höfðu samráði við almannavarna- og öryggismálaráð.

Ríkislögreglustjóri annast málefni almannavarna í umboði ráðherra. Ríkislögreglustjóri tekur ákvörðun um almannavarnastig hverju sinni í samráði við viðkomandi lögreglustjóra ef unnt er og tilkynnir það ráðherra. Heimilt er að lýsa yfir almannavarnaástandi þegar neyðarástand er líklegt, er yfirvofandi eða ríkir eða sambærilegar aðstæður eru fyrir hendi.

Við embætti ríkislögreglustjóra starfar í Reykjavík samhæfingar- og stjórnstöð undir sérstakri stjórn, sbr. V. kafla laga þessara.

6. gr. *Tímabundinn flutningur á stjórn almannavarna.*

Ráðherra er heimilt að færa stjórn almannavarna aðgerða frá Reykjavík þegar yfirgnæfandi líkur eru á því að almannavörnum landsins verði ekki stjórnað þaðan.

7. gr. *Verkefni ríkislögreglustjóra á sviði almannavarna.*

Ríkislögreglustjóri hefur umsjón með að ráðstafanir séu gerðar í samræmi við stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum.

Ríkislögreglustjóri hefur eftirlit með skipulagi almannavarna á landinu öllu og eftirlit með almannavörnum sveitarfélaga. Hann hefur eftirlit með gerð hættumats í samráði við almannavarnanefndir. Hann tekur þátt í undirbúningi og gerð viðbragðsáætlana ríkis og sveitarfélaga, sbr. VI. kafla laga þessara, og hefur eftirlit með endurskoðun þeirra og samhæfingu. Auk þessa hefur ríkislögreglustjóri eftirlit með gerð viðbragðsáætlana einkaaðila. Hann hefur með höndum eftirlit með samhæfingu viðbragðsaðila og annarra aðila, sbr. 8. gr., og með stjórn aðgerða bæði áður og eftir að hættu ber að garði.

Ríkislögreglustjóri skipuleggur forvarnir og almenningsfræðslu á sviði almannavarna, svo og fræðslu einkaaðila, stjórnvalda og almennings um skipulag almannavarnakerfisins eftir því sem þurfa þykir. Auk þess annast Ríkislögreglustjóri þjálfun og fræðslu á sviði almannavarna.

Ríkislögreglustjóri tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi stjórnvalda um almannavarnir.

8. gr. *Um samninga við þriðja aðila.*

Ríkislögreglustjóra er heimilt að semja við sjálfseignarstofnanir, félagasamtök eða aðra aðila um að þeir skuli annast framkvæmd almannavarna á tilteknu sviði.

Samningur um framkvæmd aðila á almannavörnum samkvæmt þessari grein er háður samþykki ráðherra.

IV. kafli. Skipulag almannavarna í héraði.

9. gr. *Almannavarnanefndir.*

Í hverju sveitarfélagi starfar almannavarnanefnd sem sveitarstjórn skipar og ákveður sveitarstjórnin fjölda nefndarmanna. Almannavarnanefnd skal skipuð sýslumanni þess umdæmis sem sveitarfélagið er í, fulltrúum úr sveitarstjórn og þeim fulltrúum sveitarstjórna sem í starfi sínu sinna verkefnum í þágu öryggis hins almenna borgara. Á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum sitja lögreglustjórar viðkomandi umdæma í almannavarnanefndum en ekki sýslumenn.

Almannavarnanefnd kýs sér sjálf formann og varaformann. Sveitarstjórnir ráða starfsmenn almannavarnanefnda og greiða kostnað af störfum þeirra.

Sveitarstjórnnum er heimilt að vinna saman að gerð viðbragðsáætlunar, semja um gagnkvæma aðstoð eða koma á fót sameiginlegri almannavarnanefnd. Sameining almannavarnanefnda eða samstarf þeirra er háð staðfestingu ráðherra. Ráðherra ákveður hvaða sýslumaður skuli sitja í almannavarnanefnd ef fleiri en eitt sýslumannsumdæmi fellur undir nefndina. Ef ein almannavarnanefnd er í umdæmi lögreglustjóra skal hann sitja í nefndinni.

10. gr. *Hlutverk almannavarnanefnda.*

Almannavarnanefndir móta stefnu og skipuleggja starf sitt að almannavörnum í héraði í samræmi við lög þessi.

Í umdæmum sínum vinna almannavarnanefndir að gerð hættumats og viðbragðsáætlana, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, sbr. 16. gr.

Almannavarnanefndir skulu endurskoða hættumat og framkvæma prófanir á viðbragðsáætlunum í samvinnu við ríkislögreglustjóra.

11. gr. *Aðgerða- og vettvangsstjórn í héraði.*

Stjórn aðgerða í héraði þegar almannavarnaástand ríkir er í höndum lögreglustjóra í viðkomandi lögregluumdæmi. Hann situr í aðgerðastjórn ásamt fulltrúa almannavarnanefndar, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúa Rauða kross Íslands, hlutaðeigandi viðbragðsaðila, sbr. viðbragðsáætlun, svo og öðrum hlutaðeigandi aðilum sem tengjast aðgerðum hverju sinni. Aðgerðastjórn starfar í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð. Í stjórn aðgerða felst m.a. skipulag björgunar- og hjálparstarfa vegna hættu eða tjóns sem getur eða hefur skapast og að stýra neyðaraðgerðum í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð, sbr. 12. gr.

Lögreglustjóri tilnefnir vettvangsstjóra er fari með stjórn og samhæfingu á vettvangi.

V. kafli. Samhæfingar- og stjórnstöð.

12. gr. *Hlutverk samhæfingar- og stjórnstöðvar.*

Í samhæfingar- og stjórnstöð fer fram samhæfing og yfirstjórn almannavarnaadgerða með hliðsjón af almannavarnastigi og viðeigandi viðbragðsáætlun. Þar getur einnig farið fram

samhæfing hvers kyns aðgerða við leit og björgun á landi, sjó og í lofti eða viðbragða við hættuástandi þótt ekki hafi verið lýst yfir almannavarnaástandi, sbr. 13. gr.

Í almannavarnaástandi starfa í stjórnstöðinni fulltrúar viðbragðsaðila almannavarna og ber þeim skylda til að fara að fyrirmælum þess aðila sem stýrir samhæfingu aðgerða úr samhæfingar- og stjórnstöð samkvæmt viðbragðsáætlun. Nú er ágreiningur um hvaða fyrirmæli skuli gefin og sker þá Ríkislögreglustjóri úr. Ákvörðun ríkislögreglustjóra samkvæmt þessu ákvæði verður ekki skotið til ráðherra.

Samhæfingar- og stjórnstöð skal hafa aðgang að öruggu fjarskiptakerfi, sem er óháð og aðskilið frá almennum fjarskiptakerfum, vegna samskipta við viðbragðsaðila almannavarna.

Samhæfingar- og stjórnstöð lýtur ellefu manna stjórn sem ráðherra skipar. Formaður stjórnar skal skipaður af ráðherra án tilnefningar. Ríkislögreglustjóri, Landhelgisgæsla Íslands, landlæknir, stjórn slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, stjórn samræmdrar neyðarsvörunar, Rauði kross Íslands, Flugstöðir og stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar tilnefna hver sinn fulltrúa í stjórnina og skulu þeir valdir úr hópi þeirra sem taka virkan þátt í starfi samhæfingar- og stjórnstöðvarinnar. Auk þess tilnefnir stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga einn fulltrúa.

Stjórnin ræðir og tekur ákvarðanir um innra skipulag, rekstur og samstarf viðbragðsaðila. Stjórnin beitir sér fyrir ráðstöfunum til að tryggja snurðulausa framkvæmd viðbragðsáætlana. Samhæfing eða framkvæmd aðgerða er ekki á verksviði stjórnar.

Stjórnin getur ákveðið að viðbragðsaðilar almannavarna, sem ekki eiga fulltrúa í stjórn samhæfingar- og stjórnstöðvar, tilnefni fulltrúa í samhæfingar- og stjórnstöðvarráð sem er stjórninni til ráðuneytis við ákvarðanir hennar.

Ríkislögreglustjóri ræður umsjónarmann samhæfingar- og stjórnstöðvarinnar að fenginni tillögu stjórnar stjórnstöðvarinnar. Kostnaður af starfsemi samhæfingar- og stjórnstöðvar greiðist úr ríkissjóði.

13. gr. Verkefni samhæfingar- og stjórnstöðvar.

Samhæfingar- og stjórnstöð skal virkjuð þegar nauðsyn krefst að mati þeirra sem koma að stjórn leitar, björgunar eða viðbragða við hættuástandi.

Almannavarnanefnd eða viðbragðsaðili almannavarna getur óskað eftir því að samhæfingar- og stjórnstöð annist stjórn aðgerða vegna tiltekinnar hættu. Ef ágreiningur er í almannavarnanefnd eða á milli viðbragðsaðila um það hvort leita skuli til samhæfingar- og stjórnstöðvar getur hvor aðili um sig óskað eftir því við ríkislögreglustjóra að samhæfingar- og stjórnstöð taki við stjórn aðgerða. Áður en Ríkislögreglustjóri tekur ákvörðun í málinu skal hann kanna afstöðu viðkomandi lögreglustjóra til beiðinnar.

14. gr. Tímabundin stofnun og rekstur þjónustumiðstöðvar.

Samhliða rekstri samhæfingar- og stjórnstöðvar er ríkislögreglustjóra heimilt, þegar hættu ber að garði eða hún er um garð gengin, að stofna tímabundið þjónustumiðstöð vegna tiltekinnar hættu eða hættuástands.

Verkefni þjónustumiðstöðvarinnar skulu m.a. felast í upplýsingagjöf til almennings og þjónustu við þá aðila sem hafa orðið fyrir tjóni og hin tiltekna hætta hefur haft önnur bein

áhrif á. Auk þess skal þjónustumiðstöðin, í samvinnu við hlutaðeigandi almannavarnanefndir, annast samskipti við fjölmiðla vegna aðgerða sem gripið er til hverju sinni.

Ráðuneyti og sveitarfélög, þar með taldar undirstofnanir þeirra, skulu veita hinni tíma-bundnu þjónustumiðstöð lið við miðlun upplýsinga og þjónustu. Haft skal samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir um starfsemi þjónustumiðstöðvar samkvæmt þessari grein.

VI. kafli. Gerð viðbragðsáætlana.

15. gr. Skylda ríkisvalds til að gera viðbragðsáætlanir.

Einstök ráðuneyti og undirstofnanir þeirra skulu, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, kanna áfallapol þess hluta íslensks samfélags sem fellur undir starfssvið þeirra. Þá skulu einstök ráðuneyti og stofnanir á þeirra vegum, í samvinnu við ríkislögreglustjóra og í samræmi við lög sem um starfssviðið gilda, skipuleggja fyrirhuguð viðbrögð og aðgerðir samkvæmt viðbragðsáætlun þar sem m.a. er fjallað um eftirfarandi þætti:

1. Skipulagningu aðgerða.
2. Viðbúnað viðbragðsaðila, m.a. liðsafla, þjálfun liðsafla og útbúnað og stjórnsýslu-viðbúnað.
3. Samgöngur og fjarskipti.
4. Framkvæmd ráðstafana á hættustundu.
5. Samhæfingu og stjórn aðgerða viðbragðsaðila og annarra aðila.
6. Áfallahjálpar og aðstoð við þolendur.
7. Hagvarnir, birgðir og neyðarflutninga til og frá landi.

Ríkislögreglustjóri skal semja viðbragðsáætlanir varðandi þá hluta íslensks samfélags sem falla ekki undir starfssvið tiltekins ráðuneytis.

Viðbragðsáætlanir skulu undirritaðar og staðfestar af réttum yfirvöldum.

16. gr. Skylda sveitarfélaga til að gera viðbragðsáætlanir.

Sveitarfélög og stofnanir á þeirra vegum skulu, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, kanna áfallapol í umdæmi sínu. Þá skulu almannavarnanefndir, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, gera viðbragðsáætlun í samræmi við hættumat í umdæmi þeirra. Um efni viðbragðsáætlana fer skv. 15. gr.

Almannavarnanefndum er heimilt að hafa samvinnu um gerð viðbragðsáætlana. Hafi almannavarnanefndir verið sameinaðar skal gerð sameiginleg viðbragðsáætlun.

Ríkislögreglustjóri skal hafa yfirumsjón með samvinnu einstakra sveitarfélaga vegna sameiginlegrar hættu svo og þegar almannavarnanefndir tveggja eða fleiri sveitarfélaga gera viðbragðsáætlun.

17. gr. Afhending viðbragðsáætlana, æfingar og endurskoðun.

Ráðuneyti, undirstofnanir þeirra og sveitarfélög skulu staðfesta viðbragðsáætlanir sínar og senda þær ríkislögreglustjóra.

Þegar viðbragðsáætlun hefur verið staðfest og afhent ríkislögreglustjóra skal hún æfð eftir því sem frekast er kostur. Ríkislögreglustjóri, almannavarnanefndir, viðbragðsaðilar almannavarna, stofnanir ríkis og sveitarfélaga og einkaaðilar sem hafa hlutverki að gegna í skipulagi almannavarna samkvæmt samningi skulu án endurgjalds taka þátt í æfingu

viðbragðsáætlunar eftir því sem þurfa þykir. Ágreiningi um skyldu til að taka þátt í æfingu má skjóta til ráðherra. Viðbragðsáætlanir skal endurskoða eins oft og nauðsyn krefst.

18. gr. *Upplýsinga- og aðgerðaskylda opinberra aðila og einkaaðila.*

Opinberum aðilum og einkaaðilum ber skylda til að veita nauðsynlegar upplýsingar við gerð viðbragðsáætlana ríkis eða sveitarfélaga. Nú er ágreiningur um hvað teljist nauðsynlegar upplýsingar samkvæmt málsgrein þessari og er þá heimilt að leita dómsúrskurðar um málið.

Sérhver ráðherra getur, í samráði við ríkislögreglustjóra, ákveðið að opinberir aðilar eða einkaaðilar skuli veita aðstoð, liðsinni eða útfæra nánar einstaka þætti laga þessara.

Sérhver ráðherra getur, í samráði við ríkislögreglustjóra, ákveðið að opinberir aðilar eða einkaaðilar skuli grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana varðandi sölu á vörum, veitingu þjónustu og framleiðslu í atvinnurekstri sínum ef þess gerist þörf til þess að markmið laga þessara náist.

Áður en ákvörðun er tekin á grundvelli 2. og 3. mgr. skal leitast við að semja um skyldur þeirra fyrirtækja eða stofnana sem ákvörðunin varðar og hversu mikil áhrif þær muni hafa á starfsemi þeirra.

Nú er heimild skv. 2. og 3. mgr. beitt og skal þá ríkið bæta það tjón sem af hlýst fyrir viðkomandi aðila samkvæmt almennum reglum.

VII. kafli. Borgaralegar skyldur á hættustundu.

19. gr. *Almenn borgaraleg skylda.*

Það er borgaraleg skylda þeirra sem eru á aldrinum 18–65 ára að gegna á hættustundu, án endurgjalds, starfi í þágu almannavarna í umdæmi þar sem þeir dveljast samkvæmt fyrirmælum er lögreglustjóri gefur, að fengnum tillögum almannavarnanefndar eða ríkislögreglustjóra. Ákvörðun lögreglustjóra má skjóta til ráðherra.

Kveðja má þá sem eru á aldrinum 16–18 ára eða eldri en 65 ára til starfs skv. 1. mgr., ef þeir óska þess sjálfir.

Þeim sem kvaddir hafa verið til starfs skv. 1. mgr. ber að koma til læknisskoðunar, ef nauðsynlegt þykir.

Enginn má á neinn hátt tálma því að maður gegni starfi sem hann hefur verið kvaddur til í þágu almannavarna.

20. gr. *Kvaðning til aðstoðar við almannavarnir.*

Ef hætta vofir yfir getur lögreglustjóri eða sýslumaður kvatt hvern fulltíða mann, sem tiltækur er, til tafarlausrar aðstoðar við störf í þágu almannavarna. Ákvörðun um kvaðningu fulltíða manns til tafarlausrar aðstoðar við almannavarnir verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Ríkislögreglustjóri hefur ákvörðunarvald um flutning þeirra manna sem kvaddir hafa verið til tafarlausrar aðstoðar í þágu almannavarna. Ef fjöldi manns eða hjálparlið er flutt á milli umdæma skal haft samráð við lögreglustjóra og almannavarnanefnd.

21. gr. *Skylda til að taka þátt í námskeiðum og æfingum.*

Ríkislögreglustjóri boðar þá sem kvaddir hafa verið til starfa í þágu almannavarna skv. 19. gr. til námskeiða og æfinga. Ber öllum viðkomandi að fara að þeim fyrirætlum og öðrum starfsreglum. Óheimilt er að hverfa úr starfi án leyfis.

Á hættustundu má starfsmaður ekki fara úr lögsagnarumdæmi án samþykkis lögreglustjóra eða þess er hann tilnefnir.

Ef sá sem kvaddur hefur verið til starfa í þágu almannavarna verður fyrir meiðslum eða tjóni á námskeiði eða æfingu á hann rétt á bótum.

22. gr. *Reglur um starfsskyldu.*

Ráðherra er heimilt að setja reglur um starfsskyldu samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Skal að því stefnt að starfsvæði komi sem réttlátast niður á borgarana. Ráðherra ákveður hámarkstíma fyrir skyldunám og æfingar í þágu almannavarna.

VIII. kafli. Valdheimildir á hættustundu.

23. gr. *Almenn fyrirmæli á hættustundu.*

Á hættustundu er lögreglustjóri heimilt að ákveða að taka í sínar hendur umferðarstjórn, banna dvöl eða umferð á ákveðnum svæðum, svo sem með því að girða af eða hindra umferð um þau, þ.m.t. tiltekna fasteignir, taka í sínar vörslur hættulega muni, vísa á brott eða fjarlægja fólk.

Fyrirmælum þessum er öllum skylt að hlíta.

24. gr. *Flutningur fólks af hættusvæðum.*

Ríkislögreglustjóri gefur fyrirmæli um brottflutning fólks af hættusvæði.

Nú eru fyrirmæli gefin skv. 1. mgr. og er þá öllum skylt að halda brott á þeirri stundu, á þann hátt og til þess móttökustaðar sem ákveðinn er. Engum er heimilt án sérstaks leyfis að fara af móttökustað.

25. gr. *Heimild til leigunáms.*

Ráðherra getur, þegar hættu ber að garði, ákveðið að taka leigunámi fasteignir eða lausafé í eigu einkaaðila, í þágu almannavarna, enda komi bætur fyrir eftir samkomulagi eða á grundvelli mats samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Stofnunum ríkis og sveitarfélaga er skylt á hættustundu að ljá til almannavarna fasteignir og lausafjármuni, eftir því sem við verður komið, án sérstaks endurgjalds.

Heimild skv. 1. mgr. felur enn fremur í sér að gera má hverjar þær breytingar á viðkomandi fasteignum eða lausafjármunum sem þörf er á til að þær komi að tilætluðum notum í þágu almannavarna.

26. gr. *Skyldur eigenda og umráðamanna húsnæðis.*

Ríkislögreglustjóri er heimilt, ef brýna nauðsyn ber til, að gefa eiganda eða umráðamanni húsnæðis fyrirmæli um að taka við fólki sem flutt hefur verið af hættusvæði, veita því hútaskjól og annan viðurgjörning eftir því sem aðstæður krefjast.

Sveitarfélag sem flutt er frá greiðir kostnað vegna húsnæðis og fæðis, sem látið er í té samkvæmt þessari grein, en á kröfu um endurheimt á hendur þeim sem fyrirgreiðslunnar hafa notið.

27. gr. *Um fyrirmæli um sölu og dreifingu nauðsynja.*

Ríkisstjórninni er heimilt, ef almannaheill krefur vegna hættu á náttúruhamförum, far-sóttum, hernaðaraðgerðum, hryðjuverkum eða annarrar hættu, að gefa út fyrirmæli um sölu og dreifingu nauðsynja sem til eru í landinu eða taka eignarnámi matvæli, eldsneyti, varahluti, lyf og aðrar nauðsynjar sem hætta er á að gangi fljótt til þurrðar.

IX. kafli. Rannsóknarnefnd almannavarna.

28. gr. *Skyldur rannsóknarnefndar.*

Rannsóknarnefnd almannavarna starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rann-sóknaraðilum, ákærvaldi og dómstólum.

Rannsóknarnefnd almannavarna skal að loknu hættuástandi rannsaka þær viðbragðs-áætlanir sem stuðst var við og viðbrögð viðbragðsaðila, þar á meðal vaktstöðvar sam-ræmdrar neyðarsvörunar, samhæfingar- og stjórnstöðvar, lögreglu, slökkviliðs, land-helgisgæslu og almannavarnanefnda.

29. gr. *Skýrsla rannsóknarnefndar.*

Nú er rannsókn skv. 2. mgr. 28. gr. lokið og semur þá rannsóknarnefnd almannavarna skýrslu til ráðherra, ríkislögreglustjóra og allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um niðurstöður nefndarinnar, tillögur og annað sem nefndinni þykir máli skipta.

Skýrslan skal kynnt hlutaðeigandi almannavarnanefnd og sveitarstjórnnum og birt opinber-lega að virtum ákvæðum 31. gr. og ákvæðum upplýsingalaga.

Skýrslum rannsóknarnefndar almannavarna skal ekki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum.

30. gr. *Skipan rannsóknarnefndar almannavarna.*

Alþingi kýs þrjá menn og þrjá varamenn hlutfallskosningu til fimm ára til setu í rannsóknarnefnd almannavarna. Nefndin kýs sér formann. Með nefndinni starfar maður sem skal fullnægja skilyrðum til að gegna embætti héraðsdómara.

Rannsóknarnefnd almannavarna skal virða þagnarskyldu um þau atvik sem henni eða starfsmönnum hennar verða kunn vegna starfa fyrir nefndina. Tekur þetta til hvers konar upplýsinga um einkahagi manna og annarra upplýsinga sem leynt eiga að fara vegna lögmætra einka- og almannahagsmuna. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum í þágu nefndarinnar.

31. gr. *Heimildir rannsóknarnefndar.*

Rannsóknarnefnd almannavarna skal hafa óhindraðan aðgang að gögnum viðbragðs-aðila almannavarna og er þeim skylt að veita nefndinni hverjar þær upplýsingar sem hún óskar.

Rannsóknarnefndinni er óheimilt að veita aðgang að trúnaðargögnum sem nefndin aflar í tengslum við rannsókn einstakra mála. Til trúnaðargagna teljast m.a. álitsgerðir, sem aflað hefur verið í tengslum við rannsókn máls, og skýrslur vitna og annarra aðila.

Að öðru leyti en greinir í ákvæðum þessa kafla skal í starfi nefndarinnar fara eftir lögum um rannsóknarnefnd umferðarslysa eftir því sem við á.

X. kafli. Um skiptingu kostnaðar vegna almannavarna.

32. gr. Skipting kostnaðar á milli ríkisvalds og sveitarfélaga o.fl.

Kostnaður vegna skyldna ríkisins skv. II., III., VI. og IX. kafla laga þessara greiðist úr ríkissjóði. Kostnaður vegna verkefna sveitarfélaganna skv. IV. og VI. kafla greiðist af hálfu sveitarfélaga.

Ef sveitarfélög hafa samstarf um skyldur sínar samkvæmt þessum lögum þá skal skipta kostnaði á milli þeirra samkvæmt íbúatölu.

XI. kafli. Refsiákvæði.

33. gr. Hver sá sem uppvís er að því að gefa af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi ranga tilkynningu til samhæfingar- og stjórnstöðvar skv. V. kafla laga þessara eða viðbragðsaðila almannavarna eða misnota að öðru leyti þjónustu þessara aðila varðandi almannavarnir skal sæta refsingu skv. 120. gr. og 120. gr. a almennra hegningarlaga.

XII. kafli. Reglugerð og gildistaka.

34. gr. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um flokkun almannavarnastiga almannavarna, inntak þeirra og viðbrögð, um frekara skipulag samhæfingar- og stjórnstöðvar og þjónustumiðstöðva skv. V. kafla að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, um öryggiskröfur neyðarfarjarskiptakerfis samhæfingar- og stjórnstöðvarinnar, um störf stjórnar samhæfingar- og stjórnstöðvar og samhæfingar- og stjórnstöðvarráðs, svo og hverjir skuli teljast viðbragðsaðilar almannavarna.

Þá setur ráðherra, að fenginni tillögu ríkislögreglustjóra, reglugerð um efni og gerð viðbragðsáætlana skv. 15. og 16. gr. Ráðherra er og heimilt að kveða í reglugerð nánar á um samræmda gerð og samningu einstakra viðbragðsáætlana, fjölda æfinga og tengsl við almannavarnastig.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi rannsóknarnefndar um almannavarnir, svo sem hver skuli kalla á rannsókn nefndarinnar, hafi hún ekki sjálf frumkvæði að rannsókn, og um vinnslu persónuupplýsinga hjá nefndinni að svo miklu leyti sem hún fellur ekki undir lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Forsætisráðherra setur reglugerð um starfshætti almannavarna- og öryggismálaráðs í samráði við ráðherra.

35. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2008.

Reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem sett eru samkvæmt eldri lögum skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau fara ekki í bága við lög þessi. Þá skulu samningar sem gerðir voru í tíð eldri laga halda gildi sínu uns þeir verða endurskoðaðir af hálfu samningsaðila.

Ákvæði til bráðabirgða. Reglur skv. 1. mgr. 5. gr. skal setja eigi síðar en í árslok 2009. Fram að þeim tíma skulu gilda reglur sem dómsmálaráðherra setur eftir tillögum ríkislögreglustjóra.

Fylgiskjal 4. Alþjóðlegt samstarf

Ísland tekur þátt í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi á sviði almannavarna- og öryggismála, m.a. á vettvangi Norðurlanda- og Evrópusamstarfs, Atlantshafsbandalagsins, Interpol og Sameinuðu þjóðanna. Samstarf þetta byggist iðulega á milliliðalausum samskiptum stofnana við samstarfsaðila erlendis á grundvelli alþjóðasamninga eða tvíhliða samninga.

Norðurlandasamstarf.

- Lögreglusamvinna Norðurlandanna.
- Norðurskautsráðið.
- Norðurlandaráð. Vegna sameiginlegra hagsmuna og landfræðilegrar nálægðar hafa Norðurlöndin sammælt um aukna samvinnu á sviði utanríkis- og öryggismála.
- Almenn samstarf almannavarna Norðurlanda um fræðslu, samvinnu og rannsóknir.
- NORDRED, samstafssamningur Norðurlanda um leit, björgun og almannavarnir.
- Norræn samvinna á sviði utanríkis- og öryggismála. – Stoltenberg skýrsla.
- HAGA sem er viljayfirlýsing ráðherra um aukið samstarf Norðurlandanna á sviði almannavarna. Samstarf í vinnuhópum sem snúa að SEG efnum, markvissri miðlun upplýsinga, menntun og fræðslu.
- HAGA II, viljayfirlýsing ráðherra frá júní 2013 um aukið samstarf, þekkingarmiðlun og sameiginlega uppbyggingu á getu til að koma í veg fyrir og lágmarka tjón af hættuástandi.
- Samstöðuyfirlýsing Norðurlanda: Megininntak yfirlýsingarinnar felst í því að verði eitthvert landanna fyrir áfalli, t.a.m. náttúruhamförum, hamförum af mannavöldum, netárásum eða hryðjuverkum, munu hin löndin koma til aðstoðar þegar eftir því er leitað. Þessar áherslur í norrænni samvinnu eru í samræmi við öryggis- og varnarahagsmuni hvers ríkis og styðja gildandi Evrópu- og Norður-Atlantshafs samvinnu.

Evrópusamstarf.

- Evrópsk lögreglusamvinna innan Schengen.
- Almannavarnasamstarf Evrópu (Civil Protection Mechanism).
- Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins.
- EUROPOL (Evrópska lögreglustofnunin).
- FRONTEX (Landamæra- og loftvegastofnun Evrópu).
- PWGT – (Police Working Group on Terrorism).
- Baltic Sea Task Force.

Atlantshafsbandalagið (NATO).

- CEPC (Almannavarnanefnd NATO).
- CIC (Civil Intelligence Committee).

Interpol.

Sameinuðu þjóðirnar.

- OCHA (Office for the Coordination of Humanitarian Affairs). Samræmingarskrifstofa aðgerða SP í mannúðarmálum.
- WHO. Alþjóða heilbrigðismálastofnunin.
- UNISDR. United Nations International Strategy for Disaster Reduction.

Fylgiskjal 5. Stofnanir og félagasamtök

Lögreglan

Lögreglan er sú stofnun sem hefur með höndum löggæslu í víðustu merkingu og gegnir lykilhlutverki í öryggis- og viðbragðskerfi þjóðarinnar. Hlutverk lögreglunnar er að gæta almannaöryggis og tryggja réttaröryggi. Stemma stigu við afbrotum, vinna að uppljóstran brota, greiða götu borgaranna, veita yfirvöldum aðstoð við framkvæmd starfa sinna og að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu. Þá annast lögreglan landamæravörslu og stendur á þeim vettvangi frammi fyrir auknum kröfum vegna mikillar fjölgunar farþega sem leið eiga um landið.

Þátttaka lögreglunnar í alþjóðlegu samstarfi gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi hefur reynst mikilvæg við rannsókn glæpamála hérlandis og erlendis. Um er að ræða samstarf á vettvangi norræna lögregluliða, evrópsku lögreglunnar innan Europol og Schengen og alþjóðalögreglunnar Interpol. Þá tekur lögreglan þátt í starfi Landamærastofnunar Evrópu, Frontex.

Á vegum innanríkisráðuneytisins er hafin vinna við gerð nýrrar löggæsluáætlunar. Í henni verður fjallað um helstu áherslupætti í störfum lögreglunnar til lengri tíma á grundvelli áhættuskoðunar með hliðsjón af lögbundnum markmiðum lögreglunnar.

Lögreglustjórar

Landinu er skipt í 15 lögregluumdæmi. Lögreglustjórar annast stjórn og rekstur lögreglunnar í umdæmum sínum og bera ábyrgð á framkvæmd daglegra lögreglustarfa innan þeirra. Lögreglustjórar annast landamæravörslu í sínu umdæmi, stjórna og bera ábyrgð á leitar- og björgunaraðgerðum á landi og leiða aðgerðastjórn almannavarna í héraði. Lögreglumenn hafa lögregluvald hvar sem er á landinu.


Ríkislögreglustjóri

Ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í umboði ráðherra, sem er æðsti yfirmaður lögreglunnar, svo sem nánar er tilgreint í lögreglulögum. Ríkislögreglustjóri annast samhæfingu lögreglu og aðstoðar lögregluliðin auk þess að starfrækja miðlæga lögreglustarfsemi.

Ríkislögreglustjóri gegnir veigamiklu hlutverki á sviði almannaöryggis. Við embættið er starfrækt fjarskiptamiðstöð, sérsveit, greiningardeild, almannavarnadeild og alþjóðadeild. Reynslan hefur sýnt að styrkur er fólgin í því að hafa þessa starfsemi undir einni stjórn þar sem verkefnið skarast með ýmsu móti.

****** Umfjöllun um stofnanir og samtök sem hafa hlutverki að gegna í almannavarna- og öryggismálum er ekki tæmandi. Úr því þarf að bæta. Á vantar umfjöllun um Mannvirkjastofnun, slökkvilið, Vegagerðina, Orkustofnun og Landsnet. Í skjalinu er gagnlegur fróðleikur en álitamál er hvort ekki sé nóg að fjalla um mikilvægustu aðila.

Mynd 6. Skipurit embættis ríkislögreglustjóra



Heimild: Innanríkisráðuneytið.

Skipulagið fellur þannig að því sem kallað hefur verið heildarsýn yfir ógnir (e. „all hazard approach“) á almannavarnasviði þar sem viðbúnaður þarf að vera af því tagi að fyrir hendi sé nægileg geta til takast á við hvort heldur eru afleiðingar náttúruhamfara, tæknibilana eða áfalla af mannavöldum.

Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra veitir öllum lögregluliðum mikilvægan stuðning. Miðstöðin tekur á móti neyðartilkynningum til lögreglu, annast útkallsstýringu alls útkallsliðs lögregluembættanna og stýrir fyrstu aðgerðum lögreglu þegar hættu ber að höndum. Þá er fjarskiptamiðstöðin aðgerðarstjórnstöð ríkislögreglustjóra vegna öryggismála. Hún er samtengd starfsemi samhæfingar- og stjórnstöðvar almannavarna og hluti af áhöfn hennar.

Almannavarnadeild RLS

Frá árinu 2003 hefur Ríkislögreglustjóri farið með málefni almannavarna í umboði ráðherra. Hann hefur eftirlit með gerð viðbragðsáætlana og æfingum samkvæmt þeim, lýsir yfir almannavarnaástandi og virkjar viðbragðskerfi almannavarna þegar þörf er á. Hann fer með stjórn almannavarna aðgerða á landsvísu og hefur víðtækar heimildir samkvæmt almannavarnalögum til björgunar mannlífa og eigna. Ríkislögreglustjóri gegnir því miðlægu hlutverki á sviði almannavarna og öryggismála og starfrækir almannavarnadeild. Deildin samræmir og samhæfir vinnu þeirra aðila sem að almannavörnum og öryggismálum koma. Það felur í sér víðtækt samstarf við stofnanir og félagasamtök. Markmiðið er að tryggja öryggi almennings með öflun upplýsinga ásamt vöktun, greiningu og mati á hættu. Í þessu felast m.a. eftirtalin verkefni:

- Áhættuskoðanir þar sem leitast er við að greina og meta hugsanlegar afleiðingar náttúruvár, umhverfisóhappa, hópslysa, hruns fjarskipta- og tölvukerfa, auk hryðjuverka.
- Að upplýsa almenning um hættur, hvernig eigi að varast þær og draga úr afleiðingum þeirra.
- Hafa umsjón með að viðbragðs- og rýmingaráætlanir séu unnar í samvinnu við hlutaðeigandi aðila.
- Að samhæfa, undirbúa og standa að æfingum og þjálfun viðbragðsaðila og tryggja að nauðsynleg úrræði séu til staðar.
- Að bregðast skjótt og örugglega við og stjórna aðgerðum þegar neyðarástand skapast.
- Að vinna með viðbragðsaðilum, almenningi, vísindamönnum og stjórnvöldum með það að markmiði að lágmarka tjón.
- Áætlanagerð og aðstoð við endurreisn eftir áfall. Koma aftur á eðlilegu ástandi í samvinnu við hlutaðeigandi aðila.
- Að vinna á alþjóðlegum vettvangi að uppbyggingu og eflingu almannaoðryggis.

Samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna. Við embætti ríkislögreglustjóra er starfrækt sérstök samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna. Þar fer fram samhæfing almannavarnaviðbragða á hættustundu þegar almannavarnaástand ríkir og við stærri aðgerðir á sviði almannaoðryggis, s.s. vegna leitar og björgunar.

Reynslu af samstarfi allra viðbragðsaðila í samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna ber að nýta við framkvæmd almannavarna- og öryggismálastefnu stjórnvalda. Þar hefur byggst upp mikil þekking og reynsla í hamförum síðustu ára sem mun koma að góðum notum við ráðgjöf til viðbragðsaðila við áhættugreiningu og mótvægisáðgerðir.

Mikilvægt er að samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna sé búin öflugum og öruggum fjarskiptabúnaði.

Greiningardeild ríkislögreglustjóra rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum. Deildin leggur reglulega mat á skipulagða glæpastarfsemi og hættu á hryðjuverkum. Þá annast greiningardeildin bakgrunnsskoðanir og útgáfu öryggisvottana samkvæmt heimildum í varnarmálalögum, loftferðalögum og öðrum sérlögum.

Þegar Varnarmálastofnun var lögð niður færðust verkefni hennar við hættumatsgerð og sem þjóðaröryggisstjórnvald (National Security Authority, NSA) til ríkislögreglustjóra. Greiningardeildin hefur haft þessi verkefni með höndum og hefur sú tilhögun gefist vel. Ríkislögreglustjóri tekur þátt í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi um öryggismál. Má þar nefna samstarf við öryggisþjónustustofnanir lögreglu á Norðurlöndum, samstarf innan borgaralegrar greiningardeildar NATO (NATO Civilian Intelligence Committee), einnig innan PWGT (Police Working Group on Terror), sem er samstarfsvettvangur Evrópuríkja gegn hryðjuverkum, og Europol.

Sérsvait ríkislögreglustjóra er sérþjálfað lögreglulið sem sinnir vopnuðum lögreglustörfum og öryggismálum, þar með talið vegna hryðjuverkaógnna og stórfelldra ofbeldisbrota. Sveitin aðstoðar lögregluliðin hvarvetna á landinu, annast m.a. handtökur hættulegra brotamanna og hústökuaðgerðir vegna fíkniefnamála. Þá er sérsvaitin liðsstyrkur fyrir almannavarnadeild þegar neyðarástand skapast. Hún gegnir megin viðbúnaðarhlutverki varðandi hryðjuverkavarnir, s.s. vegna árása, sprengjutilræða, gíslatöku, flugrána og sjórána. Sveitin ber þannig ábyrgð á aðgerðum vegna hryðjuverkaviðbúnaðar á sjó og


landi og undir hana falla samningaviðræður við gíslatöku, viðbúnaður vegna sprengju-tilfella og öryggisgæsla þegar á þarf að halda, vegna opinberra heimsókna frá útlöndum.

Alþjóðadeild annast alþjóðasamskipti og boðskipti á sviði löggæslu og er þjónustu- og tengslaskrifstofa vegna alþjóðlegs samstarfs. Deildin fer með hlutverk Sirene-skrifstofu vegna Schengen-samstarfsins. Aðildarríkin starfrækja öll slíkar skrifstofur (SIRENE. Supplementary Information Request on National Entry). Starfsmenn fara yfir og leggja mat á allar upplýsingar sem skráðar eru í gagnabanka Schengen. Skrifstofur þessar eru einnig eins konar miðpunktur lögregluembættu í viðkomandi landi, sem og gagnvart öðrum Schengen-löndum þegar dreifa skal upplýsingum í gegnum gagnabankann. Þá annast alþjóðadeild það verkefni að vera landsskrifstofa Íslands fyrir samstarfið við Interpol og Europol. Embætti ríkislögreglustjóra sinnir að auki margvíslegu samstarfi við lögreglulið á Norðurlöndunum. Þátttaka í samvinnu á grundvelli Schengen-samstarfsins og rekstur gagnagrunna lögreglu er einn af mikilvægustu þáttum í starfi alþjóðadeildarinnar. Deildin kemur að landamæravörslu með yfirferð á áhafna- og farþegalistum skipa sem koma til landsins frá löndum utan Schengen-svæðisins. Hún sér einnig um flutning einstaklinga sem sæta framsali til og frá landinu. Þá annast deildin framkvæmd á fylgd fólks úr landi sem sætt hefur brottvísun Útlendingastofnunar á grundvelli útlendingalaga og veitir lögreglustjórum aðstoð vegna frávísunar lögreglu á landamærum við framkvæmd landamæravörslu.

Landhelgisgæsla

Landhelgisgæslan gegnir lykilhlutverki í löggæslu- og öryggismálum hér á landi. Með öflugri öryggisgæslu og löggæslu, eftirliti, leit og björgun ber Landhelgisgæslunni að stuðla að öryggi sjófarenda, fólksins í landinu og verndun auðlinda. Meginhlutverk Gæslunnar, samkvæmt lögum sem um hana gilda, er að fara með löggæslu og öryggisgæslu á hafsvæðinu í kringum landið og gæta ytri landamæra. Samkvæmt samþykktum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) ber Landhelgisgæslan ábyrgð á leitar- og björgunarstarfi vegna skipa og loftfara á geysistöru svæði á Norður-Atlantshafi. Svæðið er 1,9 milljón ferkílómetra að stærð, mun umfangsmeira en íslenska efnahagslögsagan er og má sjá umfang leitarsvæðisins á eftirfarandi mynd.

Mynd 6. Leitarsvæði Landhelgisgæslunnar



Landhelgisgæslan er mikilvægur hluti af viðbúnaði almannavarna og löggæslu- og öryggiskerfisins. Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að efla viðbúnað Gæslunnar og býr hún nú yfir öflugum skipa- og flugkosti og vel þjálfuðu starfsfólki. Viðbragðsgeta hennar hefur eflst til muna á síðustu árum með nýrri flugvél og nýju varðskipi sem eru búin fullkomnum tækjabúnaði. Gæslan er því betur í stakk búin en áður til að sinna hlutverki sínu, hvort heldur sem litið er til gæslu landhelginnar, björgunarstarfa eða mengunarvarna. Þá verður hugað að því hvernig nota megir í ríkari mæli þá tækni sem felst í fjareftirlitskerfum til að afla vitneskju um alla skipaumferð innan efnahagslögsögunnar þannig að eftirlit verði markvissara.

Grunneiningar Landhelgisgæslunnar eru:

Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar er miðstöð starfseminnar. Þar er öll starfsemin samhæfð. Stjórnstöðin er fjarskiptastöð fyrir varðskip, gæslulöftför, sprengjudeild og aðrar einingar stofnunarinnar og jafnframt einingar erlendra öryggisstofnana sem eru á hafsvæðinu við Ísland. Einnig er stjórnstöðin tengiliður við björgunar- og öryggisstofnanir í nágrenni Íslands. Hún sér um alla neyðarsímsvörun fyrir Landhelgisgæsluna og boðar gæslueiningar og viðbragðsaðila í útköll, samhefir verkefni þeirra og sér um fjarskipti.

Stjórnstöðin er björgunarstjórnstöð sjófarenda og loftfara (Joint Rescue Coordination Centre, JRCC - Ísland) sem er sameiginleg eining MRCC (Maritime transport safety and security co-ordination Centre) og ARCC (Aeronautical Rescue Co-ordination Centre). Hún er ábyrg fyrir skipulagningu leitar- og björgunarþjónustu fyrir sjófarendur og loftför og samhefingu framkvæmdar leitar- og björgunaraðgerða innan íslenska leitar- og björgunarsvæðisins. Í almannavarnatilfellum er samhefingarstöð almannavarna m.a. mönnum starfsmönnum stjórnstöðvar.

Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar er fjareftirlits- og fiskveiðieftirlitsstöð þar sem fjareftirlitskerfi vegna siglinga, fiskveiða og mengunar eru vöktuð. Hún tekur við tilkynningum frá innlendum og erlendum skipum vegna siglinga þeirra um lögsöguna, komu þeirra til hafna vegna Schengen-samkomulagsins og siglingaverndar. Stöðin er samskiptaaðili við hafnafirvöld vegna siglinga- og hafnaverndar, kemur á framfæri tilkynningum um siglingaöryggi til sjófarenda, tekur á móti tilkynningum vegna mengunar og annarra þátta sem lúta að öryggi siglinga. Þannig hefur stjórnstöðin heildaryfirsýn yfir skipaumferð innan og við efnahagslögsögu Íslands.

Starfsemi Vaktstöðvar siglinga fer fram innan stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar á grundvelli sérstaks samnings.

Varðskip Landhelgisgæslunnar eru öflug björgunar- og löggæsluskip, hönnuð til starfa á erfiðu hafsvæði við Ísland. Þau sinna daglegu eftirliti í efnahagslögsögunni auk leitar og björgunar, aðstoðar við skip, sjófarendur og íbúa í dreifðum byggðum. Skipin eru mikilvægur þáttur í viðbragðskerfi almannavarna og lykileiningar þegar almannavarnaástand verður á sjó. Varðskipin eru öflug flutningatæki auk þess sem hægt er að útbúa þau sem færanlega stjórnstöð. Þá geta þau með vélabúnaði sínum framleitt rafmagn sem setja má inn á dreifikerfi sveitarfélaga og landshluta. Áhafnir varðskipanna eru þjálfðar til löggæslustarfa, leitar og björgunar, slökkvistarfa, köfunar, aðstoðar við björgun á landi, mengunarvarna og fleiri þátta sem varða öryggisgæslu á sjó. Varðskipið Þór er sérstaklega öflugt með ofangreinda þætti í huga.

Flugvél Landhelgisgæslunnar er langdræg eftirlits-, leitar- og björgunarvél, hönnuð fyrir erfiðar aðstæður á norðurslóðum. Hún er sérstaklega búin til leitarflugs. Hægt er að sinna

vettvangsstjórn frá flugvélinni og er hún hugsuð sem fyrsta vettvangsstjórnunar- og leitareining þegar sjóslys verða. Mögulegt er að flytja 22 farþega eða 2-3 sjúkrabörur og nýttist vél þannig bæði til flutnings á björgunarliði og sjúklingum. Flugvélin er búin fullkominni ratsjá sem getur kortlagt mannvirki á landi og breytingar á landi og jöklum. Þannig er hægt að vakta flóðasvæði og eldstöðvar. Þá getur vélin verið endurvarpi fyrir neyðarfjarskiptakerfi á sjó og landi (Tetra).

Þýrlur Landhelgisgæslunnar eru ein öflugustu björgunartæki landsins, hvort sem er á sjó eða landi. Gæslan hefur yfir að ráða þremur björgunarþýrlum sem eru hannaðar til löggæslu, leitar og björgunar. Leitast er við að hafa tvær mannaðar þýrlur til taks hverju sinni. Áhafnir þýrlanna eru tvær, önnur er ávallt mönnuð lækni en auk þess eru tveir sjúkraflutningamenn í hvorri áhöfn.

Þýrlusveitin æfir reglulega með öðrum viðbragðsaðilum á sjó og landi og eru virkar áætlanir um samstarf hennar og annarra björgunaraðila, eins og t.d. undanfarasveita Landsbjargar og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Þýrlurnar nýtast ekki eingöngu við björgunarstörf, þær eru einnig gagnlegar við eftirlit með eldstöðvum og flóðasvæðum og eru notaðar til að þjónusta jarðskjálftamæla.

Sprengjusveit Landhelgisgæslunnar sér um að gera óvirkar og eyða sprengjum sem finnast á sjó og landi. Þegar um sprengjueyðingu og tengd verkefni á landi er að ræða vinnur sveitin í samvinnu við lögreglu, svo sem í verkefnum sérsveitarinnar við öryggisgæslu og sprengjuleit í höfnum og meðhöndlun á hættulegum varningi flugsveita sem sinna loftrýmisgæslu. Þjálfun í meðferð skotvopna og köfunarþjálfun áhafna Landhelgisgæslunnar er í höndum sprengjusveitarinnar.

Lofthelgis- og öryggismálasvið Landhelgisgæslunnar annast til bráðabirgða daglega framkvæmd öryggis- og varnartengdra verkefna hér á landi samkvæmt varnarmálagögum á grundvelli samkomulags ráðherra og utanríkisráðherra. Verkefnin lúta m.a. að daglegum rekstri varnar-, öryggis- og upplýsingakerfa NATO hér á landi og íslenska loftvarnakerfisins, rekstri öryggissvæða og mannvirkja, Vegna þessara verkefna starfrækir Landhelgisgæslan stjórnstöð og mannvirki í Keflavík og ratsjár- og fjarskiptastöðvar því tengdu hérlendis. Ratsjár- og fjarskiptastöðvarnar eru búnar fullkomnum ratsjárefirlitsbúnaði til eftirlits með flugumferð, fjarskiptabúnaði til samskipta milli stjórnstöðvar á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli við herflugvél og herskip, m.a. með gagnatengingum sem einnig tengja stjórnstöðina við herskip og herflugvélar. Lofthelgis- og öryggismálasvið er ávallt með upplýsingar um ferðir herskipa og herloftfara við Ísland. Á öryggissvæði Landhelgisgæslunnar í Keflavík er aðstaða til að setja upp björgunarmiðstöð, t.d. fyrir erlenda björgunaraðila.

Alþjóðlegt samstarf. Landhelgisgæslan hefur um árábil tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi um öryggi á Norður-Atlantshafi. Gæslan er einn af stofnaðilum North Atlantic Coast Guard Forum, sem er alþjóðlegt samstarf löggæslu-, eftirlits- og öryggisstofnana á Norður-Atlantshafi. Hún er í samstarfi við strandgæslur nágrannaríkja á sviði vöktunar, löggæslu, leitar og björgunar. Þá hefur Landhelgisgæslan yfirtekið ýmis verkefni sem Varnarmálastofnun hafði á sinni könnu. Þannig sinnir hún rekstri íslenska loftvarnakerfisins, þar sem fram fer m.a. vöktun á umferð um íslenskt loftrými með frumratsjám, og er þar af leiðandi í samskiptum við herstjórnarstöðvar NATO.

Til að styrkja samstarf við grannríki hefur verið gerður samstarfssamningur við Dani og Norðmenn um eftirlit, leit og björgun á Norður-Atlantshafi og einnig við bandarísku strand-

gæsluna. Við brotthvarf bandaríska herliðsins frá Keflavíkurflugvelli haustið 2006 tókst Landhelgisgæslan á hendur aukna ábyrgð í öryggismálum og sinnir nú allri leitar- og björgunarstarfsemi þýrlna í landinu.

Þegar horft er til starfsemi og reksturs Landhelgisgæslunnar á næstu árum verður við áhættugreiningu og gerð viðbragðsáætlana að taka mið af ógnum sem stafa af loftslagsbreytingum. Aukin skipaumferð á norðurslóðum mun krefjast vaxandi viðbúnaðar, öflugri landhelgis- og öryggisgæslu og varðstöðu um íslenska hagsmunir. Mikilvægt er að stuðla að auknu samstarfi um eftirlit og vöktun á Norður-Atlantshafi með sérstöku tilliti til mengunarslysa og annarra umhverfisógnna.

Vaktstöð siglinga

Hlutverk Vaktstöðvar siglinga er að tryggja öruggar siglingar í efnahagslögsögunni, öryggi skipa, farþega og áhafna auk þess að efla varnir gegn mengun sjávar frá skipum.

Vaktstöð siglinga var sett á fót af Siglingastofnun Íslands í samræmi við ákvæði laga um Vaktstöð siglinga. Siglingastofnun heyrir nú sögunni til og falla verkefni hennar á þessu sviði undir Vegagerðina. Á grundvelli samstarfssamnings Siglingastofnunar, Landhelgisgæslunnar, Neyðarlínunnar og Slysavarnafélagsins Landsbjargar var Vaktstöðin sameinuð stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands á árinu 2004. Í gildi er samstarfssamningur milli Vegagerðarinnar og Neyðarlínunnar sem gert hefur samning við Landhelgisgæslu Íslands um mönnun stöðvarinnar, en endurmat á framtíðartilhögun er hafið. Samgöngustofa fer með stjórnsýslu og eftirlit með starfseminni.

Starfsemi Vaktstöðvar siglinga felst í:

- Vöktun og eftirliti með sjálfvirk tilkynningarkerfi skipa (STK), þ.m.t. sjálfvirku alþjóðlegu auðkenningarkerfi skipa (AIS).
- Móttöku og miðlun tilkynninga frá skipum sem flytja hættulegan og/eða mengandi varning.
- Móttöku og miðlun neyðarkalla til viðeigandi aðila auk tilkynninga um óhöpp eða slys á sjó.
- Móttöku og miðlun tilkynninga frá farþegaskipum vegna talningar og skráningar farþega.
- Vöktun á alþjóðlegu neyðar- og öryggisfjarskiptakerfi skipa (GMDSS) fyrir þjónustu alþjóðlegs viðvörunarkerfis (NAVTEX).
- Skráningu skipa sem falla undir hafnaríkiseftirlit.
- Móttöku tilkynninga og miðlun upplýsinga um bilanir í vitakerfinu og farartálma á sjó.
- Samskiptum við hafnir sem skilgreindar hafa verið af Siglingastofnun (nú Samgöngustofu) sem neyðarhafnir.

Í Vaktstöð siglinga hefur verið lögð áhersla á að saman fari vöktun hafsvæðisins og viðbragð til að tryggja löggæslu á hafinu og skjót viðbrögð vegna leitar og björgunar.

Póst- og fjarskiptastofnun

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) er m.a. að tryggja aðgengilega og örugga fjarskiptaþjónustu fyrir alla landsmenn í upplýsingasamfélagi nútímans. Stofnunin gegnir mikilvægu öryggishlutverki gagnvart almenningi og er í samstarfi við aðra sem vinna að öryggismálum á netinu.

Póst- og fjarskiptastofnun starfrækir netöryggissveit sem er öryggis- og viðbragðshópur til verndar ómissandi upplýsingainnviðum gegn netárásum. Markmið sveitarinnar er að tryggja að skilgreind öryggismörk standist þegar ógnir steðja að eða ef veitur myndast, t.d. vegna mannlegra mistaka eða skemmdarverka, sem stofna í hættu leynd, réttleika og tiltækileika upplýsinga í fjarskiptanetum. Þá er sveitinni ætlað að draga úr hættu á netárásum og öðrum öryggisatvikum eins og kostur er og sporna við og lágmarka tjón á upplýsingainnviðum sem af slíku kann að hljóta.

Sveitin kallast CERT-ÍS og gegnir hlutverki CERT-netöryggissveitar fyrir Ísland. Hún er tengiliður íslenskra stjórnvalda í innlendu og alþjóðlegu samstarfi um viðbragðsvarnir vegna net- og upplýsingaöryggis. Jafnframt starfar þjónustuhópur netöryggissveitarinnar sem annars vegar er skipaður af fulltrúum fjarskiptafyrirtækja sem reka almenn fjarskiptanet og/eða veita aðgang að Internetinu og internetþjónustu og hins vegar rekstraraðilum upplýsingainnviða sem samkvæmt sérstökum þjónustusamningi við netöryggissveitina gerast aðilar að þjónustuhópnum. Þau net sem hópurinn hefur eftirlit með mynda svonefnt netumdæmi og öryggisatvik innan þess njóta forgangs að þeirri þjónustu sem netöryggissveitin veitir.

Þá hefur PFS því almenna hlutverki að gegna að stuðla að net- og upplýsingaöryggi. Hefur stofnunin m.a. gefið út reglur um öryggi upplýsinga í almennum fjarskiptanetum um vernd þeirra og virkni og með því lagt grunn að skjalfestu öryggisskipulagi fjarskiptafyrirtækja. Í reglunum er gerð sú krafa til fjarskiptafyrirtækja að þau framkvæmi áhættumat og geri öryggisráðstafanir til samræmis við það. PFS framkvæmir úttektir og prófanir sem grundvallast á forsendum um gæði öryggisskipulagsins.

Framangreint fyrirkomulag byggist á því að um almenn fjarskiptanet sé að ræða sem eru í einkaeigu og skiptir þá ekki öllu hvort þau þjóna tilgangi fyrir almannavarnakerfið og neyðarfjarskipti. Hins vegar eru fjarskiptainnviðir hluti af ómissandi upplýsingainnviðum sem treyst er á þegar almannavarnaástand ríkir. Því er nauðsynlegt að opinberir aðilar skilgreini lágmarkaöryggiskröfur þeim til verndar og fjármagni eftir atvikum þann kostnað sem af slíkum kröfum hlýst.

Neyðarlínan ohf.

Hlutfélagið Neyðarlínan ohf. sem er í eigu ríkisins og Reykjavíkurborgar var stofnað um rekstur vaktstöðvar til að annast neyðarsímsvörun á grundvelli samnings við stjórnvöld. Í neyðarsímsvöruninni er tekið á móti og greindar tilkynningar um fólk í neyð, eignir og umhverfi sem hætta steðjar að eða hefur þegar orðið fyrir tjóni. Beiðnum um aðstoð er komið áfram til viðeigandi aðila: lögreglu, slökkviliðs, björgunarsveita og sjúkraflutningaliðs, auk boðunar á annarri neyðaraðstoð.

Samgöngustofa

Samgöngustofa tók til starfa árið 2013 og annast hún stjórnslu samgöngumála, samskipti við alþjóðastofnanir um samgönguöryggi og viðhald alþjóðlegra viðurkenninga sem eru forsendur starfshæfni margra íslenskra fyrirtækja og einstaklinga. Stofnunin sér m.a. um undirbúning og innleiðingu laga og regluverks er lúta að starfsviði hennar, leyfisveitingar og eftirlit, auk þess að hafa yfirumsjón með öryggisáætlunum, fræðslu- og kynningarmálum fyrir allar samgöngugreinar.

Samgöngustofa sinnir verkefnum á sviði stjórnslu flugmála, flugleiðsögu, flugverndar og flugöryggis þ.m.t. eftirlit með flugtengdum rekstri og starfsleyfum einstaklinga. Miklar

kröfur eru gerðar til flugs og fyrirtækja í flugtengdum iðnaði, sem eru að mestu leyti alþjóðlegar og þarf stofnunin og starfsemi hennar á þessu sviði reglulega að standast erlendar gæðaúttektir enda mikið í húfi að eftirliti og þjónustu sé rétt sinnt. Samgöngustofa sinnir einnig skyndiskoðunum á erlendum loftförum.

Á sviði siglinga annast Samgöngustofa skráningar, leyfisveitingar og eftirlit með skipaflota landsins. Gefin eru út skírteini til einstaklinga og veittar heimildir til hvers konar reksturs. Samgöngustofa annast eftirlit og stjórnýslu með öryggi hafnamannvirkja og leiðsögu á sjó. Siglingavernd fellur undir starfsvið stofnunarinnar auk hafnaríkiseftirlits með erlendum skipum. Stofnunin sinnir alþjóðlegu samstarfi þ.m.t. aðlögun alþjóðlegra reglugerða að íslensku lagaumhverfi.

Loks sinnir Samgöngustofa stjórnýslu og eftirlit umferðarmála, þ.m.t. skráningu ökutækja, útgáfu starfsleyfa til skoðunarstöðva svo eitthvað sé nefnt.

Öryggisáætlanir í samgöngum eru nú allar hjá Samgöngustofu, þrjár talsins flugöryggisáætlun, umferðaröryggisáætlun og öryggisáætlun sjófarenda.

Landlæknir – Sóttvarnalæknir

Embætti landlæknis ber ábyrgð á framkvæmd sóttvarna undir yfirstjórn velferðarráðherra. Sóttvarnalæknir starfar við embætti landlæknis og ber ábyrgð á sóttvörnum. Markmið sóttvarna er að vernda almenning gegn smitandi sjúkdómum og öðrum óvæntum atburðum sem ógna heilsu fólks. Hlutverk sóttvarnalæknis er:

- Að skipuleggja og samræma sóttvarnir og ónæmisaðgerðir um land allt, m.a. með útgáfu leiðbeininga um viðbrögð við farsóttum.
- Að halda smitsjúkdómaskrá til að fylgjast með útbreiðslu smitsjúkdóma með öflun nákvæmra upplýsinga um greiningu þeirra frá rannsóknastofum, sjúkrahúsum og læknum.
- Að halda skrá um sýklalyfjanotkun sem valdið getur ónæmi sýkla gegn sýklalyfjum.
- Að koma upplýsingum um útbreiðslu smitsjúkdóma, innan lands sem utan, til lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna með reglubundnum hætti og eftir þörfum.
- Að vera læknum og öðrum sem við sóttvarnir fást til ráðgjafar.
- Að hafa umsjón með forvörnum gegn smitsjúkdómum, m.a. fræðslu og upplýsingum til almennings.

Sóttvarnir eru eðli máls samkvæmt alþjóðlegar enda virða farsóttir engin landamæri. Íslendingar taka þátt í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði.

Geislavarnir ríkisins

Hlutverk Geislavarna ríkisins er að annast öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislataekjum. Stofnunin á að tryggja nauðsynlegar öryggisráðstafanir gegn geislun í því skyni að takmarka skaðleg áhrif hennar og gæta þess að geislun á fólk, vegna allrar starfsemi sem lög um geislavarnir taka til, sé eins lítil og unnt er.

Geislavarnir ríkisins annast m.a.:

- Reglubundið mat á heildargeislaálagi á almenning.
- Vöktun og rannsóknir á geislavirkum efnum í matvælum og umhverfi.
- Viðbúnaðar við hvers kyns geislavá, m.a. greiningu á ógn af hennar völdum, samhfæingu viðbúnaðar við alþjóðleg viðmið, rekstur viðbúnaðar- og geislaælikerfa o.fl.
- Samvinnu við erlendar stofnanir á sviði geislavarna og kjarnorkumála.

Viðbúnaður Geislavarna ríkisins er fjölþættur og takmarkast ekki við heilsufarslegar afleiðingar geislavirkra efna. Á vegum stofnunarinnar fer fram eftirlit með geislavirkum efnum og notkun þeirra hér á landi. Geislun er vöktuð með fjórum síritandi mælistöðvum, einni í hverjum landsfjórðungi. Geislavarnir veita ráðgjöf til stjórnvalda, almennings og viðbragðsaðila um viðbrögð við geislavá og kostar kapps um að geta brugðist skjótt við með áreiðanlegu mati á hugsanlegum afleiðingum geislavár. Hluti viðbúnaðar Geislavarna byggist á samningum og samstarfi við erlenda aðila.

Geislavarnir eru eðli máls samkvæmt alþjóðlegar enda virða geisla- og kjarnorkuslys engin landamæri. Íslendingar taka þátt í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi um geislavarnir.

Veðurstofa Íslands

Veðurstofa Íslands er öryggisstofnun og vinnur náið með almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Helstu verkefni hennar eru:

- Að annast vöktun vegna náttúruvá og gefa út viðvaranir og spár um yfirvofandi hættu af völdum veðurs og veðurtengdra þátta, jarðskjálfta, eldgosa, hlaupa, vatnsflóða og ofanflóða.
- Að annast mælingar á snjóalögum, jöklabúskap og kortlagningu á ísalögum fallvatna og stöðuvatna.
- Að annast mælingar á hvers kyns jarðhræringum, jarðspennu, kvikuhreyfingum og hægum jarðskorpuhreyfingum, auk þess að safna upplýsingum um eldgos og öskufall.
- Að kortleggja jarðskjálftavirkni á landinu og fylgjast með breytingum á jarðskjálftavirkni.
- Að sinna verkefnum á sviði ofanflóðavarna, sbr. lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.
- Að vinna hættumat vegna náttúruhamfara að beiðni almannavarnayfirvalda eða annarra stjórnvalda.

Enn fremur er hafin vinna sem tengist gróðureldum. Markmiðið er að byggja upp vöktun á breytum sem eru fyrirboðar gróðurelda í þeim tilgangi að gera spá um hættu á þeim.

Þá fara fram rannsóknir á vegum stofnunarinnar með það að markmiði að afla þekkingar á ýmsum eðlisþáttum lofts, láðs og lagar og auka þekkingu á náttúrufari. Rannsóknirnar skila sér í betri vöktun og viðvörðunum vegna náttúruvá og renna stoðum undir traustara hættumat.

Vöktun á náttúrunni fer fram allan sólarhringinn alla daga ársins. Brýnt er að ekki verði truflanir á starfsemi stofnunarinnar þar sem viðvaranir og viðbragðsáætlanir geta komið í veg fyrir dauðsföll eða eignaspjöll.

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun sinnir ýmsum verkefnum á sviði öryggismála, s.s. varðandi hollustu-hætti og mengunarvarnir, eiturefni og hættuleg efni almennt. Einnig hefur stofnunin hlutverki að gegna við framkvæmd á samningi um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra. Þá starfar hún á sviði brunavarna og sóttvarna.

Til viðbótar ofangreindu sinnir Umhverfisstofnun m.a. verkefnum á eftirtöldum sviðum:

- Eftirlit og leyfisveitingar.
- Samræmingarhlutverk vegna heilbrigðis- og mengunarmála.
- Söfnun og miðlun upplýsinga um ástand umhverfisins og umhverfismál.
- Umsjón með umhverfisluta EES-samningsins.
- Samning reglugerða.
- Leiðbeiningar til opinberra aðila, s.s. sveitarfélaga og fyrirtækja.
- Umsagnir vegna mats á skipulagi og umhverfisáhrifum.

Matvælastofnun

Matvælastofnun (MAST) sinnir stjórnsýslu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla.

Stofnunin vinnur að matvælalöggjöf í samvinnu við atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytið. Löggjöf á þessu sviði er víðtæk – fjallar um heilbrigði og velferð dýra, þ.m.t. er fiskurinn í sjónum, plöntuheilbrigði, fóður, matvælavinnsla og dreifing. Stofnunin sinnir matvælaeftirliti á öllum stigum og hefur yfirumsjón með matvælaeftirliti á vegum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Þá hefur hún eftirlit með öllum inn- og útflutningi á matvælum.

Björgunarsveitir

Starf björgunarsveita Slysavarnafélagsins Landsbjargar er mikilvægur þáttur í viðbragðs-kerfi almannavarna. Starfsemin er skipulögð á landsvísu á þann hátt að starfað er á 16 svæðum með skipulagðri svæðisstjórn. Svæðisstjórnir stjórna björgunaraðgerðum innan hvers svæðis í umboði sveitanna. Til að samræma störf svæðisstjórna á landsvísu er starfandi landsstjórn björgunarsveita sem hefur það hlutverk að samhæfa störf svæðis-stjórna og getur tekið við stjórnun aðgerða á einstökum svæðum ef ástæða þykir til.

Rauði krossinn á Íslandi

Rauði krossinn á Íslandi er hluti af hjálparliði almannavarna samkvæmt samkomulagi um hjálparlið almannavarna og lögum um almannavarnir. Rauði krossinn veitir þolendum hamfara neyðaraðstoð og kemur jafnframt að endurreisnarstarfi.

Verkefni Rauða krossins eru m.a. eftirfarandi:

- Aðkoma að mönnun Samhæfingar- og stjórnstöðvar almannavarna og aðgerðastjórna.
- Starfræksla fjöldahjálparstöðva.

- Skráning og upplýsingagjöf, m.a. í gegnum Hjálparsíma Rauða krossins 1717 og erlend sendiráð og ræðisskrifstofur.
- Umsjón söfnunarsvæða fyrir aðstandendur.
- Starfræksla neyðarmötuneyta fyrir þolendur og hjálparlið.
- Áfallahjálp samkvæmt viðbragðsáætlun um skipulag áfallahjálpar.
- Aðkoma að mönnun þjónustumiðstöðva almannavarna.
- Aðkoma að móttöku erlendra bjarga á neyðartímum í samræmi við ákvarðanir ríkislögreglustjóra.